



UPPLÝSINGASKYLDUR STJÓRNA, STJÓRNENDA OG ENDURSKOÐENDA

Símon Á. Gunnarsson

2010

ML í lögfræði

Höfundur: Símon Á. Gunnarsson

Kennitala: 301253-2659

Leiðbeinandi: Jóhannes Rúnar Jóhannsson

Lagadeild

School of Law

Upplýsingaskyldur stjórnna, stjórnenda og endurskoðenda – útdráttur.

Ritgerð þessi fjallar um þær skyldur sem hvíla á stjórnnum félaga, stjórnendum og endurskoðendum til að veita upplýsingar til hluthafa og annarra haghafa fyrirtækjanna. Teknar eru saman upplýsingar um almennar skyldur félaga, einkum hlutafélaga, á þessu sviði og þær sértæku reglur sem gilda um einingar tengdar almannahagsmunum og aðrar stofnanir þar sem upplýsingaskyldur eru meiri en almennt gerist. Sérstaklega er skoðuð staða endurskoðenda og skyldur þeirra til að veita upplýsingar meðal annars með samanburði við þagnarskyldur þeirra samkvæmt lögum. Farið er yfir nokkra dóma frá síðustu þremur áratugum þar sem reynt hefur á upplýsingaskyldur stjórnenda og endurskoðenda og þá mynd sem þeir sýna af refsíabyrgð þessara aðila.

Þá eru skoðaðar breytingar sem orðið hafa á lagasetningu í öðrum löndum einkum í kjölfar efnahagslegra áfalla, en einnig með hliðsjón af áherslubreytingum í kröfum um upplýsingar um rekstur og stöðu félaga. Þeirri spurningu er varpað fram hvort breytinga sé þörf á ákvæðum laga og reglna um upplýsingaskyldur þessara aðila meðal annars í ljósi hruns bankanna og tengdra atburða hér á landi á síðustu misserum.

Í niðurstöðum kemur fram að hér á landi, líkt og í öðrum löndum þar sem áföll hafa dunið á, hafa þegar verið gerðar breytingar á lögum og fleiri hafa verið boðaðar. Margar þeirra snúa að upplýsingastreymi milli fyrirtækja og hluthafa og milli fyrirtækja og eftirlitsaðila. Engu að síður er það svo að engar reglur geta komið í veg fyrir tjón af völdum sviksemi ef brotavilji stjórnenda er einbeittur. Því er nauðsynlegt að utanaðkomandi kröfur til stjórnna, stjórnenda og endurskoðenda, hvort sem er með lagasetningu eða aðhaldi sem birtist í öðrum myndum, beinist ekki síður að siðferðislegri hegðun og samfélagslegri ábyrgð þessara aðila og fyrirtækjanna sem þeir starfa fyrir.

Disclosure obligations of boards of directors, management and chartered accountants – abstract.

This thesis discusses the obligations of boards of directors, management and chartered accountants to provide information to shareholders and other stakeholders of the corporations. The general obligations of organizations, mainly limited liability companies, in this area are summarized as well as the specific rules applicable to public interest entities and other organizations where additional disclosure requirements apply. The position of chartered accountants is discussed separately and their obligation to provide information is compared to their legal duty of confidentiality. Some court cases from the last three decades are explored with reference to disclosure obligations of directors and chartered accountants and their criminal liability.

The development of legal requirements in other countries is discussed with special reference to changes made following economic blows, but also in the light of changing emphases in the demands for information on companies' performance and position. The question is raised whether there is a need for changes in the requirements of laws and regulations for disclosures by boards, management and chartered accountants, amongst other things in light of the fall of the Icelandic banks and related events in the Icelandic economy during the last eighteen months.

The conclusion is that, similar to what has happened in other countries, changes have already been made to Icelandic laws and others are pending. Many of these changes concern the flow of information between companies and shareholders and between companies and supervisory bodies. No rules or regulations will, however, prevent losses from fraud caused by unethical behavior in the highest degree. It is therefore essential that outside demands on boards of directors, management and chartered accountants, whether imposed by law or other forms of restraint, be aimed at the ethical behavior and social responsibility of the individuals and their respective companies.

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| 1. Inngangur | 1 |
| 2. Lög og reglur um upplýsingaskyldu | 5 |
| 2.1. Reglur ársreikningalaga um upplýsingagjöf | 5 |
| 2.2. Einingar tengdar almannahagsmunum | 14 |
| 2.3. Réttur hluthafa til upplýsinga | 23 |
| 2.4. Dómar og önnur dæmi um rétt hluthafa til upplýsinga | 28 |
| 3. Endurskoðendur og skyldur þeirra | 35 |
| 3.1. Sögulegt yfirlit | 35 |
| 3.2. Núgildandi lög um endurskoðendur | 37 |
| 3.3. Þagnarskylda endurskoðenda | 37 |
| 3.4. Upplýsingaskyldur endurskoðenda | 41 |
| 4. Nokkrir dómar um brot á upplýsingaskyldum stjórnenda og endurskoðenda | 46 |
| 4.1. Hafskipsmálið | 46 |
| 4.2. Ávöxtunarmálið | 48 |
| 4.3. Baugsmálið | 50 |
| 4.4. Mál Atorka Group hf. | 53 |
| 4.5. Samantekt á niðurstöðum dóma | 54 |
| 5. Nýjungar í upplýsingagjöf fyrirtækja | 56 |
| 5.1. Breytingar í kjölfar áfalla | 56 |
| 5.2. Þekkingarverðmæti og skýrslur um þau | 63 |
| 5.3. Upplýsingar um samfélagslega ábyrgð | 67 |
| 6. Samantekt og niðurstöður | 74 |
| 7. Heimildaskrá | 77 |

| | |
|--|----|
| 8. Lög og reglugerðir | 82 |
| 8.1. Íslensk lög | 82 |
| 8.2. Íslenskar reglugerðir | 83 |
| 8.3. Tilskipanir og reglugerðir Evrópusambandsins og SEC | 83 |
| 9. Dómaskrá | 84 |
| 9.1. Hæstaréttardómar | 84 |
| 9.2. Héraðsdómar | 84 |

1. Inngangur.

Fyrr á öldum var atvinnurekstur annaðhvort á vegum ríkisvaldsins eða einstaklinga sem ýmist einir sér eða í samstarfi unnu að þeim verkefnum sem fyrirtækin tóku að sér. Einnig þekktist það fyrirkomulag að þeir sem reksturinn stunduðu fengju með sér samstarfsmenn sem útveguðu fjármagn en komu ekki að öðru leyti að rekstrinum. Allir aðilar sem að rekstrinum komu báru á honum ótakmarkaða ábyrgð þannig að ef illa fór var hægt að ganga að eignum eigendanna.¹ Á miðri 19. öld varð sú breyting á löggjöf að heimilt varð að aðgreina rekstur fyrirtækjanna frá fjárhag þeirra einstaklinga sem fyrir rekstrinum stóðu. Í Englandi varð þessi breyting með setningu „Joint Stock Companies Act“ sem tóku gildi 1844 og síðar „Limited Liability Act“ sem tóku gildi á árinu 1855.² Fyrirtækið varð sjálfstæð lögpersóna, sem gat öðlast réttindi og tekið á sig skyldur, eignast fjármuni og ráðið fólk í vinnu. Grundvallarbreytingin var sú að einstaklingarnir tóku ekki lengur á sig ábyrgð á öllum þeim skuldbindingum sem stofnað var til í rekstrinum heldur takmarkaðist ábyrgð þeirra við það áhættufé, hlutaféð, sem þeir voru tilbúnir að leggja rekstrinum til. Þessi breyting náði bæði til fjölskyldufyrirtækja og fyrirtækja þar sem eignarhaldið var dreift. Með þessum breyttu forsendum í atvinnurekstri var lagður grundvöllur að iðnbyltingunni og þeirri miklu verðmætasköpun og atvinnuuppbyggingu sem henni fylgdu.³ Í byrjun 20. aldarinnar hélt þessi þróun áfram og eignarhald fyrirtækja dreifðist meira en áður. Hlutabréf fyrirtækjanna gengu kaupum og sölum í kauphöllum og verðmæti fyrirtækjanna mótaðist af því gengi sem fékkst fyrir hlutabréfin.⁴

Upplýsingar um viðskipti hafa verið teknar saman frá því snemma á miðöldum. Árið 1494 skrifaði ítalski munkurinn og stærðfræðingurinn Luca Pacioli fyrstur manna um reikningshald og reikningsskil fyrirtækja. Þótt eldri heimildir séu um að menn hafi haldið einhvers konar skrár yfir viðskipti sín, eru skrif Pacioli þau fyrstu sem greina það rökræna samband sem er á milli flæðimynda og tveggja stöðumynda í tímans rás, þ.e. rekstrarreiknings annars vegar og efnahagsreiknings hins vegar. Um leið

¹ Tricker, Bob, *Corporate Governance, Principles, policies and practices*, New York, 2009, bls. 8.

² Solomon, Jill, *Corporate Governance and Accountability*, 2. útgáfa, Chichester Englandi, 2007 bls. 3.

³ Tricker, *Corporate Governance*, bls. 8 - 9.

⁴ Saga kauphallanna nær þó lengra aftur. Til dæmis er saga New York Stock Exchange rakin allt aftur til ársins 1792, en fastmótaðar reglur um viðskiptin voru settar í byrjun 20. aldar. Sjá: NYSE Euronext Corporate Timeline, aðgengileg á <http://www.nyse.com>.

setti hann fram það sem kalla má kjarnann í tvíhliða bókhaldi, sem er sú staðreynd að eignir samsvari skuldum og eigin fé í rekstrinum. Af þessari ástæðu hefur Pacioli verið kallaður faðir reikningshaldsins.⁵ Allt frá upphafi hafa reikningsskilin haft þann tvíþætta tilgang að lýsa annars vegar því gerst hefur á ákveðnum tíma og stöðu viðfangsefnisins á ákveðnum tímamarki og hins vegar að veita lesandanum upplýsingar sem hann getur byggt á spá sína um framtíð þess rekstrar sem lýst er. Að þessu leyti má líkja reikningshaldi við veðurfræði þegar ákveðnar þekktar staðreyndir í fortíð og nútíð eru notaðar til að spá fyrir um horfur í framtíðinni. Pacioli gerði sér grein fyrir þýðingarmiklu hlutverki reikningsskilanna, því að „tíð reikningsskil eru grundvöllur langvarandi vináttu“.⁶

Um leið og eignarhald fyrirtækja dreifðist með tilkomu virkra hlutabréfamarkaða, myndaðist bil á milli eigenda félaganna, hluthafanna, og þeirra sem stjórna þeim frá degi til dags. Hagsmunir stjórnenda fara ekki alltaf saman við hagsmuni eigenda og þegar á 18. öld hafði Adam Smith bent á einfalda staðreynd í þessu sambandi: „Ekki er hægt að reikna með að stjórnendur fyrirtækja, sem annast fjármuni annars fólks geri það af sömu árvekni og þeir myndu sýna með sína eigin fjármuni.“⁷ Síðar var farið að tala um umboðsvanda (e. agency problem) í þessu sambandi. Með almennum orðum má segja að umboðsvandi komi upp þegar „... hagsmunir eins aðila, sem nefndur er umbjóðandi, ráðast af athöfnum annars aðila, sem kallaður er umboðsmaður.“⁸ Í rekstri hlutafélaga eru það hluthafarnir sem eru umbjóðendur en stjórnendur umboðsmenn. Til þess að fylgjast með og stjórna umboðsmönnum sínum kjósa hluthafarnir félaginu stjórn. Hlutverk stjórnarinnar er meðal annars að móta stefnu félagsins, ráða stjórnendur til að framfylgja stefnunni, hafa yfirumsjón með rekstrinum og gera hluthöfunum grein fyrir störfum sínum og rekstri fyrirtækisins. Athafnir stjórnar eru bundnar lögum, reglugerðum og ákvörðunum hluthafa á hluthafafundum.⁹

⁵ Stefán Svavarsson, „Um þróun reikningsskila fyrirtækja“. Í *Afmælisriti Félags löggiltra endurskoðenda*, Reykjavík, 1995, bls. 76.

⁶ Sama heimild, bls. 77.

⁷ Tricker, *Corporate Governance*, bls. 217.

⁸ Hansmann, Henry, og Kraakman, Reiner, „Agency Problems and Legal Strategies“. Í Kraakman, Reiner, et.al., *The Anatomy of Corporate Law, A Comparative and Functional Approach*, New York 2004, bls. 21

⁹ Cadbury, Adrian, *Report of the Committee on the Financial Aspects of Corporate Governance*, London 1992, bls. 15.

Ein mikilvægasta tækið sem stjórn félags hefur til að gefa hluthöfum skýrslu um störf sín og starfsemi félagsins er ársreikningur þess. Samkvæmt 3. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 bera stjórn og framkvæmdastjóri ábyrgð á samningu ársreiknings samkvæmt þeim reglum sem löggin mæla fyrir um. Auk þeirra tölulegu yfirlita og skýringa sem ársreikningurinn hefur að geyma, eru skýrsla stjórnar og áritun endurskoðanda hluti af ársreikningi félags. Ársreikningurinn er lagður fyrir aðalfund til samþykktar en hann skal lagður fram í það minnsta einni viku fyrir aðalfund.

Hlutverk endurskoðanda er að gefa hluthöfunum utanaðkomandi og óháða staðfestingu þess að upplýsingar stjórnar og framkvæmdastjóra séu eðlilega fram settar og gefi glögga mynd af afkomu félagsins, stöðu þess og breytingu á handbæru fé eins og segir í staðlaðri áritun endurskoðanda á ársreikninga.¹⁰ Grundvöllur starfa endurskoðenda er það traust sem þeir njóta í samfélaginu. Segja má að í störfum sínum byggji þeir á orðsporshöfuðstól (e. reputational capital) sínum og leggi hann að veði með staðfestingum sínum á reikningsskilum viðskiptamanna sinna.¹¹

Notendur ársreikninga og annarra upplýsinga, sem stjórn og stjórnendur veita um rekstur félags, eru ekki einungis hluthafar heldur einnig aðrir þeir aðilar sem hagsmuna hafa af rekstri félagsins. Hafa þeir einu nafni verið kallaðir haghafar (e. stakeholders) og má nefna sem dæmi starfsmenn, lánardrottna, skattyfirvöld, eftirlitsaðila og ýmis hagsmunasamtök sem telja rekstur félagsins hafa áhrif á þá hagsmuni sem þau vilja verja. Upplýsingagjöf stjórnar og stjórnenda verður að taka mið af þörfum þessara haghafa og almennt má halda því fram að sú upplýsingagjöf sem gagnist hluthöfum best sé sú sem tekur jafn tillit til þarfa hluthafa og annarra haghafa, því þannig verður hagur fyrirtækisins bestur til lengri tíma litið.¹²

Um upplýsingaskyldur stjórnar, stjórnenda og endurskoðenda gilda ýmis lög og reglur. Það er markmið þessarar ritgerðar að gera grein fyrir þeim helstu sem um þessi efni gilda hér á landi og fjalla um þýðingu ýmissa ákvæða. Farið verður yfir nokkra dóma þar sem reynt hefur á upplýsingaskyldur og ábyrgð stjórnenda og

¹⁰ Sama heimild, bls. 15.

¹¹ Coffee, John, *Gatekeepers*, New York 2006, bls. 3.

¹² Solomon, *Corporate Governance*, bls. 14.

endurskoðenda. Reynt verður að svara spurningunni hvort breytinga sé þörf á ákvæðum laga og reglna um upplýsingaskyldur þessara aðila meðal annars í ljósi atburða síðustu missera hér á landi.

2. Lög og reglur um upplýsingaskyldu.

Sem fyrr segir kemur skylda stjórnar og stjórnenda til að veita upplýsingar fram í ýmsum lögum og reglum. Í þessum kafla er gerð grein fyrir þessum skyldum og jafnframt fjallað um rétt hagsmunaaðila til upplýsinga sem og sérstakar skyldur endurskoðenda í þessu sambandi. Verður fyrst fjallað um almennar reglur ársreikningalaga og annarra laga sem ná til allra félaga. Síðan verða teknar til skoðunar þær reglur sem gilda fyrir félög sem skráð hafa verðbréf sín á skipulögðum verðbréfamarkaði og önnur félög og stofnanir sem sérstakar reglur gilda um.

2.1. Reglur ársreikningalaga um upplýsingagjöf.

Núgildandi lög um ársreikninga nr. 3/2006 eru að uppistöðu lög sem sett voru á árinu 1994¹³ í framhaldi af aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu (EES), en samningurinn um EES kveður sérstaklega á um að íslenskri löggjöf um bókhald og ársreikninga verði breytt.¹⁴ Þetta eru fyrstu lögin sem sett hafa verið um form og innihald ársreikninga, en frá árinu 1978 höfðu lög um hlutafélög haft að geyma allitarleg ákvæði um ársreikninga.¹⁵ Fyrir þann tíma var í lögum um bókhald frá árinu 1968 að finna ákvæði um gerð ársreikninga.¹⁶ Ekki voru þessi ákvæði, né heldur ákvæði laga um hlutafélög frá árinu 1921,¹⁷ þó nákvæmari en svo að í reynd voru það lög um tekjuskatt og eignarskatt sem réðu mestu um mat á rekstrarafkomu og efnahagslegri stöðu fyrirtækja allt fram á níunda áratug síðustu aldar.¹⁸

Við setningu laganna um ársreikninga á árinu 1994 var byggt á tilskipunum Evrópusambandsins og hliðsjón höfð af dönskum lögum um ársreikninga sem eru byggð á tilskipununum. Líkt og á öðrum sviðum er markmið viðkomandi tilskipana að stuðla að samræmingu uppsetningar og efnis ársreikninga þar með talið skýrslu stjórnar. Í þessu felst einnig samræming þeirra matsaðferða sem notaðar eru og samræming þess hvernig þessi gögn eru birt til að vernda hagsmuni félagsmanna og

¹³ Lög um ársreikninga nr. 144/1944.

¹⁴ Frumvarp til laga um ársreikninga, þskj. 73, 73. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/118/s/0073.html> [sótt á vefinn 13. 02. 2010]

¹⁵ Lög um hlutafélög nr. 32/1978.

¹⁶ Lög um bókhald nr. 51/1968.

¹⁷ Lög um hlutafélög nr. 77/1921.

¹⁸ Stefán Svavarsson, „Um þróun reikningsskila fyrirtækja“, bls. 78 – 81.

þriðja aðila.¹⁹ Samkvæmt 5. gr. laga nr. 3/2006 skal semja ársreikninga í samræmi við lögin, reglugerðir og settar reikningsskilareglur. Settar reikningsskilareglur eru skilgreindar í 2. gr. laganna sem reglur sem reikningsskilaráð gefur út annars vegar og alþjóðlegir reikningsskilastaðlar hins vegar. Samkvæmt sömu grein eru alþjóðlegir reikningsskilastaðlar síðan skilgreindir með vísan til reglugerðar Evrópusambandsins nr. 1606/2002. Sú reglugerð var sett í því markmiði að tryggja samræmi í birtum upplýsingum þeirra fyrirtækja sem hafa skráð verðbréf sín, hvort sem er hlutabréf eða skuldabréf, á skipulegum verðbréfamarkaði í aðildarríkjunum. Staðlarnir sem vísað er til eru reikningsskilastaðlar (International Accounting Standards – IAS og International Financial Reporting Standards - IFRS) útgefnir af alþjóðlega reikningsskilaráðinu (International Accounting Standards Board – IASB).²⁰

Þótt hér sé ekki tilefni til að fara nákvæmlega í þær matsaðferðir sem notaðar eru í ársreikningum og þær skýringar sem þeim fylgja, er ljóst að talsverður munur er á ársreikningum sem samdir eru samkvæmt aðferðum sem skilgreindar eru í ársreikningalögunum og ársreikningum sem samdir eru samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Nægir í því sambandi að benda á þann mun sem er á stærð ársreikninga skráðra fyrirtækja fyrir árið 2004 annars vegar og fyrir árið 2005 hins vegar, en félögum sem skráð höfðu hlutabréf sín á skipulögðum verðbréfamarkaði var gert skylt að fylgja ákvæðum alþjóðlegu reikningsskilastöðlanna frá og með árinu 2005.²¹ Mestur munurinn liggur í því að skýringar samkvæmt alþjóðlegu stöðlunum eru mun ítarlegri en skýringar samkvæmt kröfum ársreikningalaganna. Þess ber einnig að geta að allnokkur munur getur verið á mati eigna eftir þessum tveimur aðferðum þar sem ársreikningalögin byggjast svo til eingöngu á kostnaðarverði en markaðsverði og gangvirði koma talsvert við sögu í alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum. Ýmsar breytingar hafa þó verið gerðar á ársreikningalögunum á undanförunum árum til að minnka þennan mun.²² Hér verður ekki farið nánar út í reglur um mat og framsetningu liða í ársreikningi og skýringum

¹⁹ Frumvarp til laga um ársreikninga, þskj. 73, 73. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/118/s/0073.html> [sótt á vefinn 13. 02. 2010]

²⁰ Official Journal L 243/45, 11/9/2002. Commission Regulation (EC) No 1606/2002 of 19 July 2002 on the application of international accounting standards.

²¹ Sem dæmi má nefna að ársreikningur Nýherja hf. fyrir árið 2004 var samtals 18 blaðsíður en fyrir árið 2005 var hann 27 blaðsíður. Sjá www.nyherji.is.

²² Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 144/1994 um ársreikninga, með síðari breytingum, þskj. 734, 480. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/131/s/0734.html> [sótt á vefinn 13.02.2010]

með honum, heldur verður fjallað um reglur sem snúa að annarri upplýsingagjöf félaga, aðallega í ársreikningalögum, en einnig í öðrum lögum.

Ákvæði um skýrslu stjórnar eru í VI. kafla ársreikningalaganna. Þegar löggin voru sett á árinu 1994 rúmuðust ákvæðin í einni grein sem var 52. gr. laganna. Þar kemur fram að upplýsa skuli í skýrslu stjórnar um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu og afkomu félagsins á árinu, að því leyti sem slíkar upplýsingar koma ekki fram í rekstrarreikningi, efnahagsreikningi eða skýringum með þeim. Einnig skal upplýsa ef veruleg óvissa ríkir um einstaka liði í ársreikningi eða ársreikninginn í heild. Í skýrslunni skal stjórn gera grein fyrir tillögum sínum um ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps á reikningsárinu. Gera skal grein fyrir fjölda hluthafa í upphafi og lok reikningsársins og um eignarhluti þeirra hluthafa sem eiga yfir 10% hlutafjár og atkvæðavægi ef það er ekki í samræmi við eignarhluti. Þá skal, eftir því sem við á, veita upplýsingar um mikilvæg atvik sem orðið hafa eftir lok reikningsársins, framtíðarhorfur félagsins, rannsóknar- og þróunarstarfsemi og erlend útibú ef einhver eru. Þessu til viðbótar er stjórnnum félaga sem skráð eru á opinberu verðbréfaþingi gert skylt að gera grein fyrir samanburði á raunverulegri afkomu félagsins og rekstraráætlun ef hún hefur verið birt, ásamt skýringum á helstu frávikum.

Í núgildandi lögum nr. 3/2006 eru viðameiri ákvæði um skýrslu stjórnar. Ekki hefur orðið mikil breyting á almennri upplýsingaskyldu stjórnar frá upphaflegu lögunum en með lögum nr. 45/2005 var bætt við ákvæðum um viðbótarupplýsingaskyldu stjórna félaga sem hafa verðbréf sín skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði og félaga sem eru yfir þeim stærðarmörkum sem skilgreind eru í 2. tl. 1. mgr. 1. gr. laganna. Stjórnnum þessara félaga er þar með gert skylt að upplýsa um meginmarkmið og stefnur við áhættustýringu og ýmsar tegundir markaðsáhættu í rekstri félaganna. Einnig er þeim gert skylt að fjalla um ýmis nánar tiltekin atriði eftir því sem við á, en meðal þeirra má nefna áhrif ytra umhverfis á félagið og ráðstafanir sem hindra, draga úr eða bæta tjón sem það verður fyrir og mikilvægar vísbendingar um ófjárhagslegan árangur, þ.m.t. upplýsingar um umhverfis- og starfsmannamál og þekkingarforða félagsins ef hann skiptir verulegu máli fyrir tekjuöflun í framtíðinni. Í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 45/2005 kemur fram að breyting þessi er

gerð vegna ákvæða í tilskipun Evrópusambandsins nr. 2003/51/EB.²³ Með lögum nr. 171/2007 var síðan bætt við tveimur nýjum greinum í kaflann um skýrslu stjórnar. Enn á ný má rekja tilurð breytinganna til tilskipana Evrópusambandsins en tilgangur tilskipunar nr. 2004/109/EB var samhæfing krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegum markaði.²⁴ Fyrri greinin sem bætt var við (66. gr. a.) fjallar um skyldur stjórnra félaga sem skráð hafa hlutabréf sín á skipulegum verðbréfamarkaði til að upplýsa um ýmis atriði varðandi hlutafé félagsins, atriði sem varða tilnefningar og endurnýjun stjórnarmanna og breytingar á samþykktum og um samninga við stjórnarmenn eða starfsmenn um starfslokasamninga. Seinni greinin (66. gr. b.) skyldar stjórnarmenn í félögum sem skráð hafa hlutabréf eða skuldabréf á skipulögðum verðbréfamarkaði til að undirrita yfirlýsingu um að samkvæmt bestu vitneskju þeirra sé ársreikningurinn saminn í samræmi við löggin um ársreikninga og gefi glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins. Í yfirlýsingunni skal jafnframt koma fram að í skýrslu stjórnar sé glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og að þar sé lýst helstu áhættu- og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir.

Sem fyrr segir voru lög nr. 77/1921 um hlutafélög fátæk af ákvæðum um ársreikninga hlutafélaga. Í 1. mgr. 33. gr. laganna sagði: „Gera skal reikning yfir tekjur og gjöld hlutafélags ár hvert og efnahagsreikning svo tímanlega, að hann verði endurskoðaður áður en ársfundur er haldinn.“ Í 2. mgr. 35. gr. var síðan mælt svo fyrir að: „Aðalniðurstöðu reikninga ár hvert skal tilkynna til hlutafélagaskrár og skrásetja.“ Þótt ekki sé nánar fjallað um aðgang almennings að þessum upplýsingum hjá hlutafélagaskrá má segja að í þessu ákvæði felist fyrsta skylda hlutafélaga til að tilkynna opinberlega um afkomu sína og efnahagslega stöðu. Í frumvarpi því sem síðar varð að lögum nr. 32/1978 var lagt til að staðfest endurrit ársreiknings ásamt endurskoðunarskýrslu skyldi hafa borist hlutafélagaskrá eigi síðar en mánuði eftir samþykkt hans en þó ekki síðar en sjö mánuðum eftir lok reikningsársins. Ársreikningnum skyldu fylgja staðfestar upplýsingar um hvenær

²³ Sama heimild

²⁴ Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, þskj. 249, 230. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/135/s/0249.html> [sótt á vefinn 13.02.2010]

hann var samþykktur og hvaða ákvörðun var tekin um ráðstöfun á hagnaði eða jöfnun á tapi.²⁵ Í athugasemdum með frumvarpinu var vísað til framangreinds ákvæðis í eldri lögum um tilkynningaskyldu til hlutafélagaskrár en því bætt við að ákvæðinu hafi lítið sem ekkert verið fylgt í framkvæmd.²⁶ Svo fór að í meðförum þingsins var frestur til að skila ársreikningi lengdur þannig að samkvæmt 105. gr. laga nr. 32/1978 skyldi skila ársreikningi til hlutafélagaskrár mánuði eftir samþykkt en þó ekki síðar en tíu mánuðum eftir lok reikningsársins.²⁷ Reynslan af þessu ákvæði var svipuð og því eldra. Samkvæmt reynslu höfundar af störfum sem endurskoðandi var nánast ekkert um það að fyrirtæki stæðu skil á ársreikningum sínum og hlutafélagaskrá var á engan hátt í stakk búinn til að taka við ársreikningum allra hlutafélaga landsins. Með lögum nr. 69/1989 var gerð sú breyting á þessu ákvæði að einungis hlutafélögum þar sem engar hömlur voru lagðar á meðferð hluthafa á hlutabréfum sínum varð skylt að senda hlutafélagaskrá ársreikninga sína, en hlutafélagaskrá var hins vegar heimilt að kalla eftir ársreikningum annarra hlutafélaga. Þá var 145. gr. laga nr. 32/1978 breytt með sömu lögum þannig að ráðherra var heimilt að veita almennan aðgang að ársreikningum, en þó einungis þeirra félaga sem ekki lögðu hömlur á meðferð hluthafa á hlutabréfum sínum. Þessi breyting á skyldu til að skila ársreikningum er ekki skýrð sérstaklega í greinargerð með frumvarpinu.²⁸ Enn sem fyrr mun ekki hafa verið mikið um skil á ársreikningum til hlutafélagaskrár.

Með lögum nr. 144/1994 um ársreikninga, sem síðar urðu að lögum nr. 3/2006, varð nokkur breyting á ákvæðum um skil félaga á ársreikningum, en í lögnum er sérstakur kafli um birtingu ársreiknings. Í fyrstu grein kaflans (núgildandi 109. gr.) eru ákvæði um skil til félagaskrár sem eru hliðstæð þeim ákvæðum sem voru í hlutafélagalögnum frá 1978. Þar sem ársreikningalögin ná til fleiri félagsforma en hlutafélaga er skilaskyldan til félagaskrár í stað hlutafélagaskrár áður. Hámarksfrestur til skila er stytur úr tíu mánuðum í átta mánuði frá lokum reikningsárs. Að auki er smærri félögum veitt heimild, hafi þau ekki skráð verðbréf sín á opinberu

²⁵ Frumvarp til laga um hlutafélög, þingskjal 51. *Alþingistíðindi 1977-1978*, 99. löggjafarþing. A. Þingskjöl bls. 409.

²⁶ Sama heimild bls. 478.

²⁷ Breytingartillögur við frumvarp til laga um hlutafélög, þingskjal 691. *Alþingistíðindi 1977-1978*, 99. löggjafarþing. A. Þingskjöl bls. 2856.

²⁸ Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög, þingskjal 121. *Alþingistíðindi 1988-1989*, 111. löggjafarþing. A. Þingskjöl bls. 917 – 956.

verðbréfaþingi, til að senda félagaskrá samandregna útgáfu af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og skýringum. Með lögum nr. 45/2005 var heimild þessi þrengd þannig að félög þar sem engar hömlur eru lagðar á viðskipti með eignarhluti og félög sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum hafa ekki heimild til að senda samandregna ársreikninga til félagaskrár. Þá er í kaflanum (í núgildandi 116. gr.) einnig að finna heimild fyrir félög að ákveðnum stærðarmörkum til að senda félagaskrá samandregna útgáfu af rekstrarreikningi, ef sérstakar samkeppnisaðstæður mæla með því. Við setningu laga nr. 144/1994 var bætt við ákvæði um að félagaskrá skyldi veita aðgang að þeim gögnum sem skilaskyld væru samkvæmt núgildandi 109. gr. laganna. Í athugasemdum með frumvarpinu var vísað til fjórðu tilskipunar Evrópusambandsins, en þar er áskilið að í hverju ríki skuli vera stofnun sem taki við ársreikningum félaga og hafi eftirlit með því að ákvæði laga um gerð og birtingu ársreikninga séu virt.²⁹ Í 47. grein tilskipunarinnar segir að birta skuli ársreikninga í samræmi við ákvæði fyrstu tilskipunarinnar.³⁰ Samkvæmt 3. grein fyrstu tilskipunarinnar skulu öll gögn er varða skráningu og aðrar upplýsingar um félög, þ.m.t. ársreikningar vera aðgengileg almenningi sem jafnframt skal eiga þess kost að fá afrit af viðkomandi gögnum.³¹

Á árunum eftir setningu laga nr.144/1994 var hafist handa við öflun ársreikninga frá félögum. Var hlutverk félagaskrár samkvæmt lögum m.a. falið ríkisskattstjóra og síðar ársreikningaskrá með reglugerðum á árunum 1996 til 1998, en í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. 2507/2000 var komist að þeirri niðurstöðu að félagaskrá í skilningi ársreikningalaga hefði ekki verið sett á stofn með lögum og því væri ekki fullnægjandi lagastoð fyrir ársreikningaskrá.³² Í framhaldi af þessari niðurstöðu var lögum um ársreikninga breytt með lögum nr. 58/2001 og lagastoð sett undir ársreikningaskrá. Áfram voru vanhöld á skilum ársreikninga til

²⁹ Frumvarp til laga um ársreikninga, þskj. 73, 73. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/118/s/0073.html> [sótt á vefinn 13. 02. 2010]

³⁰ Official Journal L 222, 14/08/1978, bls. 11 – 43. Fourth Council Directive 78/660/EEC of 25 July 1978 based on Article 54 (3) (g) of the Treaty on the annual accounts of certain types of companies.

³¹ Official Journal L 65, 14/03/1968, bls. 8 -12. First Council Directive 68/151/EEC of 9 March 1968 on co-ordination of safeguards which, for the protection of the interests of members and others, are required by Member States of companies within the meaning of the second paragraph of Article 58 of the Treaty, with a view to making such safeguards equivalent throughout the Community.

³² Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum, þskj. 1064, 685. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/126/s/1064.html> [sótt á vefinn 19.02.2010].

ársreikningaskrár og úrræði stofnunarinnar voru afar takmörkuð.³³ Við því var brugðist með setningu laga nr. 317/2006 þar sem vanræksla stjórnarmanna og framkvæmdastjóra félaga á að skila ársreikningi í samræmi við löggin er skilgreind sem brot á lögnum, sem ekki var áður. Eru stjórnarmenn og framkvæmdastjórar stærri félaga taldir hafa framið meiriháttar brot skv. breytingu sem gerð var á 121. gr. ársreikningalaganna, en stjórnarmenn og framkvæmdastjórar minni félaga taldir hafa framið brot gegn lögnum með þeirri breytingu sem gerð var á 122. gr. Með lögum 160/2006 var ársreikningaskrá veitt heimild í 126. gr. ársreikningalaga til að leggja sekt á þau félög af smærri gerðinni sem ekki standa skil á ársreikningum sínum. Má sektin nema allt að 500.000 kr. Ástæðan fyrir því að þessi heimild er bundin við smærri fyrirtæki er sú að vanskil stærri fyrirtækja teljast til meiriháttar brota skv. 121. grein laganna og er gert ráð fyrir að ársreikningaskrá vísi málum þeirra fyrirtækja til skattransóknarstjóra.³⁴

Þótt gripið hafi verið til þessara aðgerða til að bæta skil á ársreikningum er ljóst að enn er langt í land með að félög uppfylli skilaskyldu sína samkvæmt lögnum. Á vef ríkisskattstjóra sem sér um rekstur ársreikningaskrár mátti sjá þann 19. febrúar 2010 að tæplega 7.000 félög höfðu ekki skilað ársreikningi fyrir árið 2008, þótt liðnir hafi verið tæplega sex mánuðir umfram hámarksfrest félaga til að skila, en sumum félögum ber að skila reikningum sínum fyrr og vanskilin hafa því varað lengur hjá þeim.³⁵ Þótt gera megi ráð fyrir því að talsverður fjöldi þessara félaga sé ekki starfandi og hafi þess vegna ekki endilega samið ársreikning, er ljóst að forsvarsmenn ýmissa fyrirtækja telja það skaða félög sín að ársreikningar þeirra séu aðgengilegir utanaðkomandi aðilum og þá ekki síst keppinautum. Má í því sambandi nefna forsvarsmenn B.M. Vallár hf. sem í áráraðir hafa neitað að skila ársreikningum til ársreikningaskrár. Hinn 29. janúar 2010 var kröfum félagsins vegna skilaskyldunnar vísað frá dómi þar sem þær voru ekki studdar þeim gögnum sem dómurinn taldi nauðsynleg til að taka afstöðu til þeirra. Meginkrafa félagsins var sú að viðurkennt væri að félaginu væri ekki skylt að afhenda ársreikninga sína til ársreikningaskrár, en varakröfur um að félagið mætti skila samandregnum

³³ Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, þskj. 317, 302. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/133/s/0317.html> [sótt á vefinn 19.02.2010].

³⁴ Sama heimild.

³⁵ Upplýsingar um vanskil félaga á ársreikningum 2008 á vef ríkisskattstjóra, slóð: <http://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/arsreikn/vanskil/2008> [sótt á vefinn 19.02.2010].

ársreikningi og að ársreikningaskrá veitti ekki aðgang að ársreikningunum nema samkvæmt samþykki félagsins.³⁶

Af umfjölluninni hér að framan má sjá að þótt ársreikningar hlutafélaga eigi að vera aðgengilegir almenningi vantar talsvert upp á að það nái til allra félaga. Aðgengið er hins vegar betra en áður var vegna bættra skila og bættrar tækni við aðgang að upplýsingum. Þetta hefur hins vegar breyst á örfáum undanförunum árum og þótt upplýsingaskylda hafi að þessu leyti verið í lögum í tæplega 80 ár er það aðeins á síðasta áratug eða rúmlega það sem almenningur hefur raunverulega haft aðgang að ársreikningum félaga með þessum hætti. Af umfjöllun fjölmiðla á undanförunum misserum má ráða að aukinn áhugi sé fyrir því að skoða og birta þær upplýsingar sem fram koma í þeim ársreikningum sem orðnir eru opinberir með skilum þeirra til ársreikningaskrár.

Lög um hlutafélög eru að grunni til frá árinu 1978, en tóku veigamiklum breytingum á árinu 1994 vegna aðildar Íslendinga að EES og voru í framhaldi af því endurútgefin sem lög nr. 2/1995. Eins og áður hefur komið fram var breytingin m.a. í því fólgin að ákvæði laganna um ársreikninga voru felld niður um leið og lög um ársreikninga voru sett. Í lögnum eru hins vegar ýmis ákvæði sem snúa að upplýsingaskyldu hlutafélaga og að flestu leyti eru sambærileg ákvæði í lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Almennt má skipta þeim ákvæðum sem lúta að upplýsingaskyldu í tvo flokka. Annars vegar fjalla þau um upplýsingar sem ætlaðar eru til skráningar hjá hlutafélagaskrá og fjalla um umgjörð félagsins. Sem dæmi um þetta má nefna tilkynningu til skráningar skv. 14. gr. en með henni fylgja þær upplýsingar um stofnun félagsins sem nánar eru tíundaðar í II. kafla laganna sem og upplýsingar um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra, eins og nánar er skilgreint í 148. gr. laganna. Skráningin er meðal annars forsenda þess að félagið geti tekið á sig skuldbindingar. Í 149. gr. laganna er síðan áskilið að tilkynna skuli breytingar á þessum upplýsingum. Hinn flokkur upplýsinga sem gefa skal skv. ákvæðum hlutafélagalaga er sá sem lýtur að hagsmunum kröfuhafa. Má þar nefna sem dæmi ákvæði 51. gr. um tilkynningaskyldu um ákvörðun um lækkun hlutfjár og skyldu skv. 53. gr. til innköllunar ef ráðstafa á lækkunarfjárhæðinni til annars en að mæta tapi. Hér undir

³⁶ Héraðsdómur Reykjavíkur. E-6970/2009.

fellur einnig skyldan skv. 123. gr. til að tilkynna um fyrirhugaðan samruna sem hlutafélagaskrá skal auglýsa í Lögbirtingablaðinu. Í því tilviki eiga lánardrottnar, að gefnum ákveðnum forsendum um álit matsmanna, rétt á að fá veð fyrir kröfum sínum eða greiðslu þeirra ella. Rökin fyrir þessum reglum eru þau að kröfuhafar yfirtekna félagsins þurfa almennt ekki að þola skuldskeytingu nema þeir séu henni samþykkrir og því þarf að tryggja réttarstöðu þeirra áður en samruni getur orðið.³⁷ Hliðstæð ákvæði um upplýsingaskyldu eru í 133. gr. laganna varðandi skiptingu félaga og í XIII. kafla laganna um félagsslit. Um upplýsingaskyldu stjórnar og framkvæmdastjóra sem snýr að hluthöfum og réttindi hluthafa verður nánar fjallað í kafla 2.3. hér á eftir.

Eins og áður hefur komið fram voru lög um tekjuskatt og eignarskatt (skattalög) mikils ráðandi um innihald og framsetningu ársreikninga fram yfir 1980 þar sem ákvæði annarra laga voru fátækleg um efnið. Má í þessu sambandi nefna ýmis ákvæði skattalaganna um meðferð gengismunar, útreikning söluhagnaðar og svokallaðar verðstuðulsfyrningar. Á árinu 1978 voru samþykkt ný lög um tekjuskatt og eignarskatt þar sem innleidd voru ákvæði sem leiðréttu skattstofna með heildstæðum hætti fyrir áhrifum verðlagsbreytinga.³⁸ Á sama tíma setti Félag löggiltra endurskoðenda fram fyrirmyndir að ársreikningi sem byggði á þessum ákvæðum skattalaganna og hlutu fyrirmyndirnar almenna útbreiðslu hjá íslenskum fyrirtækjum. Á árunum þar á eftir þróuðust ársreikningar hins vegar nokkuð frá fyrirmynd skattalaganna, einkum vegna aðferða við leiðréttingar vegna áhrifa verðlagsbreytinga.³⁹ Má segja að lokaskrefið í þessum aðskilnaði hafi verið stigið með setningu laganna um ársreikninga í lok árs 1994. Þó er ljóst að ýmis atriði í ársreikningum félaga, einkum þeirra smærri, taka ennþá mið af ákvæðum skattalaga.

En þótt lögin um tekjuskatt,⁴⁰ nú lög nr. 90/2003, hafi minni áhrif en áður á framsetningu ársreikninga leggja lögin ríka upplýsingaskyldu á forsvarsmenn lögaðila. Þannig er almenn framtalsskylda skilgreind í 90. gr. laganna þar sem áskilið er m.a. að samþykktur ársreikningur skuli fylgja skattframtali lögaðila. Í 92. gr. eru síðan tíundaðar ýmsar upplýsingar sem skattskyldum aðilum er skylt að senda

³⁷ Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir*, Reykjavík 2003, bls. 399.

³⁸ Stefán Svavarsson, „Um þróun reikningsskila fyrirtækja“. bls. 81.

³⁹ Sama heimild bls. 85 – 89.

⁴⁰ Með lögum nr. 129/2004 var eignarskattur aflagður og heiti laganna breyttist í samræmi við það.

skattyfirvöldum að eigin frumkvæði, auk þess sem ríkisskattstjóra er veitt heimild til að skylda skattaðila til að veita upplýsingar um atriði sem máli skipta varðandi álagningu skatta. Þá eru í 94. gr. mjög víðtæk ákvæði um skyldu allra aðila, bæði framtalsskyldra og annarra, til að veita allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn sem skattyfirvöld biðja um, hvort sem slíkar upplýsingar varða aðilann sjálfan eða viðskipti hans við þriðja aðila. Um upplýsingaskyldu endurskoðenda skv. þessari grein verður fjallað nánar síðar í ritgerðinni.

Enda þótt skattframtöl séu ekki aðgengileg almenningi með sama hætti og ársreikningar, eru álögð gjöld samkvæmt framtölunum opinberar upplýsingar sem liggja frammi í tvær vikur eftir álagningu á hentugum stað í hverju sveitarfélagi eins og segir í 98. gr. laga um tekjuskatt. Almennig er þannig gerð grein fyrir því hver greiðsluskylda félaga er á opinberum gjöldum, en þessar upplýsingar eru ekki endilega aðgengilegar í ársreikningum félaganna.

2.2. Einingar tengdar almannahagsmunum.

Hugtakið „eining tengd almannahagsmunum“ kom fyrst fram í lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur. Þar er hugtakið skilgreint með eftirfarandi upptalningu í 7. tl. 1. gr. laganna:

- a. Lögaðili sem er með skráð lögheimili á Íslandi og hefur verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.
- b. Lífeyrissjóður sem hefur fullgilt starfsleyfi.
- c. Lánastofnun eins og hún er skilgreind í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
- d. Félag sem hefur starfsleyfi til að reka váttryggingarstarfsemi hér á landi samkvæmt lögum nr. 60/1994, um váttryggingastarfsemi.

Lögin voru sett til að koma til framkvæmda áttundu tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga.⁴¹ Í tilskipuninni er í 13. tl. 2. gr. skilgreining á „public interest entities“ sem nær til liða a., c. og d. hér að framan, en aðildarþjóðum EES jafnframt veitt svigrúm til að bæta við skilgreininguna einingum sem hafa verulega þýðingu fyrir almenning vegna stærðar,

⁴¹ Frumvarp til laga um endurskoðendur, þskj. 827, 526. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altxt/135/s/0827.html> [sótt á vefinn 20.02.2010]

eðli starfseminnar eða fjölda starfsmanna.⁴² Í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 79/2008 kemur fram að með hugtakinu sé átt við einingu sem almennt má telja að sé þjóðhagslega mikilvæg og rétt þykir að gera auknar kröfur um áreiðanleika og óhæði þegar kemur að endurskoðun hennar. Þá segir að eðlilegt hafi verið talið að bæta lífeyrissjóðunum við skilgreininguna vegna eðlis og þjóðfélagslegs mikilvægis þeirra.⁴³ Samhliða setningu laganna um endurskoðendur var gerð breyting á lögum um ársreikninga með lögum nr. 80/2008 þar sem skilgreiningu hugtaksins er bætt við sem 14. tl. 2. gr. laganna og vísað þar til laganna um endurskoðendur.⁴⁴ Enda þótt þessi skilgreining sé þannig komin inn í lögum um ársreikninga er það einungis í kafla IX. A. um endurskoðunarnefndir sem vísað er til hugtaksins, en þeim kafla var bætt við lögum með áður nefndum lögum nr. 80/2008. Þau félög sem skilgreind eru í 1. tl. 1. mgr. 1.gr. laganna samsvara hins vegar þeim félögum sem talin eru upp í a. hluta skilgreiningarinnar að viðbættum dótturfélögum slíkra félaga sem innifalin eru í samstæðureikningsskilum þeirra. Í ýmsum atriðum gera ársreikningalögin og önnur lög meiri kröfur til slíkra félaga en annarra og verður hér farið yfir þær helstu sem varða upplýsingaskyldu þeirra. Til einföldunar verða félög sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði og falla því undir fyrirnefndan 1. tölulið nefnd „skráð félög“ hér á eftir.

Í kafla 2.1. var fjallað um auknar kröfur um upplýsingar í skýrslu stjórnar skráðra félaga og félaga yfir stærðarmörkum í 2. tl. 1. mgr. 1. gr. ársreikningalaganna og verður sú umfjöllun ekki endurtekin hér. Veigamestu kröfur sem ársreikningalögin gera til skráðra félaga koma fram í VIII. kafla laganna sem fjallar um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Eftir inngöngu Íslands í EES varð okkur skylt að fylgja fordæmi ESB landanna um samræmingu þeirra reglna sem notaðar eru við mat og framsetningu ársreikninga skráðra félaga. Leiðtogaráð Evrópusambandsins samþykkti á árinu 2000 að slík samræming skyldi eiga sér stað eigi síðar en á árinu

⁴² Official Journal L 157, 09/06/2006, bls. 87-107. Directive 2006/43/EC of the European Parliament and of the Council of 17 May 2006 on statutory audits of annual accounts and consolidated accounts, amending Council Directives 78/660/EEC and 83/349/EEC and repealing Council Directive 84/253/EEC.

⁴³ Frumvarp til laga um endurskoðendur, þskj. 827, 526. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/135/s/0827.html> [sótt á vefinn 20.02.2010]

⁴⁴ Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, þskj. 828, 527. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/135/s/0828.html> [sótt á vefinn 20.02.2010].

2005.⁴⁵ Með lögum nr. 45/2005 var skráðum félögum gert skylt, og öðrum stærri félögum sbr. 2. tl. 1. mgr. 1. gr. ársreikningalaga heimilað, að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu ársreiknings síns.⁴⁶ Í samræmi við reglugerð EB nr. 1606/2002 eru þeir reikningsskilastaðlar sem alþjóðlega reikningsskilaráðið sendir frá sér háðir samþykki framkvæmdastjórnar ESB.⁴⁷ Nýir staðlar öðlast því ekki lagagildi hér á landi fyrr en þeir hafa hlotið náð fyrir augum framkvæmdastjórnarinnar. Félögum sem nota staðlana er hins vegar skylt að fara eftir þeim að öllu leyti eins og fram kemur í 93. gr. ársreikningalaganna. Hér verður ekki gerð tilraun til að lýsa efni staðlanna en þeir eru um 40 talsins og fjallar hver þeirra af mikilli nákvæmni um sitt umfjöllunarefni. Alþjóðlega reikningsskilaráðið gefur staðlana og helstu túlkanir á þeim út árlega í bók og má geta þess að bókin sem gefin var út á árinu 2008 var samtals 2.719 blaðsíður.⁴⁸ Því er ljóst að notkun staðlanna gerir miklar kröfur til þeirra sem reikningsskilin semja og bera ársreikningar skráðra félaga með sér að mjög mikilla upplýsinga er krafist um einstaka liði í rekstrar- og efnahagsreikningi sem og um rekstur félaganna að öðru leyti.⁴⁹ Ársreikningaskrá er með lögunum falið eftirlit með öllum félögum sem beita alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum og getur krafist allra þeirra upplýsinga og gagna sem nauðsynleg eru til að framkvæma eftirlitið. Ársreikningaskrá getur krafist þess að félög leiðrétti reikningsskil sín ef hún kemst að þeirri niðurstöðu að þau séu ekki í samræmi við ákvæði laganna hvað staðlana varðar. Ef ekki er orðið við kröfum ársreikningaskrár að þessu leyti getur hún birt upplýsingar um nauðsynlegar breytingar á reikningsskilunum og jafnframt óskað eftir því við viðkomandi kauphöll að viðskiptum með verðbréf viðkomandi félags verði hætt þar til leiðréttingar hafa verið gerðar. Samkvæmt lista á heimasíðu

⁴⁵ Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum, þskj. 734, 480. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/131/s/0734.html> [sótt á vefinn 13.02.2010]

⁴⁶ Tímasetning þessarar skyldu var mismunandi. Annars vegar var félögum með skráð hlutabréf skylt að semja samstæðureikninga samkvæmt stöðlunum frá og með árinu 2005 en hins vegar var þeim ekki skylt að semja ársreikning sinn (móðurfélagsreikning) samkvæmt stöðlunum fyrr en á árinu 2007. Félögum sem einungis voru með skráð skuldabréf var ekki skylt að beita stöðlunum fyrr en frá og með árinu 2007.

⁴⁷ OJ L 243/45, 11/9/2002. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002.

⁴⁸ International Accounting Standards Board, *International Financial Reporting Standards (IFRSs) including International Accounting Standards (IASs) and Interpretations as approved at 1 January 2008*, London, 2008.

⁴⁹ Sem dæmi má benda á ársreikning Marel Food Systems hf. fyrir árið 2009 þar sem rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, eiginfjárfirlit og sjóðstreymi eru á fjórum síðum, en skýringar með ársreikningi eru á 37 síðum. Sjá: http://www.marel.com/resources/Files/ir/2009/Marel_FoodSystems-2009-statements.pdf [sótt á vefinn 20.02.2010].

ársreikningaskrár eru 92 íslensk félög sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, en á listanum er allnokkur fjöldi fyrirtækja sem nú eru gjaldþrota.⁵⁰

Með lögum nr. 171/2007 var gerð sú breyting á ársreikningalögum að skráðum félögum var gert skylt að semja árshlutareikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins. Eins og í mörgum öðrum tilvikum byggðist þessi breyting á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu.⁵¹ Ekki er skylt að endurskoðendur áriti árshlutareikningana og gert er ráð fyrir að birtar séu styttrar útgáfur af rekstrarreikningi og efnahagsreikningi eins og nánar er skilgreint í alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum. Skýrsla stjórnar er sömuleiðis í styttri útgáfu heldur en sú sem fylgir ársreikningi. Yfirlýsing stjórnarmanna um að árshlutareikningurinn sé, samkvæmt þeirra bestu vitund, saminn í samræmi við ákvæði laganna og gefi glögga mynd af eignum og skuldum og fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins og að árshlutaskýrsla stjórnar gefi skýra mynd af þeim upplýsingum sem þar er krafist, er hins vegar algerlega sambærileg við hliðstæða yfirlýsingu sem stjórnarmönnum ber að gefa í ársreikningi. Með ákvæði 87. gr. d. laganna eru útgefendur skráðra skuldabréfa þar sem nafnverð hvernar einingar er yfir ígildi 50.000 evra (nú um 9 milljónir króna) undanþegnir skyldunni til að semja árshlutareikning. Þótt þessi undanþága sé ekki skýrð nánar í frumvarpinu virðist ástæða hennar vera sú að gert er ráð fyrir að þeir sem keypt hafi slík skuldabréf séu fyrst og fremst fagfjárfestar sem hafi burði til að meta stöðu útgefendanna sjálfstætt. Ekki sé því ástæða til að vernda hagsmuni almennings með birtingu árshlutareiknings í tilvikum sem þessum.

Sem fyrr segir ber einingum tengdum almannahagsmunum að starfrækja endurskoðunarnefndir samkvæmt kafla IX. kafla A í ársreikningalögum. Auk þess eru í lögum (109. gr.) gerðar meiri kröfur til skráðra félaga varðandi skil til ársreikningaskrár þar sem þau hafa fjóra mánuði eftir lok reikningsárs á meðan almenni fresturinn er átta mánuðir. Þá má loks nefna að í 56. gr. og 64. gr. laganna

⁵⁰ Upplýsingar um „Félög með alþjóðlega reikningsskilastaðla“ á vef ríkisskattstjóra, slóð: <http://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/arsreikn/felog/2008> [sótt á vefinn 20.02.2010]

⁵¹ Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, þskj. 249, 230. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/135/s/0249.html> [sótt á vefinn 13.02.2010]

eru gerðar auknar kröfur til skráðra félaga og annarra stærri félaga skv. skilgreiningu 2. tl. 1. mgr. 1. gr. til að upplýsa í skýringum annars vegar um skiptingu rekstrartekna milli starfspátta og landssvæða og hins vegar um starfsemi sem lögð hefur verið niður á reikningsárinu og þau áhrif sem slík starfsemi hefur á reikningsskilin.

Skipuleg verðbréfiðskipti hófust hér á landi um miðjan níunda áratug síðustu aldar fyrir tilstilli Seðlabanka Íslands, sem hafði heimild til slíks samkvæmt lögum um starfsemi bankans nr. 10/1961. Fyrstu reglur bankans um Verðbréfaþing Íslands voru settar á árinu 1985 og skapaðist þá grundvöllur fyrir skipuleg viðskipti með skuldabréf, hlutabréf og önnur verðbréf þar sem unnið var eftir skýrum reglum og eftirlit haft með þeim.⁵² Á árinu 1993 voru sett fyrstu lög in um Verðbréfaþing Íslands og á árinu 1998 voru sett lög um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða og einkaréttur Verðbréfaþings Íslands þar með afnuminn. Núgildandi lög um kauphallir eru nr. 110/2007 og voru þau sett til að innleiða ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga sem oft er kölluð MiFID tilskipunin (e. Markets in Financial Instruments Directive).⁵³ Samhliða setningu nýrra laga um kauphallir voru sett ný lög um verðbréfiðskipti, nr. 108/2007. Auk þess að innleiða ákvæði MiFID tilskipunarinnar voru með lögnum innleidd ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB um samræmingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað, sem nefnd hefur verið gagnsæistilskipunin.⁵⁴ Komu þessi lög í stað eldri laga frá 2003, en það voru fimmtu lög in sem sett höfðu verið frá því að fyrstu lög in um verðbréfiðskipti voru sett með lögum nr. 27/1986 um verðbréfamiðlun.⁵⁵

Upplýsingaskylda útgefenda skráðra hlutabréfa og skuldabréfa samkvæmt lögnum um verðbréfiðskipti snýr annars vegar að upplýsingum við skráningu verðbréfanna og hins vegar að viðvarandi upplýsingaskyldu á meðan verðbréfin eru skráð. Samkvæmt skilgreiningu í 43. gr. laga nr. 108/2007 er „lýsing“ samheiti yfir skjal eða

⁵² Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir*, bls. 36

⁵³ Frumvarp til laga um kauphallir, þskj. 8, 8. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/134/s/0008.html> [sótt á vefinn 21.02.2010]

⁵⁴ Frumvarp til laga um verðbréfiðskipti, þskj. 7, 7. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/134/s/0007.html> [sótt á vefinn 21.02.2010].

⁵⁵ Aðalsteinn E. Jónasson, *Viðskipti með fjármálagerninga*, Reykjavík 2009, bls. 40 – 68.

skjöl sem gefa þarf út vegna almenns útboðs eða skráningar verðbréfa. Samkvæmt 1. mgr. 45 gr. laganna skal lýsing innihalda þær upplýsingar sem fjárfestum eru nauðsynlegar til að geta metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda með hliðsjón af eðli útgefandans og verðbréfanna sem og þau réttindi sem fylgja verðbréfunum. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skal lýsingin einnig innihalda stutta og greinargóða samantekt sem lýsir grundvallareinkennum og áhættu hvað varðar útgefandann og verðbréfin sjálf. Útgefendur skuldabréfa í einingum yfir 50.000 evrum mega þó sleppa slíkri samantekt. Þessi lýsing útgefanda verðbréfa er gild í 12 mánuði frá birtingu samkvæmt 47. gr. laganna en samkvæmt 48. gr. er útgefendum skylt að útbúa árlega skjal sem inniheldur eða vísar til allra upplýsinga sem þeir hafa gefið út eða gert aðgengilegt almenningi í samræmi við skyldur samkvæmt lögum og reglum á síðustu 12 mánuðum. Útgefendur skuldabréfa í einingum yfir 50.000 evrum eru undanþegnir þessari skyldu.

Tilgangur viðvarandi upplýsingaskyldu útgefanda skráðra verðbréfa er fyrst og fremst að skapa skilyrði fyrir sem bestri ákvarðanatöku fjárfesta og annarra um virði verðbréfa á grundvelli sem bestra upplýsinga. Við setningu reglna má segja að togist á sjónarmið útgefandans um að opinbera ekki upplýsingar fyrr en það er hagkvæmt fyrir fyrirtækið og sjónarmið um stöðu fjárfestanna sem þurfa sem fyrst aðgang að upplýsingum sem skipta máli fyrir ákvarðanir um verðmat á bréfunum.⁵⁶ Með reglunum er í fyrsta lagi reynt að auðvelda fjárfestum að ákvarða verðmæti verðbréfanna með auknum upplýsingum, þótt halda megi því fram á hinn bóginn að of mikið magn upplýsinga geti villt mönnum sýn þannig að kjarni máls verði ekki eins sýnilegur og ella. Í öðru lagi er markmiðið að upplýsingar liggi fyrir eins fljótt og mögulegt er til þess að gildi þeirra sé sem mest fyrir fjárfestana. Í þriðja lagi er markmiðið að stuðla að jafnræði fjárfesta með því að upplýsingarnar verði aðgengilegar fyrir alla á sama tíma þannig að sumir fjárfestar hafi ekki forskot fram yfir aðra vegna þess að þeir hafi aðgang að upplýsingum sem ekki eru aðgengilegar öllum.⁵⁷ Í eldri lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða nr. 34/1998 var skylda útgefanda að þessu leyti skilgreind almennt í 24. gr. þannig að „Útgefanda verðbréfa, sem tekin hafa verið til opinberrar skráningar í kauphöll, ber að gera þegar í stað opinberar allar upplýsingar um öll atriði sem máli skipta og telja

⁵⁶ Jóhannes Sigurðsson, „Upplýsingaskylda um mikilvæg atvik og ákvarðanir“. *Útljótur* 2003 (1), bls. 7-9.

⁵⁷ Sama heimild, bls. 9 – 10.

verður að geti haft áhrif á verð bréfanna...“ Í núgildandi lögum er ekki að finna slíka almenna skilgreiningu heldur eru tíundaðar þær upplýsingar sem útgefendum ber að birta eða koma á framfæri með öðrum hætti.

Viðamesta reglubundna upplýsingaskylda útgefenda skráðra verðbréfa er birting ársreiknings, sem birtur skal innan fjögurra mánaða frá lokum reikningsárs, og árshlutareiknings fyrir fyrri helming reikningsársins, sem birtur skal innan tveggja mánaða frá lokum þess tímabils. Um efni og innihald vísa lögin um verðbréfaviðskipti til ákvæða ársreikningalaganna sem fjallað var um hér á undan. Auk þessa er útgefendum skylt, ef þeir birta ekki árshlutareikninga fyrir fyrstu þrjá og fyrstu níu mánuði reikningsársins, að birta á hvorum árshelmingi um sig greinargerð stjórnar um mikilvæga atburði og viðskipti sem átt hafa sér stað á viðkomandi tímabili og lýsingu á áhrifum þeirra á fjárhagsstöðu, auk almennrar lýsingar á fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu útgefanda á viðkomandi tímabili. Auk þess sem þessar reglubundnu upplýsingar skulu birtar almenningi á jafnræðisgrundvelli er útgefendum gert skylt að senda þær til Fjármálaeftirlitsins (FME).

Aðrar skyldur útgefenda verðbréfa til að veita upplýsingar, sem skilgreindar eru í VIII. kafla laganna um verðbréfaviðskipti, miða fyrst og fremst að því að jafnræðis sé gætt milli eigenda verðbréfanna og að þeim sé gert kleift að neyta réttinda sinna og koma sjónarmiðum sínum á framfæri á þeim vettvangi samskipta við útgefandann sem ákveðinn er. Þannig ber útgefandi ábyrgð á því að koma á framfæri upplýsingum um breytingar á réttindum sem fylgja mismunandi flokkum hlutabréfa þar sem það á við og breytingar á réttindum handhafa skuldabréfa þar sem það á við. Þá er þeim skylt að birta upplýsingar um útgáfu nýrra lána og ábyrgðir og tryggingar vegna þeirra. Fyrirhugaðar breytingar á stofnsamningi eða samþykktum skulu tilkynntar fyrirfram til FME og þess markaðar sem skráð hefur verðbréfin. Þá hafa útgefendur hlutabréfa skyldur til að veita hluthöfunum ýmsar upplýsingar sem tengjast fundum hluthafanna og úthlutun arðs til þeirra. Með hliðstæðum hætti hefur útgefandi skuldabréfa skyldur gagnvart eigendum þeirra kjósi hann að halda fund með þeim.

Lögin um verðbréfaviðskipti hafa að geyma ítarleg ákvæði um innherjaviðskipti og meðferð innherjaupplýsinga. Upplýsingar teljast vera innherjaupplýsingar þegar þær hafa ekki verið gerðar opinberar og varða beint eða óbeint útgefendur

fjármálagerninga eða fjármálagerningana sjálfa og þær eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru. Upplýsingar eru taldar hafa marktæk áhrif ef upplýstur fjárfestir notar þær sem hluta af þeim grunni sem hann byggir fjárfestingarákvarðanir sínar á.⁵⁸ Innherjar eru síðan þeir sem hafa aðgang að slíkum upplýsingum, annaðhvort reglubundið, tímabundið eða tilfallandi. Viðskipti innherja geta verið lögleg, en búi hann yfir innherjaupplýsingum þegar hann á viðskipti með viðkomandi verðbréf eða nýtir sér þær á annan hátt eru það refsiverð innherjasvik.⁵⁹ Fyrir utan þá skyldu sem útgefendur hafa til að upplýsa um viðskipti innherja má segja að ákvæði laganna ýti undir það að útgefendur verðbréfa komi upplýsingum sem flokkast gætu sem innherjaupplýsingar á framfæri svo fljótt sem auðið er, að því marki sem það skaðar ekki fyrirtækið að öðru leyti.

Til viðbótar þeim upplýsingaskyldum sem hér hefur verið fjallað um eru í lögnum um verðbréfavíðskipti ítarleg ákvæði um flöggun við breytingu á eignarhlutum og yfirtökuskyldu, sem leggur skyldur á herðar útgefendum verðbréfa, en ekki verður gerð nánari grein fyrir þeim ákvæðum hér.

Sem fyrr segir eru lífeyrissjóðir, lánastofnanir og vátryggingafélög skilgreind sem einingar tengdar almannahagsmunum auk skráðra félaga. Um lífeyrissjóði gilda lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Samkvæmt lögnum (43. gr.) skal stjórn lífeyrissjóðs skila endurskoðuðum ársreikningi til Fjármálaeftirlitsins þegar eftir undirritun hans og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsársins. Ársreikningurinn skal gerður eftir reglum sem FME setur um uppsetningu, innihald og mat á einstökum liðum.⁶⁰ Í skýrslu stjórnar með ársreikningi skal veita upplýsingar sem eru sértækar fyrir starfsemi lífeyrissjóða eins og fjölda sjóðfélaga og lífeyrisþega og auk þess hliðstæðar upplýsingar og veittar eru í skýrslum stjórna skráðra félaga og stærri félaga um atburði eftir uppgjörsgdag og önnur atriði sem geta haft þýðingu fyrir þróun sjóðanna. Þá er tilgreint í lögnum (6. mgr. 40. gr.) að sú fjárfestingarstefna sem starfað er eftir skuli fylgja ársreikningi sem og úttekt á ávöxtun eignasafna síðasta árs. Að öðru leyti

⁵⁸ Aðalsteinn E. Jónasson, *Viðskipti með fjármálagerninga*, bls. 449.

⁵⁹ Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir*, bls. 37.

⁶⁰ Reglur nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða með áorðnum breytingum skv. reglum 765/2002 og 1067/2002. Aðgengilegar á <http://www.fme.is>

verður ekki séð að lögin leggi upplýsingaskyldur á stjórn eða stjórnendur lífeyrissjóða umfram það sem fram hefur komið um stjórnir skráðra félaga og annarra félaga.

Lánastofnanir eru skilgreindar í lögum um fjármálafyrirtæki nr.161/2002. Samkvæmt 2. gr. laganna nær hugtakið yfir viðskiptabanka, sparisjóði, fjárfestingarbanka og rafeyrisfyrirtæki. Í samræmi við eðli starfseminnar eru upplýsingaskyldur stjórnar og stjórnenda lánastofnana, umfram það sem gildir um önnur félög, einkum til FME. Þannig er lánastofnunum, líkt og öðrum fjármálafyrirtækjum, skylt að skila ársreikningi til FME innan tíu daga frá undirritun og eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsársins. Einnig er áskilið að ársreikningurinn liggja frammi hjá viðkomandi lánastofnun, almenningi til ráðstöfunar, innan tveggja vikna frá aðalfundi. FME setur reglur um uppsetningu ársreikningsins, innihald einstakra liða rekstrar- og efnahagsreiknings sem og liða utan efnahagsreiknings, skýringar og mat á einstökum liðum samkvæmt 88. gr. laga nr. 161/2002. Reglurnar sem FME hefur sett um reikningsskil lánastofnana eru mjög ítarlegar og er 40 síðna lengd þeirra til merkis um það.⁶¹ Kröfur laganna um upplýsingar í skýrslu stjórnar eru hins vegar hliðstæðar við önnur félög og vísað til hlutafélagalaganna⁶² í 89. gr. sem fjallar um skýrslu stjórnar. Um upplýsingaskyldu þeirra sem eignast vilja virkan hlut í lánastofnun er fjallað sérstaklega í lögnum en ekki er tilefni til að fjalla um það nánar hér. Sérstök upplýsingaskylda endurskoðenda samkvæmt lögnum verður tekin fyrir síðar í ritgerðinni.

Vátryggingafélög hafa skyldur um upplýsingar til FME sem eru um margt hliðstæðar þeim skyldum sem lánastofnanir hafa. Þessar skyldur eru skilgreindar í lögum nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi. Samkvæmt lögnum ber vátryggingafélögum skylda til að skila ársreikningi til FME innan tíu daga frá samþykkt hans en þó eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs. Sama skylda hvílir á félögnum eins og á lánastofnununum að hafa ársreikning aðgengilegan og til ráðstöfunar fyrir almenning, en að auki er áskilið í lögnum (44. gr.) að FME skuli birta meginniðurstöður ársreiknings í Lögbirtingablaðinu. Það er hins vegar ráðherra sem setur reglugerð með nánari ákvæðum um form og innihald ársreiknings

⁶¹ Reglur nr. 834/2003 um reikningsskil lánastofnana. Aðgengilegar á <http://www.fme.is>

⁶² Rökkréttara virðist að vísa að þessu leyti til ákvæða ársreikningalaga sem fjalla um skýrslu stjórnar, en slík ákvæði eru ekki lengur í lögum um hlutafélög.

vátryggingafélaga.⁶³ Samkvæmt 38. gr. laga nr. 60/1994 ber vátryggingafélögum skylda til að halda skrá yfir þær eignir sem eru til jöfnunar vátryggingaskuld og skal staðfest afrit skrárinnar fylgja ársreikningi. Þá segir í 47. gr. laganna að FME skuli setja nánari reglur um þau gögn um starfsemina sem fylgja eigi ársreikningi. Ekki verður séð á heimasíðu FME að slíkar reglur hafi verið gerðar opinberar. Auk þessa eru í lögnum ýmis ákvæði um upplýsingar sem vátryggingafélög skulu gefa FME um starfsemi sína í því markmiði að FME geti haft eðlilegt eftirlit með starfsemi félaganna og stöðu þeirra. Lögin eru fáorð um það sem koma skal fram í skýrslu stjórnar með ársreikningi, en í fyrrnefndri reglugerð eru gerðar kröfur um upplýsingar í skýrslu stjórnar sem í flestu eru hliðstæðar við almennar kröfur ársreikningalaga. Upplýsingaskyldur þeirra sem vilja fara með virkan hlut eru hliðstæðar við þær sem gilda um sömu aðila í lánastofnunum og um ákvæði laganna um endurskoðendur verður nánar fjallað um síðar.

Ákvæði laganna um verðbréfavíðskipti, fjármálafyrirtæki, lífeyrissjóði og vátryggingafélög eru fátækleg af ákvæðum um það hverjir beri ábyrgð á upplýsingaskyldum laganna. Ef viðkomandi starfsemi er rekin í hlutafélagaformi er ábyrgðin skýr þar sem stjórn er ábyrg fyrir rekstri félagsins og framselur hluta af valdi sínu til framkvæmdastjóra. Um önnur félagsform, t.d. lífeyrissjóði, þarf að setja reglugerð til þess að starfsleyfi fáið og verður að reikna með að völd og ákvarðanatáka séu skilgreind í slíkum reglugerðum. Almennt verður þó að gera ráð fyrir að vald og ábyrgð sé með þeim hætti sem skilgreint er í hlutafélagalögum, þ.e. að félagsstjórnin og framkvæmdastjórinn beri ábyrgð á upplýsingagjöf samkvæmt lögum.

2.3. Réttur hluthafa til upplýsinga.

Eins og fram kom í inngangi ritgerðarinnar voru það eigendur félaga og þá einkum þeir sem ekki höfðu dagleg afskipti af rekstri þeirra sem segja má að hafi verið fyrstu notendur upplýsinga sem stjórn og stjórnendur veita um starfsemi félags og efnahagslega stöðu. Hér að framan hefur verið fjallað um skilgreindar skyldur

⁶³ Reglugerð nr. 613/1996 um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga með áorðnum breytingum skv. reglugerð nr. 956/2001. Aðgengileg á www.reglugerd.is

forsvarsmanna til að veita hluthöfum og öðrum upplýsingar. Í þessum kafla verða teknar saman þær reglur sem gilda um upplýsingar sem beinast sérstaklega að hluthöfum, rétt hluthafa til upplýsinga og möguleika þeirra til samskipta við stjórn félags og stjórnendur þess.

Vettvangur hluthafa til samskipta við stjórn og stjórnendur félags er hluthafafundur, sem fjallað er um í X. kafla hlutafélagalaga nr. 2/1995 (hér eftir hlutafélagalög eða hfl.). Í upphafsgrein kaflans, 80. gr., er skilgreint að hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum hlutafélags samkvæmt lögum og samþykktum félagsins. Jafnframt segir að hluthafar fari með ákvörðunarvald sitt í málefnum félagsins á hluthafafundum. Hluthafafundur er því eini lögformlegi vettvangur hluthafa til að hafa áhrif á starfsemi félagsins og þar með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við stjórnendur. Hluthafar hafa því ekki lagalegan rétt, utan hluthafafundar, til að snúa sér til stjórnar eða framkvæmdastjóra með fyrirmæli til að hafa áhrif á starfsemi félagsins.⁶⁴ Í 3. mgr. 80. greinarinnar er tiltekið að allir hluthafar hafi heimild til að sækja hluthafafund og taka þar til máls.

Samkvæmt 84. gr. hfl. eru tveir hluthafafundir skyldubundnir. Annars vegar skal halda aðalfund eigi sjaldnar en einu sinni á ári og aldrei síðar en innan átta mánaða frá lokum hvers reikningsárs. Þar skal staðfesta ársreikning félagsins, ákveða hvernig fara skal með hagnað eða tap þess á reikningsárinu, taka ákvörðun um tillögu félagsstjórnar um starfskjarastefnu í félögum af þeirri stærð sem skilgreind er í 79. gr. a. í hfl. og taka ákvörðun um önnur þau mál sem heyra undir aðalfund samkvæmt samþykktum viðkomandi félags. Hins vegar ber félagsstjórn skylda til að sjá um að haldinn sé hluthafafundur innan sex mánaða frá því að eigið fé samkvæmt bókum félagsins er orðið minna en helmingur af skráðu hlutafé þess. Án þess að styðja það öðrum rannsóknargögnum en reynslu höfundar verður hér fullyrt að þessi skylda er almennt ekki uppfyllt.

Í 86. gr. hfl. kemur fram að hver hluthafi eigi rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir um það skriflega kröfu til félagsstjórnar með nægjanlegum fyrirvara til þess að taka málið á dagskrá. Um samspil þessa ákvæðis

⁶⁴ Áslaug Björgvinsdóttir, „Málfrelsi hluthafa á hluthafafundum“, *Útlifjótur* 2007 (1) bls. 176.

og ákvæðis 3. mgr. 80. gr. um málfrelsi hluthafa hefur orðið ágreiningur hér á landi. Á hluthafafundi í Straumi-Burðarási fjárfestingarbanka hf. þann 19. júlí 2006 var eitt mál á dagskrá, stjórnarkjör. Að þeirri dagskrá tæmdri vildu tveir hluthafar taka til máls og bera fram fyrirspurnir til fráfara stjórnar. Fundarstjóri hafnaði því hins vegar á þeirri forsendu að réttur hluthafa til að færa mál á dagskrá fundarins væri samkvæmt samþykktum háður því að beiðni um slíkt bærist skriflega með viku fyrirvara.⁶⁵ Verður að álykta að ákvæði samþykktanna kveði á um fyrirvara í samræmi við ákvæði 86. gr. hfl. og því reynir á túlkun á því hversu langt réttur hluthafa til að taka til máls nær samkvæmt 3. mgr. 80. gr. hfl. Stefán Már Stefánsson telur að í þessu efni verði hluthafar, þrátt fyrir réttinn til að taka til máls, almennt að halda sig við þá liði sem eru á dagskrá fundarins.⁶⁶ Út frá því sjónarmiði var fundarstjóri í rétti að neita viðkomandi hluthöfum um að taka til máls þar sem eina málið á dagskrá hafði verið afgreitt. Hins vegar verður einnig að horfa til þess að grundvallarhlutverk laga um hlutafélög er að leysa úr hagsmunaaðrekstrum aðila sem félaginu tengjast, m.a. hluthafa og stjórnenda. Þar sem hluthafafundur getur tekið til umfjöllunar og afgreiðslu hvert það málefni, sem varðar félagið,⁶⁷ og með hliðsjón af ákvæðum 91. gr. hfl. um rétt hluthafa til að krefjast tiltekinna upplýsinga á hluthafafundi ef slíkt má verða án tjóns fyrir félagið, verður að gera þá kröfu til fundarstjóra að hann meti hvort þau mál sem hluthafar vilji ræða eigi erindi inn á hluthafafund. Réttur hluthafa til upplýsinga er m.a. til þess fallinn að veita stjórnendum aðhald og þær takmarkanir sem eru á upplýsingaskyldu samkvæmt 91. gr. hfl. eru ekki hugsaðar til þess að verja stjórnendur fyrir gagnrýni.⁶⁸ Skylda hluthafa skv. 86. gr. hfl. til að hafa nægjanlegan fyrirvara á þeim málum sem þeir vilja taka upp á hluthafafundi er bundin við mál sem taka á til meðferðar og afgreiðslu samkvæmt 89. gr. hfl. en ætti ekki að koma í veg fyrir að hluthafar geti borið fram fyrirspurnir sem félagsstjórn er skylt að svara með þeim fyrirvörum sem greinir í 91. gr. hfl. Hluthafar verða á hinn bóginn að sætta sig við að fundarstjóri setji þeim hæfilegar skorður um að fyrirspurnir þeirra varði í raun málefni félagsins auk þess sem hluthafar verða að virða eðlilegar tímatakmarkanir fundarstjóra.⁶⁹

⁶⁵ *Morgunblaðið*, 20. júlí 2006

⁶⁶ Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir*, bls. 286

⁶⁷ Hrd. 2001. 2666 Bls. 2671.

⁶⁸ Áslaug Björgvinsdóttir, „Málfrelsi hluthafa á hluthafafundum“, bls. 177.

⁶⁹ Sama heimild bls. 181.

Upplýsingaskylda félagsstjórnar og framkvæmdastjóra til hluthafa á hluthafafundi kemur fram í 91. gr. hfl. Þar kemur fram að þessum aðilum er skylt, að því gefnu að félagsstjórn telji að það valdi félaginu ekki tjóni, að leggja fram á hluthafafundi upplýsingar um þau málefni, sem skipta máli um mat á ársreikningi félagsins og stöðu þess að öðru leyti eða geta haft áhrif á afstöðu hluthafa til mála, sem taka á ákvörðun um á fundinum. Þá segir að sama skylda eigið við um samband félagsins við félög innan sömu samstæðu. Sem fyrr segir leggur þessi grein þær skyldur á herðar stjórnar og framkvæmdastjóra að upplýsa hluthafa um málefni félagsins og gera verður ráð fyrir að þessir aðilar verði að rökstyðja afstöðu sína um að veiting upplýsinga um tiltekin atriði geti valdið félaginu tjóni. Vilji hluthafi ekki sætta sig við þá afstöðu stjórnar getur hann í fyrsta lagi freistað þess að höfða mál á hendur félaginu vegna meintra brota á þessari skyldu og t.d. gert kröfu til þess að stjórnin veiti aðgang að tilteknum skriflegum upplýsingum. Í slíku máli yrði hann að sýna fram á að neitun félagsstjórnar hafi verið ólögmæt. Hann gæti líka höfðað mál til ógildingar á ákvörðun hluthafafundar með vísan til 96. gr. hfl. og byggt á því að reglur 91. gr. hafi verið brotnar við ákvarðanatökuna. Í öðru lagi gæti hluthafinn skotið máli sínu til hluthafafundar, en félagsstjórnin hefur almenna upplýsingaskyldu gagnvart hluthafafundi sem æðra settum stjórnunaraðila. Hluthafafundurinn gæti þannig tekið ákvörðun um að félagsstjórn veitti umbeðnar upplýsingar burtséð frá því hvort hún teldi það valda félaginu tjóni. Í þriðja lagi gæti hluthafinn kært félagsstjórn fyrir vanrækslu samkvæmt ákvæðum 152. gr. hfl. til hlutafélagaskrár, en niðurstöðu hennar mætti bera undir dómstóla.⁷⁰

Auk ákvæða hfl. um hluthafafundi og réttindi hluthafa sem tengjast þeim eru mörg ákvæði sem miða að því að tryggja hluthöfum nauðsynlegar upplýsingar um félagið sem þeir eru aðilar að. Hér má nefna ákvæði 33. gr. um þær upplýsingar sem eiga að vera hluthöfum aðgengilegar í tengslum við hlutafjárútkningu, en þar er skylt að veita upplýsingar um hag félagsins, ef ekki á að fjalla um ársreikning á þeim fundi sem taka á ákvörðun um aukninguna. Jafnframt ber að upplýsa hluthafann, í boðun fundarins, um þann áskriftarrétt sem hann á að nýju hlutafé og ef víkja á frá reglum um áskriftarrétt hluthafa ber að gera grein fyrir ástæðum þess. Stjórn félags sem nýtir sér heimild sína til útgáfu nýs hlutafjár ber með hliðstæðum hætti að upplýsa

⁷⁰ Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir*, bls. 287 – 288.

hluthafa um slíka aukningu samkvæmt ákvæðum 42. greinar. Þótt reglum VIII. kafla hfl. um eigin hluti sé einkum ætlað að vernda hag kröfuhafa hlutafélags tryggja ákvæði 55. gr. hfl. hluthöfum rétt til þátttöku í ákvörðun um heimild félags til að kaupa eigin hluti og samkvæmt 56. gr. eiga hluthafar rétt á að fjalla um kaup félags sem er umfram þá heimild sem hluthafafundur hefur veitt. Meðal nýlegra breytinga á lögnum sem varða rétt hluthafa eru ákvæði 79. gr. a. sem kveður á um að starfskjarastefna félaga yfir skilgreindum stærðarmörkum skuli samþykkt á aðalfundi. Þessari grein var bætt við lögum með lögum nr. 89/2006 og segir í athugasemdum með frumvarpi að þeim lögum að markmið þessa ákvæðis sé að veita hluthöfum í þessum félögum aukin áhrif yfir og innsýn í stefnu félagsins varðandi starfskjör stjórnenda og stjórnarmanna. Með því megi ætla að traust til fjármálaupplýsinga frá félögnum aukist en það sé nauðsynlegt fyrir viðskipti með hlutabréf.⁷¹ Ýmsar aðrar breytingar sem gerðar voru með þessari lagasetningu snúa að réttindum hluthafa og bættum stjórnarháttum. Þannig voru settar í lögum heimildir til hluthafa til að taka þátt í hluthafafundi með rafrænum hætti og jafnframt að heimild til að halda fundina að öllu leyti rafrænt (80. gr. a.) og heimild til að ákveða að samskipti við hluthafa verði að öðru leyti rafræn í stað þess að nota ápreifanleg skjöl. Með nýrri grein 63. a. er áskilið að hluthafar hafi ekki síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund aðgang að nánar skilgreindum upplýsingum um frambjóðendur við stjórnarkjör.

Þessu til viðbótar má hér nefna ýmis ákvæði hlutafélagalaganna sem tryggja réttindi minnihluta hluthafa, en upptalningin er þó ekki tæmandi. Fyrst má telja rétt hluthafa sem ráða yfir 10% hlutafjár til að fá boðaðan hluthafafund skv. 85. grein. Samkvæmt 3. mgr. 84. greinar geta hluthafar sem ráða yfir þriðjungi hlutafjár fengið afgreiðslu ársreiknings og ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar frestað á aðalfundi. Í 3. og 4. mgr. 63. gr. er gert ráð fyrir að ákveða megi í samþykktum félags að beita hlutfalls- eða margfeldiskosningu til stjórnar félags, en með því er minnihluta hluthafa tryggð eðlileg hlutdeild í stjórn félagsins. Í 96. gr. er hverjum hluthafa tryggður réttur til að höfða mál vegna ákvörðunar hluthafafundar sem tekin hefur verið með ólögumætum hætti. Skv. 97. gr. geta hluthafar sem ráða yfir 10% hlutafjár krafist sérstakrar rannsóknar á stofnun félagsins, tilgreindum atriðum varðandi starfsemi þess eða ákveðnum þáttum

⁷¹ Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum, þskj. 666, 444. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altxt/132/s/0666.html> [sótt á vefinn 27.02.2010]

bókhalds eða ársreiknings. Slík rannsókn er þó háð því að ráðherra telji nægjanlegt tilefni til hennar, en fari hún fram er hluthöfum tryggður aðgangur að skýrslu um hana í viku fyrir hluthafafund sem fjallar um hana. Einnig má nefna rétt hluthafa sem fara með 10% hlutafjár til að fá ákveðna lágmarksúthlutun arðs á aðalfundi að uppfylltum skilyrðum um að krafan komi fram fyrir fundinn og að skilyrði séu til að úthluta arði. Hluthafar sem ráða yfir 20% hlutafjár geta krafist slita á félaginu með dómi ef hluthafar hafa af ásetningi misnotað aðstöðu sína í félaginu eða tekið þátt í brotum á hlutafélagalögnum eða samþykktum félagsins. Enn má nefna ákvæði XIV. kafla laganna um samruna o.fl. þar sem hluthöfum í yfirteknum félögum er í 125. grein tryggður réttur til að krefjast skaðabóta hafi þeir gert um það fyrirvara á hluthafafundi og endurgjald fyrir hlutina hefur hvorki verið sanngjarnt eða efnislega rökstutt í samræmi við ákvæði laganna. Hafi hluthafar í félagi sem sameinað er öðru greitt atkvæði gegn samrunanum er þeim tryggður réttur til innlausnar samkvæmt 131. gr. hfl. Hluthafar í félagi þar sem einn aðili á meira en 90% hlutafjár geta einnig krafist innlausnar skv. 26. grein laganna. Loks má nefna að í 94. grein hfl. er hluthöfum tryggt neitunarvald um ákvarðanir um mismunun hluthafa við arðsúthlutun, um aukningu skuldbindinga hluthafa gagnvart félaginu og um að takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum eða þola innlausn hlutanna án þess að um slit sé að ræða.

2.4. Dómar og önnur dæmi um rétt hluthafa til upplýsinga.

Tveir nýlegir dómar Hæstaréttar fjalla um rétt hluthafa til að fá upplýsingar sem varða fjármálastofnanir. Í fyrra málinu krafðist kaupandi stofnfjár í SPRON (sem síðar breyttist í hlutafélag þegar sparisjóðnum var breytt í hlutafélag) upplýsinga frá formanni skilaneftndar SPRON um hver hefði verið seljandi bréfanna.⁷² Byggðist krafa hans á því að hann taldi verulegar líkur vera fyrir því að seljandi bréfanna hafi verið stjórnarmaður í sparisjóðnum. Hann gæti því átt kröfu á hendur viðkomandi stjórnarmanni vegna þess tjóns sem hann varð fyrir vegna kaupanna, en verðmæti hins keypta hafði hríðlækkað stuttu eftir kaupin. Kröfu sína á hendur stjórnarmanni myndi hann byggja á almennum reglum kröfuréttar og á ógildingarreglum sammingsréttarins, einkum vegna þess að stjórnarmaður í SPRON hefði á þeim tíma

⁷² Hrd. 408/2009.

sem viðskiptin fóru fram haft upplýsingar um verðmæti sparisjóðsins og þar með stofnfjárbréfanna sem kaupandinn hafði ekki. Við fyrirtöku málsins bar formaður skilanevndarinnar fyrir sig ákvæði 58. gr. laga nr. 161/2002 um bankaleynd, en af dómnum verður ráðið að hann hafi ekki tekið efnislega afstöðu til beiðinnar, heldur talið sig þurfa úrskurð yfirvalds um að honum væri heimilt að veita umbeðnar upplýsingar. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að þagnarskylda starfsmanna fjármálafyrirtækja víki því aðeins að skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum og hafnaði því kröfu hluthafans. Hæstiréttur bendir hins vegar á að sóknaraðili sé ekki að krefjast upplýsinga sem formaður skilanevndarinnar hefði aðgang að vegna starfsemi SPRON við miðlun bréfa í eigu annars manns, heldur um upplýsingar úr gögnum sem lögð voru fyrir stjórnarfund í sparisjóðnum. Sparisjóðnum hafi borið skylda til að halda skrá um stofnfjáreigendur og þeir hafi allir haft aðgang að skránni. Þar sem stofnfjáreigandi gæti með samanburði stofnfjárskrárinnar frá einum tíma til annars komist að því hver hefði verið seljandi bréfanna „...geta upplýsingar til kaupanda stofnfjárbréfa um það eitt, hver seljandi þeirra hafi verið, ekki varðað viðskipta- eða einkamálefni seljandans þannig að stjórnarmönnum eða starfsmönnum sparisjóðs sé óheimilt að veita þær...“. Féllst því Hæstiréttur á kröfu hluthafans og skyldaði formann skilanevndarinnar til að veita upplýsingar um seljanda stofnfjárbréfanna.

Í seinna málinu krafðist hluthafi þess að fá upplýsingar um lánveitingar Glitnis banka hf. til félags sem síðar var úrskurðað gjaldþrota.⁷³ Samkvæmt kröfulýsingu bankans í þrotabúið hafði hann lánað félaginu 24 milljarða króna sem virðast hafa tapast. Taldi hluthafinn sig hafa einkaréttarlega hagsmuni af því að fá upplýsingar um lánveitinguna og verið gæti að hann höfðaði mál á hendur bankanum ef gögnin sýndu að stjórnarmenn hafi ekki gætt hagsmuna bankans og hluthafa hans.⁷⁴ Krafðist hann því þess bæði af bankanum og þrotabúinu að fá afhent fylgigögn kröfulýsingar bankans í þrotabúið. Þar sem hluthafinn taldist ekki hafa lögvarða hagsmuni af því að fá afhent gögn úr þrotabúinu var kröfu hans gagnvart þrotabúinu

⁷³ Hrd. 758/2009.

⁷⁴ Hér virðist gæta misskilnings í kröfu hluthafans því samkvæmt 134. gr. hfl. væri það bankinn sjálfur sem gæti höfðað mál á hendur stjórnarmönnum ef tilefni reyndist til, sbr. ábendingu í niðurstöðu í Hrd. 228/2009 þar sem bent er á að störf stjórnarmanna gætu hugsanlega felld á þá skaðabótaábyrgð gagnvart félaginu eða eftir atvikum refsíábyrgð, en ekki skaðabótaskyldu gagnvart einstökum hluthöfum.

hafnað á báðum dómstigum. Glitnir banki hf. bar aðallega fyrir sig bankaleynd skv. ákvæðum laga nr. 161/2002, en vísaði einnig til þess að í lögum nr. 2/1995 væri í einstökum greinum getið um rétt hluthafa til aðgangs að gögnum en hvergi mælt fyrir um víðtækan aðgang hluthafa að bókusum félags. Ekki var vikið að þessum seinni rökum í dómi héraðsdóms eða í niðurstöðu Hæstaréttar, en niðurstaðan byggðist á því að bankaleyndinni væri ætlað að vernda hagsmuni viðskiptamanna bankans, en ekki hagsmuni bankans. Þegar viðskiptamaðurinn er orðinn gjaldþrota verði ekki séð að hann hafi hagsmuni af því að halda upplýsingunum leyndum, enda hafði þrotabúið ekki tekið afstöðu til beiðninnar eins og henni var beint að bankanum. Var krafa hluthafans um afhendingu gagna frá bankanum því samþykkt í héraðsdómi og Hæstiréttur staðfesti þá niðurstöðu.

Á árunum 2005 og 2006 reyndi á rétt hluthafa til upplýsinga á hluthafafundi á tveimur hluthafafundum hjá FL Group hf. (nú Stoðir hf.). Í lok júní 2005 sögðu þrír stjórnarmenn af sjö sig úr stjórn félagsins á sama tíma og stór hluthafi seldi hlut sinn í félaginu.⁷⁵ Fljótlega eftir það kom upp orðrómur um að þessir atburðir tengdust því að fjármunum félagsins hefði verið ráðstafað í þágu þriðja aðila. Í viðauka við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis upplýsti einn stjórnarmannanna að í samtölum sínum við forstjóra félagsins hefði komið fram að fjármunir félagsins hefðu horfið af reikningum félagsins í Kaupþingi í Lúxemborg. Stjórnarmaðurinn gerði hins vegar ekki grein fyrir þessu í ræðu sinni á aðalfundi félagsins í júlí, þar sem hann skýrði úrsögn sína.⁷⁶ Á hluthafafundi í byrjun nóvember óskaði einn hluthafi eftir því að endurskoðendur félagsins upplýstu hvort einhverjar greiðslur hefðu farið af reikningum félagsins í þágu annarra. Stjórnarformaður félagsins varð til svara og benti á að í sex mánaða árshlutareikningi sem endurskoðendur höfðu kannað væru engar athugasemdir um þetta atriði né önnur, enda væri endurskoðun vegna ársins ekki hafin. Endurskoðendur myndu hins vegar fara yfir þetta mál og önnur í endurskoðun sinni og niðurstaðan myndi liggja fyrir á aðalfundi félagsins í upphafi árs 2006.⁷⁷ Þegar kom að aðalfundi í mars 2006 ítrekaði hluthafinn spurninguna sína. Annar af endurskoðendum félagsins svaraði því til að í endurskoðun ársreiknings hefðu stærri

⁷⁵ „Þrír segja sig úr stjórn FL Group“, *Morgunblaðið* 1. júlí 2005.

⁷⁶ Rannsóknarnefnd Alþingis samkvæmt lögum nr. 142/2008 um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna og tandra atburða: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*, Reykjavík 2010, 8. bindi, bls. 35 - 36.

⁷⁷ „Eðlilegt að endurskoðendur skoði þetta“, *Morgunblaðið* 2. nóvember 2005.

færslur á því tímabili sem rætt var um verið skoðaðar sérstaklega. Umtalsverðir fjármunir félagsins væru í ávöxtun á hverjum tíma en skemmst væri frá því að segja að allar útborganir félagsins hefðu skilað sér til baka með eðlilegri ávöxtun og hann gæti staðfest að þar væru engar slíkar greiðslur sem hluthafinn hefði vísað til.⁷⁸ Samkvæmt upplýsingum endurskoðandans taldi hann sér ekki skylt að svara spurningunni samkvæmt ákvæði 2. mgr. 107. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga, en þar segir að endurskoðendur skuli svara fyrirspurnum um ársreikninginn sem til umfjöllunar er. Hann veitti umræddar upplýsingar að beiðni stjórnar félagsins og með vísan til upplýsingaskyldu stjórnar samkvæmt 91. grein laga nr. 2/1995 um hlutafélög.⁷⁹ Á árinu 2009 kom fram í fréttum að efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra hefði viðskipti FL Group hf. á árinu 2005 til skoðunar. Af því tilefni kom hluthafinn sem upplýsinganna krafðist á hluthafafundunum tveimur því á framfæri að hann teldi endurskoðendur félagsins hafa verið að vernda stjórn félagsins, en ekki gæta hagsmuna hluthafa. Það væri hins vegar hlutverk endurskoðandanna að gæta hagsmuna hluthafanna sem kusu þá, meðal annars gagnvart stjórn.⁸⁰ Rétt er þó að benda á að ekkert hefur verið upplýst um niðurstöður rannsóknarinnar og ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að upplýsingar sem endurskoðandinn veitti á aðalfundinum hafi ekki verið réttar.

Til viðbótar ofangreindu dæmi verður hér rakið mál sem ekki var opinbert en varðaði íslenskt félag, sem hafði skráð skuldabréf á skipulegum verðbréfamarkaði. Svo háttaði til að félagið var að öllu leyti í eigu annars félags, sem ekki var skráð á markaði. Í apríl 2004 krafðist hluthafi sem hafði yfir að ráða rúmlega 12% eignarhlut í móðurfélaginu hluthafafundar þar sem hann krafðist að eftirtalin mál yrðu tekin til umræðu:

- a. Rekstur félagsins og dótturfélaga þess og framtíðarhorfur.
- b. Staða félagsins og dótturfélaga þess við lánveitendur, vanskil og hugsanleg gjaldfellingarákvæði.
- c. Viðskipti stjórnarmanna með hluti í félaginu.
- d. Viðskipti félagsins og dótturfélaga þess við aðila sem eru fjárhagslega tengdir stjórnarmönnum.

⁷⁸ „Hlutabréfasafn FL Group 150 milljarðar“, *Morgunblaðið* 22. mars 2006.

⁷⁹ Samtal höfundar við Jón S. Helgason endurskoðanda þann 12. mars 2010.

⁸⁰ „Segir endurskoðendur hafa verndað stjórn FL“, *Morgunblaðið* 6. júní 2009.

Hluthafinn krafðist þess jafnframt að stjórn félagsins útbyggi skýrslur um rekstur félagsins á fyrsta fjórðungi ársins, um lán félagsins og dótturfélaga og vanskil á þeim, um viðskipti stjórnarmanna eða félaga þeirra með hluti í félaginu og um viðskipti félagsins og dótturfélaga þess við aðila sem eru fjárhagslega tengdir stjórnarmönnum með samanburði við aðra viðskiptavini félaganna með ljósriti af öllum slíkum samningum við aðila sem tengdust stjórnarmönnum.⁸¹

Stjórn viðkomandi félags fékk lögmann og endurskoðanda félagsins til að leiðbeina sér um viðbrögð við beiðni hluthafans. Í svari þeirra kom í fyrsta lagi fram að stjórn félagsins var skylt að boða til hluthafafundarins í samræmi við ákvæði 85. gr. hfl. og samsvarandi ákvæði í samþykktum félagsins. Í öðru lagi var það niðurstaða þeirra að réttur hluthafans til upplýsinga og skylda stjórnar til að veita þær væru bundin hluthafafundi og hluthafinn ætti því engan rétt á að fá upplýsingar frá stjórninni fyrir fundinn eins og hann krafðist og hann ætti heldur engan rétt á sjálfstæðri skoðun eða rannsókn á bókhaldi eða öðrum gögnum félagsins. Hann yrði að láta sér nægja þau gögn sem stjórnin ákvæði að útbúa vegna kröfu hans um upplýsingar. Varðandi mat stjórnar um hvaða upplýsingar geti valdið tjóni var í svari sérfræðinganna talið að með þessu væri ætlunin að tryggja hagsmuni félagsins vegna viðskiptaleyndarmála og áætlana sem væru á viðkvæmu stigi. Hins vegar töldu þeir að upplýsa yrði öll atriði varðandi fjárhagsstöðu félagsins. Stjórninni var bent á ákvæði 76. gr. hfl. sem segir að félagsstjórn megi ekki gera neinar ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins. Síðan var lýst afstöðu til einstakra krafna hluthafans um upplýsingar:

- a. Mælt var með því að hluthafinn fengi almennar upplýsingar um reksturinn það sem af var árinu og helstu niðurstöður rekstraráætlunar. Ekki var talið að hann ætti rétt á að fá rekstraráætlanir í heild né heldur afrit af innanhússuppgjörum félagsins.
- b. Talið var að ársreikningur félagsins veitti fullnægjandi upplýsingar um langtímalán félagsins. Ekki var talið eðlilegt að veita upplýsingar um ákvæði lánasamninga um gjaldfellingar, en talið eðlilegt að upplýsa um að öll lán félagsins væru í skilum.

⁸¹ Krafa hluthafa um hluthafafund, 15. 4. 2004. Trúnaðarskjal í vörslu höfundar.

- c. Vísað var til 67. gr. hfl. um skyldu stjórnarmanna til að upplýsa um hlutafjäreign sína til stjórnar við upphaf stjórnarstarfa sinna síðari kaup og sölur á hlutafé. Ekki var talið að hluthafinn ætti rétt á þessum upplýsingum en hins vegar ætti hann rétt á aðgangi að hluthafalista félagsins í samræmi við ákvæði 30. gr. hfl. Ekki var talið að hluthafi ætti rétt á upplýsingum um viðskipti félaga tengdum stjórnarmönnum með hlutabréf í félaginu enda ekki á færi félagsins að veita upplýsingar um það nema að því leyti sem tilkynningar berast félaginu um eigendaskipti á hlutabréfum en þar er almennt ekki upplýst um verð í viðskiptum.
- d. Varðandi viðskipti við aðila tengda stjórnarmönnum var þeirri afstöðu lýst að almennt væru samningar um slík viðskipti bundnir trúnaði milli aðila og stjórn félagsins gæti því ekki upplýst um skilmála í þeim viðskiptum né heldur gefið hluthafanum aðgang að slíkum samningum þar sem slíkt gæti bakað félaginu skaðabótaábyrgð og að auki komið sér illa af samkeppnisástæðum. Hins vegar gæti stjórnin gefið almenna yfirlýsingu um að jafnræðis væri gætt í samningum tengdra aðila sem nytu þannig ekki sérkjara vegna tengsla sinna.

Í bréfi lögmannsins og endurskoðandans var síðan fjallað um það orðalag 91. gr. hfl. að upplýsingaskyldan náí einnig til sambands félagsins við félög innan samstæðu. Var þeirri skoðun lýst að þessi upplýsingaskylda næði til viðskipta og fjárhagslegra tengsla móðurfélagsins og dótturfélagsins, en ekki til viðskipta dótturfélagsins við þriðja aðila. Stjórn móðurfélagsins bæri því ekki skylda til að upplýsa um rekstur dótturfélagsins eða fjárhagsstöðu þess enda alls ekki sjálfgefið að móðurfélagið hefði slíkar upplýsingar, þar sem stjórn dótturfélagsins var sjálfstætt skipuð. Var á það bent að við þær aðstæður að móðurfélag væri ekki eigandi alls hlutafjár í dótturfélagi, gætu upplýsingar sem stjórn móðurfélagsins veitti um málefni dótturfélagsins skapað móðurfélaginu skaðabótaskyldu samkvæmt 134. gr. hfl. Að lokum var í bréfinu ábending til stjórnar félagsins að hún gæti komið því á framfæri við hluthafann að samkvæmt ákvæðum hfl. gæti hann fengið ákvörðun hluthafafundar um það hvort leggja ætti fram ítarlegri upplýsingar en stjórnin kysi að láta honum í té. Til samþykktar slíkri ákvörðun þyrfti einfaldan meirihluta atkvæða. Þessi niðurstaða byggðist á ákvæðum 85., 86. og 92. gr. hfl.⁸²

⁸² Gunnar Sturluson hfl. og Símon Á. Gunnarsson endurskoðandi, bréf til stjórnar hlutafélags, 29. 4. 2004. Trúnaðarskjal í vörslu höfundar.

Það er reynsla höfundar að ekki reyni oft á þessi ákvæði hlutafélagalaganna og þá helst ef ágreiningur er uppi í tiltölulega þröngum hluthafahópum. Þess má geta að í framangreindu tilviki frá árinu 2004 kom ekki til þess að hluthafafundurinn væri haldinn þar sem eigendur meirihluta hlutafjár keyptu hlutafé þeirra eigenda sem hluthafinn sem krafðist fundarins var fulltrúi fyrir, áður en kom að boðuðum hluthafafundi.

3. Endurskoðendur og skyldur þeirra.

Endurskoðendur félaga eru kosnir af hluthöfum til að endurskoða ársreikninga félagsins og gefa aðalfundi álit sitt á honum. Hér á eftir verður fjallað um skyldur endurskoðenda til að veita upplýsingar samkvæmt lögum og samspil upplýsingaskyldu þeirra og þagnarskyldu.

3.1. Sögulegt yfirlit.

Fyrstu heimildir um endurskoðendur er raktar til Stóra Bretlands þar sem sú hefð mun hafa verið til staðar allt frá 13. öld að íbúar í bæjarfélögum kusu trúverðugan aðila úr sínum sem „awdytour“ (sbr. auditor á nútíma ensku) til að fara yfir og staðfesta á ári hverju að almannafé hefði verið ráðstafað á réttan hátt.⁸³ Það er hins vegar ekki fyrr en á tímum iðnbyltingarinnar sem ársreikningsgerð eins og við þekkjum hana í dag kemur til sögunnar og á sama tíma verður til stétt endurskoðenda sem óháðra sérfræðinga sem staðfesta áreiðanleika reikningsskilanna. Um miðja nítjándu öldina voru sett tvenn lög í Bretlandi sem nefndust „Joint Stock Companies Act“ um félög í eigu einkaaðila og „Companies Clauses Consolidation Act“ um félög í eigu opinberra aðila, sem bæði gerðu kröfu til árlegrar endurskoðunar reikningsskila sem unnin væri af aðila sem hluthafarnir kusu til þess starfa. Í seinni lögunum var sérstaklega tekið fram að einstaklingurinn mætti ekki vera í þjónustu félagsins og því er krafan um óhæði jafngömul stétt endurskoðenda. Fyrsta félag löggiltra endurskoðenda (e. chartered accountant) var síðan stofnað í Skotlandi árið 1854.⁸⁴

Hér á landi var á árinu 1872 gefin út tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi og voru í henni m.a. fyrirmæli um reikningshald og reikningsskil hreppsnefnda. Í 20. grein tilskipunarinnar kemur síðan fram að annaðhvort skuli hreppsnefndin öll rannsaka ársreikninginn eða kjósa mann til að endurskoða hann. Sama ár var gefin út samþykkt um bæjarmálefni Reykjavíkur og þar voru ákvæði um endurskoðun bæjarreikninganna.⁸⁵ Fyrstu íslensku lögin um löggilta endurskoðendur voru sett 15. júní 1926 og voru nr. 9/1926. Var atvinnumálaráðuneytinu með lögunum, sem í heild

⁸³ Coffee, *Gatekeepers*, bls. 109.

⁸⁴ Sama heimild bls. 111.

⁸⁵ Björn E. Árnason, „Fyrstu ár endurskoðunar og menntamálin“. Í *Afmælisriti Félags löggiltra endurskoðenda*, Reykjavík 1995, bls. 46.

voru átta greinar, heimilað að löggilda endurskoðendur. Þeir skyldu vera fjár síns ráðandi og lögráða og þurftu að sanna fyrir ráðuneytinu eða nefnd sem ráðherra skipaði að þeir hefðu þá þekkingu á viðskiptum og reikningshaldi sem krafist væri í reglugerð og þeir máttu ekki „...reka atvinnu, er ráðherra telur ósamrýmanlega endurskoðunarstarfinu.“ Í 6. grein laganna sagði síðan: „Löggiltur endurskoðandi skal heita því við drengskap sinn að vinna verk sitt eftir beztu vitund og ljósta ekki upp leyndarmálum.“⁸⁶ Þannig eru í þessum lögum strax kynnt til sögunnar tvö lykilhugtök í störfum endurskoðenda: Óhæði og þagnarskylda. Þessi lög voru í gildi allt til ársins 1953 þegar lög nr. 80/1953 voru sett, en þau voru samtals 14 greinar og höfðu að geyma hliðstæð ákvæði um óhæði og þagnarskyldu og eldri lög. Hins vegar var búið að bæta við ákvæði um að sá löggiltur endurskoðandi sem gegndi öðru starfi eða ræki atvinnufyrirtæki andstætt fyrirmælum ráðherra hefði fyrirgert löggildingunni (11.gr.). Þá var einnig í lögnum refsíákvæði um sekt til ríkissjóðs vegna brota á lögnum eða reglum settum samkvæmt þeim, nema þyngri refsing lægi við að öðrum lögum (14. gr.).

Næst voru sett lög um löggilta endurskoðendur á árinu 1976, nr. 67/1976. Í þeim var gerð krafa um háskólamenntun til að fá löggildingunni en að auki er nákvæmari skilgreining en í eldri lögum á því hvenær endurskoðandi telst óháður. Næstu lög voru sett á árinu 1997, lög um endurskoðendur nr. 18/1997, en þar var áréttað að engir aðrir en þeir sem til þess hefðu fengið löggildingunni mættu nota orðið endurskoðandi í starfsheiti sínu og því var nafni lagabálksins breytt. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að enda þótt talið hafi verið að eldri löggjöf fullnægði skilyrðum áttundu félagsréttartilskipunar Evrópusambandsins um endurskoðendur, þætti æskilegt „...að í löggjöfinni séu að ýmsu leyti skerptar línur þannig að tekin séu af öll tvímæli að íslensk löggjöf samræmist téðri tilskipun.“⁸⁷ Í 7. grein laganna var það nýmæli að auk endurskoðendanna sjálfra voru starfsmenn þeirra bundnir þagnarskyldu um það sem þeir komust að vegna starfa sinna sem og þeir sem tekið höfðu að sér eftirlit með starfsemi endurskoðanda.⁸⁸

⁸⁶ Afmælisrit Félags löggiltra endurskoðenda, Reykjavík 1995, bls. 47.

⁸⁷ Frumvarp til laga um endurskoðendur, þskj. 261, 214. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/121/s/0261.html> [Sótt á vefinn 27.02.2010].

⁸⁸ Þótt ekki hafi verið til þess lagaskylda, höfðu a.m.k. sumir endurskoðendur haft þá reglu fyrir þennan tíma að láta starfsmenn gangast undir þagnarskyldu í ráðningarsamningum.

3.2. Núgildandi lög um endurskoðendur.

Núgildandi lög um endurskoðendur nr. 79/2008 tóku gildi í ársbyrjun 2009. Voru þau, eins og áður hefur komið fram, sett til að innleiða áttundu tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga.⁸⁹ Meðal nýmæla í þessum lögum er krafa um meistaranám í endurskoðun og reikningskilum til að fá löggildingu og skylduaðild að Félagi löggiltra endurskoðenda. Þá er endurskoðendaráði, sem skipað er af ráðherra, falið að fylgjast með að reglulegt gæðaeftirlit fari fram með endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Einnig er lögfest sú skylda endurskoðanda, sem ber ábyrgð á endurskoðun einingar tengdri almannahagsmunum, að taka sér hlé frá endurskoðun þeirrar einingar í tvö ár hið minnsta eigi síðar en sjö árum eftir að honum var falið verkið. Óhæði endurskoðenda er skilgreint með almennari hætti en áður, en áréttað að endurskoðandi skuli vera óháður viðskiptavini sínum bæði í reynd og ásýnd. Við mat sitt á óhæði skal endurskoðandi fylgja ákvæðum siðareglna sem Félag löggiltra endurskoðenda samþykkti í nóvember 2009. Siðareglurnar byggja á siðareglum alþjóðasamtaka endurskoðenda, IFAC, og eru mjög ítarlegar en íslenska útgáfan er samtals 121 blaðsíða. Þess má geta að upphafsorð siðareglanna eru þessi: „Aðalsmerki endurskoðendastéttarinnar er að starfa með hagsmuni samfélagsins að leiðarljósi.“⁹⁰

3.3. Þagnarskylda endurskoðenda.

Um þagnarskyldu endurskoðenda segir í 30. grein laga nr. 79/2008:

Endurskoðendur, starfsmenn endurskoðenda, eftirlitsaðilar og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu endurskoðenda eða eftirlitsaðila eru bundnir þagnarskyldu um allt það er þeir kunna að komast að vegna starfa sinna og leynt skal fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Hér er því bætt við eldri ákvæði um þagnarskyldu að þeir sem taka að sér störf í þágu endurskoðenda séu bundnir þagnarskyldu og að upplýsingaskylda samkvæmt lögum eða úrskurði dómara sé forsenda fyrir því að þagnarskyldunni sé vikið til hliðar.

⁸⁹ Frumvarp til laga um endurskoðendur, þskj. 827, 526. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altxt/135/s/0827.html> [sótt á vefinn 20.02.2010]

⁹⁰ Félag löggiltra endurskoðenda, *Siðareglur fyrir endurskoðendur*, Reykjavík, 2009. Aðgengilegar á www.fle.is

Þagnarskylda endurskoðenda kemur einnig fram í 108. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga en þar segir að endurskoðendum, skoðunarmönnum og samstarfsmönnum þeirra sé óheimilt að veita einstökum félagsaðilum eða óviðkomandi aðilum upplýsingar um hag félagsins. Hliðstætt ákvæði var áður í endurskoðunarkafli laga um hlutafélög nr. 32/1978. Í þessu sambandi má velta fyrir sér rétti einstakra stjórnarmanna til að fá upplýsingar frá endurskoðanda. Af orðalagi 108. greinarinnar og með hliðsjón af ákvæðum 105. greinar laganna um að endurskoðandi komi ábendingum sínum á framfæri við stjórn og framkvæmdastjóra telur höfundur óeðlilegt að einstakir stjórnarmenn hafi aðgang að endurskoðanda í þessum tilgangi. Enda þótt félagsstjórn skuli annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og fjármunum félagsins samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 2/1995 og stjórnarmenn eigi þar af leiðandi rétt á aðgangi að skjölum félagsins,⁹¹ verður að gera ráð fyrir að sá aðgangur sé veittur á vettvangi stjórnarinnar sem heildar og einstakir stjórnarmenn geti ekki krafði endurskoðendur eða starfsmenn félags um upplýsingar. Um þagnarskyldu endurskoðenda má enn nefna að í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála kemur fram í 119. grein að endurskoðanda er, sem vitni, óheimilt nema með leyfi þess sem í hlut á að svara spurningum um einkahagi manna. Hliðstætt ákvæði er í lögum nr. 142/2008 um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna og tengdra atburða.

Ekki er að finna dóma hér á landi um brot á þagnarskyldu endurskoðenda.⁹² Skúli Eggert Þórðarson hefur hins vegar fjallað um nokkur mál sem varða upplýsingaskyldu samkvæmt lögum um tekjuskatt.⁹³ Tekur hann þar meðal annars til umfjöllunar mál þar sem tekist var á um samspil reglunnar um þagnarskyldu endurskoðanda og almenna upplýsingaskyldu samkvæmt ákvæðum skattalaga. Snerist mál þetta um kröfu skattrannsóknarstjóra ríkisins um afhendingu gagna endurskoðanda um vinnu hans fyrir nokkur félög sem tengd voru innbyrðis og voru til

⁹¹ Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir*, bls. 258.

⁹² Í dómi Hæstaréttar 1991.936 var endurskoðandi ákærður fyrir brot á 7. grein laga nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur, en þar var ákvæði um þagnarskyldu að finna. Greinin fjallaði einnig um að löggiltir endurskoðendur hefðu réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna og virðist ákæran vera fyrir brot á þeim skyldum.

⁹³ Skúli Eggert Þórðarson, „Ákvæði 94. gr. tekjuskattslaga um upplýsingaskyldu – nokkur dómafordæmi“. Í *Afmælisrit. Jónatan Þórmundsson sjötugur, 19. desember 2007*, Reykjavík 2007, bls. 471 - 492.

rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra. Þar sem höfundur var sá sem krafa skattrannsóknarstjóra beindist að verður málið rakið hér nákvæmar heldur en gert er í tilvitnaðri grein fyrrum skattrannsóknarstjóra.

Almenn upplýsingaskylda er skilgreind í 1. málslíð 1. mgr. 94. greinar laga nr. 90/2003 um tekjuskatt (áður lög nr. 75/1981) og er orðuð þannig:

Öllum aðilum, bæði framtalsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi, sem óskað er, allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða skattlagningu þeirra aðila eða eftirlit með eða rannsókn á henni.

Með vísan til þessa ákvæðis og hliðstæðra ákvæða laga um virðisaukaskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda krafðist skattrannsóknarstjóri með bréfi í apríl 2002 gagna frá endurskoðandanum um störf hans í þágu félaganna sem til rannsóknar voru. Þau gögn sem „einkum“ var óskað eftir voru: „Öll vinnugögn, þ.e. stofnmöppur og vinnumöppur er varða skattskil ofangreindra aðila. Enn fremur afrit af bréfaskriftum, útreikningum og tillögugerð vegna sömu aðila. Hér er einnig átt við gögn á tölvutæku formi.“⁹⁴ Með bréfi lögmanns endurskoðandans var beiðni skattrannsóknarstjóra hafnað með vísan til þagnarskyldu samkvæmt þágildandi lögum um endurskoðendur. Var jafnframt vísað til 55. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála þar sem tekið er fram að ýmsum sérfræðingum meðal annars endurskoðendum sé óheimilt, nema með leyfi þess sem í hlut á, að svara spurningum um trúnaðarupplýsingar í opinberu máli, nema um afbrot sé að ræða sem varðar minnst tveggja ára fangelsi. Var þeirri afstöðu lýst að afhenda ekki gögn eða veita upplýsingar fyrr en héraðsdómur hefði úrskurðað um skylduna til afhendingar.⁹⁵ Þessum rökum hafnaði skattrannsóknarstjóri og ítrekaði kröfu um framlagningu gagna samkvæmt nákvæmari skilgreiningu en áður.⁹⁶ Með svarbréfi ítrekaði endurskoðandinn fyrri afstöðu en veitti umbeðnar upplýsingar um útgefna reikninga sína til viðkomandi viðskiptamanna eins og hann taldi sér skylt samkvæmt orðalagi 94. greinar laganna um tekjuskatt.⁹⁷ Í framhaldi af þessu ákvað skattrannsóknarstjóri að leita til héraðsdóms með beiðni um úrskurð um „...lögmati

⁹⁴ Bréf skattrannsóknarstjóra ríkisins til Símonar Á. Gunnarssonar dag. 24.04.2002, í vörslu höfundar.

⁹⁵ Bréf Gests Jónssonar hrl. til skattrannsóknarstjóra ríkisins, dags. 30.04.2002, í vörslu höfundar.

⁹⁶ Bréf skattrannsóknarstjóra ríkisins til Símonar Á. Gunnarssonar, dags. 2.5.2002, í vörslu höfundar.

⁹⁷ Bréf Símonar Á. Gunnarssonar til skattrannsóknarstjóra ríkisins, dags. 6.5.2002, í vörslu höfundar.

þeirrar háttsemi að neita að afhenda skattrannsóknarstjóra ríkisins gögn og upplýsingar...“.⁹⁸

Með beiðni sinni til héraðsdóms sendi skattrannsóknarstjóri ýmis gögn sem hann hafði úr fórum viðskiptamanna endurskoðandans. Meðal þeirra var bréf þar sem einn viðskiptamaðurinn nefndi endurskoðandann „financial adviser“.⁹⁹ Krafa skattrannsóknarstjóra byggðist því ekki síst á því að endurskoðandinn hefði gegnt hlutverki fjármálaráðgjafa viðkomandi félaga. Að svo komnu máli var það mat endurskoðandans og ráðgjafa hans að ekki væri annars að vænta en að héraðsdómur teldi kröfu skattrannsóknarstjóra um gögn fjármálaráðgjafans réttmæta og því var ákveðið að fengnu leyfi umbjóðenda að afhenda öll vinnugögn endurskoðandans. Skattrannsóknarstjóri hélt hins vegar uppi kröfu um málskostnað og úrskurðaði héraðsdómur honum í hag með úrskurði í nóvember 2002.¹⁰⁰

Í grein sinni telur fyrrum skattrannsóknarstjóri að ákvörðun héraðsdóms geti verið vísbending um afstöðu dómsins en varar við því að draga víðtækar ályktanir. Hann segir málið afar óvenjulegt þar sem „... neitun endurskoðunarstofu á að afhenda skattgögn og annan grundvöll skattframtals var fordæmalaus.“ Hann bendir á að allar forsendur skattskilanna, bókhald, minnisblöð, afstemmingar og önnur gögn hafi verið í höndum endurskoðandans og ef neitun hans hefði staðið óhögguð „... hefði skattyfirvöldum verið gert ókleift að sinna skyldu sinni og sannreyna hvort skattskilin hefðu verið í samræmi við þau viðskipti sem áttu að hafa farið fram.“¹⁰¹ Þykir höfundur hér heldur djúpt í árinna tekið. Annars vegar er því ranglega haldið fram að öll gögn varðandi skattskil hafi verið í vörslum endurskoðandans þ.m.t. bókhald félaganna, en augljóst er að meginhluti gagna sem skattskil byggjast á eru í vörslum viðkomandi skattaðila. Hins vegar var það aldrei í huga endurskoðandans að gera skattyfirvöldum ókleift að sinna skyldu sinni og afmörkuðum spurningum um tilgreind atriði skattskila viðkomandi viðskiptamanna hefði verið svarað, að gefnu samþykki viðskiptamannanna, ef slíkar spurningar hefðu verið bornar fram. Þeirri spurningu er á hinn bóginn enn ósvarað hvort endurskoðanda sé skylt að afhenda öll vinnugögn

⁹⁸ Bréf skattrannsóknarstjóra ríkisins til KPMG Endurskoðunar hf., dags. 21.5.2002, í vörslu höfundar.

⁹⁹ Bréf viðskiptamanns, dags. 3.10.1996, trúnaðarskjal í vörslu höfundar.

¹⁰⁰ Héraðsdómur Reykjavíkur, R-263/2002.

¹⁰¹ Skúli Eggert Þórðarson, „Ákvæði 94. gr. tekjuskattslaga um upplýsingaskyldu“. Bls. 486 - 487.

sín vegna skattrannsóknar án tillits til þess hvort gögnin varða skattskil eða önnur málefni viðskiptamannsins. Þess má geta að með lögum nr. 46/2009 var málsgrein bætt við 94. gr. laga nr. 90/2003 þar sem segir að ákvæði annarra laga um trúnaðar- og þagnarskyldu víki fyrir ákvæðum greinarinnar. Í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 46/2009 segir að þessari viðbót sé ætlað að taka af öll tvímæli um að ákvæði í öðrum lögum um þagnar- eða trúnaðarskyldu skuli alltaf víkja fyrir ákvæðum tekjuskattslaganna um upplýsingaskyldu. Er meðal annars vísað til dómaframkvæmdar í Bandaríkjunum sem staðfest hafi rétt skattyfirvalda í þessum efnum og þannig „... bætt stöðu skattyfirvalda gagnvart þeim sem ástunda að koma tekjum sínum undan skatti.“¹⁰² Má því segja að óvissa varðandi skyldu endurskoðenda til upplýsingagjafar hafi minnkað en að mati höfundar er ekki ótvírætt að skattyfirvöld geti krafist afhendingar allra vinnugagna endurskoðanda skattaðila án tillits til efnis þeirra, meðal annars með hliðsjón af meðalhófsreglunni sem fram kemur í 12. grein stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

3.4. Upplýsingaskyldur endurskoðenda

En þótt þagnarskylda endurskoðenda sé ríkur þáttur í starfi þeirra eru allmörg ákvæði sem kveða á um upplýsingaskyldu þeirra. Fyrst skal telja áritun endurskoðenda á reikningsskil en þar eru algengustu skilaboðin sem endurskoðendur koma á framfæri og beint er til hluthafa á aðalfundi þegar um ársreikning er að ræða, en nýtast jafnframt öðrum lesendum ársreikningsins. Í 104. gr. ársreikningalaga nr. 3/2006 kemur fram að endurskoðendur skuli árita ársreikninginn að lokinni endurskoðun. Samkvæmt 106. gr. laganna skal í árituninni koma skýrt fram hvaða ársreikning er verið að endurskoða, hvaða endurskoðunarreglum var beitt, hvert umfang endurskoðunarinnar var og álit endurskoðandans á því hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og efnahag og uppfylli lögboðnar kröfur, meðal annars hvað varðar atriði sem skylda er að upplýsa um í skýrslu stjórnar. Eftir atvikum er áritun endurskoðandans án fyrirvara, með fyrirvara, neikvæð eða án álits og skal í þeim tilvikum gerð grein fyrir því hvers vegna endurskoðandinn telur sig ekki geta gefið álit á reikningnum. Þótt álit endurskoðandans sé án fyrirvara getur hann sett í áritun sína

¹⁰² Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, þskj. 618, 366. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/136/s/0618.html> [sótt á vefinn 28.02.2010]

ábendingu vilji hann vekja sérstaka athygli lesandans á einhverjum atriðum í ársreikningnum. Vegna óvissu um fjárhagslega stöðu margra íslenskra félaga hafa slíkar ábendingar verið nokkuð algengar í áritunum endurskoðenda á ársreikninga fyrir árin 2008 og 2009. Áður en stjórn samþykkir ársreikning og endurskoðandi áritar hann gerir endurskoðandinn stjórn og framkvæmdastjóra grein fyrir þeim atriðum sem hann vill koma á framfæri. Samkvæmt 105. gr. ársreikningalaga skulu slíkar ábendingar og athugasemdir gerðar skriflega og stjórn félags skal varðveita þær á öruggan hátt.

Endurskoðendum ber skylda til, samkvæmt 3. mgr. 102. gr. ársreikningalaga, að gera grein fyrir því á aðalfundi ef þeir verða þess varir að stjórnendur félagsins hafa ekki farið að lögum, þannig að leitt geti til ábyrgðar fyrir þá eða félagið, eða brotið gegn samþykktum félagsins. Hliðstætt ákvæði var áður í endurskoðunarkafla laga nr. 32/1978 um hlutafélög, en þá var gert ráð fyrir því að endurskoðendur gerðu grein fyrir þessum atriðum í endurskoðunarskýrslu sem lögð skyldi fyrir aðalfund. Í reynd var þar um áritun endurskoðanda á ársreikning félagsins að ræða, þar sem aldrei hefur tíðkast að endurskoðendur geri aðalfundi aðra grein fyrir vinnu sinni en þá sem gerð er með áritun þeirra á ársreikninginn. Án þess að gefin sé frekari skýring á því í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 144/1994 er orðalaginu breytt þannig að endurskoðendur skuli gera aðalfundi grein fyrir þessum atriðum.¹⁰³

Við setningu laga nr. 144/1994 um ársreikninga var sett inn ákvæði, í þáverandi 65. grein laganna, sem hliðstæð er núverandi 104. gr. laga nr. 3/2006, um að endurskoðendur skyldu árita ársreikninginn meðal annars með áliti á því hvort ársreikningurinn sé saminn í samræmi við ákvæði laga og settar reikningssskilareglur og með greinargerð um niðurstöður endurskoðunarinnar að öðru leyti. Sem fyrr segir getur áritun endurskoðanda verið með ýmsum hætti. Það er mat höfundar að vitneskja endurskoðanda um atriði af þeim toga sem 3. mgr. 102. gr. laga nr. 3/2006 fjallar um gæti haft áhrif á áritun hans þannig að hún væri með fyrirvara eða ábendingu eða án álits. Það er hins vegar háð því að sú hegðun stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra sem vísað er til hefði veruleg áhrif á mat lesanda ársreikningsins á rekstri og stöðu félagsins. Það er ekki við hæfi að endurskoðandi tjái sig um slík

¹⁰³ Frumvarp til laga um ársreikninga, þskj. 73, 73. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/118/s/0073.html> [sótt á vefinn 13. 02. 2010]

atriði á aðalfundi með öðrum hætti en í áritun sinni og þrátt fyrir langa reynslu af störfum sem endurskoðandi, þekkir höfundur engin dæmi þess að aðalfundi hafi verið færð slík skilaboð endurskoðenda. Endurskoðendur, sem eiga lögvarinn rétt og í sumum tilfellum skyldu til að sitja aðalfundi, geta hins vegar svarað spurningum fundarins um endurskoðun sína. Ef fundarmenn óska nákvæmari upplýsinga um einstaka liði ársreiknings frá endurskoðanda verður að gæta að rétti félagsstjórnar samkvæmt ákvæðum 91. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög til að meta hvort slík upplýsingagjöf geti valdið félaginu tjóni. Það er því stjórnarinnar að ákveða hvort slíkar upplýsingar eru veittar, enda leggur stjórnin ársreikninginn fyrir aðalfundinn en ekki endurskoðandinn. Endurskoðanda er því nauðsynlegt meta hvort hann eigi að ráðfæra sig við stjórn félags áður en hann veitir umbeðnar upplýsingar um einstaka liði ársreiknings félagsins á aðalfundi.

Við endurskoðun fyrirtækja og stofnana sem háðar eru eftirliti Fjármálaeftirlitsins hefur endurskoðandi ríkar skyldur til að veita upplýsingar. Annars vegar er um að ræða almenna skyldu til að veita upplýsingar samkvæmt 3. mgr. laga nr. 87/1988 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Þar er lögð almenn skylda á einstaklinga og lögaðila til að veita FME upplýsingar og sérstaklega tekið fram að lagaákvæði um þagnarskyldu takmarki ekki skyldu til að veita slíkar upplýsingar. Þetta ákvæði er hliðstætt skyldu til veita skattfyrirvöldum upplýsingar skv. 94. grein laga nr. 90/2003.

Hins vegar eru í þeim lögum sem gilda um starfsemi ýmissa þeirra aðila sem FME hefur eftirlit með, að finna skyldu endurskoðenda til að veita upplýsingar að eigin frumkvæði. Þannig segir í 1. mgr. 92. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki að endurskoðandi skuli gera stjórn viðkomandi fyrirtækis og Fjármálaeftirlitinu viðvart ef hann verður:

...var við verulega ágalla í rekstri eða atriði er varða innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána, önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu hlutaðeigandi fyrirtækis eða atriði sem leiða til þess að hann mundi synja um áritun eða gera fyrirvara, svo og ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að lög, reglugerðir eða reglur sem gilda um fyrirtækið hafi verið brotnar...

Í 2. mgr. sömu greinar er síðan tekið fram að slík tilkynning feli ekki í sér brot á þagnarskyldu endurskoðandans samkvæmt lögum eða samningi og að endurskoðandinn skuli ekki sæta neins konar ábyrgð vegna hennar. Hliðstæð ákvæði eru í 46. gr. laga nr. 60/1994 um váttryggingarstarfsemi og 42. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Samkvæmt

upplýsingum FME er ekki haldið utan um fjölda eða efni slíkra tilkynninga, en aðstoðarforstjóri eftirlitsins segir ljóst að á þeim 15 árum sem liðin eru frá því þessi ákvæði voru sett í íslensk lög hafi slíkar tilkynningar verið örfáar og þær hafi aðallega tengst minni fjármálafyrirtækjum.¹⁰⁴ Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis kemur fram að endurskoðendur þeirra banka og sparisjóða sem skoðaðir voru í starfi nefndarinnar sendu FME engar slíkar tilkynningar vegna endurskoðunar sinnar.¹⁰⁵

Loks má geta þess að í lögum nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka er lögð tilkynningaskylda til lögreglu, og jafnframt bann við upplýsingagjöf til viðskiptamanna, á endurskoðendur eins og ýmsa fleiri vegna upplýsinga sem þeir afla í könnun áreiðanleika viðskiptamanna sinna. Áréttað er í 21. grein laganna að þetta teljist ekki brot á þagnarskyldu samkvæmt lögum eða með öðrum hætti.

Í kjölfar hruns bankanna hér á landi hefur talsverð gagnrýni komið fram á störf endurskoðenda og þeirri skoðun hefur verið lýst að þeir hefðu átt að sjá að hrun væri yfirvofandi og hefðu átt að vara við í áritunum sínum. Rannsóknarnefnd Alþingis komst að þeirri niðurstöðu að skort hafi á að endurskoðendur sinntu nægilega skyldum sínum við endurskoðun reikningsskila þeirra fjármálafyrirtækja sem nefndin tók til skoðunar varðandi mat á virði útlána til stærstu viðskiptaaðila, meðferð á hlutafjareign starfsmanna og fyrirgreiðslu fjármálafyrirtækjanna til kaupa á hlutabréfum í sjálfum sér.¹⁰⁶ Á grundvelli þessarar niðurstöðu vísaði nefndin því til sérstaks saksóknara að rannsaka hvort endurskoðendur þessara fjármálafyrirtækja hafi brotið starfsskyldur sínar við endurskoðun fyrirtækjanna þannig að refsingu varði.¹⁰⁷ Líta verður svo á, að með þessu telji nefndin að endurskoðendur hafi ekki sinnt þeirri skyldu sinni að upplýsa hluthafa og aðra haghafa um að staða fjármálastofnanna hafi í reynd verið lakari en hún var sýnd.

Ljóst er að þessi niðurstaða nefndarinnar er umdeilanleg. Varðandi hlutafjareign starfsmanna og fyrirgreiðslu fjármálafyrirtækjanna til kaupa á hlutabréfum í sjálfum

¹⁰⁴ Svar Ragnars Hafliðasonar, aðstoðarforstjóra Fjármálaeftirlitsins, í tölvupósti 10. mars 2010 við fyrirspurn höfundar 4. mars 2010.

¹⁰⁵ Rannsóknarnefnd Alþingis, *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008*, 3. bindi, bls. 153.

¹⁰⁶ Sama heimild.

¹⁰⁷ Sama heimild. 7. bindi, bls. 334.

sér hefur nefndin ekki bent á að framsetning þessara eigna hafi verið andstæð þeim reglum sem um þær gilda í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem reikningsskil fjármálastofnanna byggjast á. Um matsaðferðir staðlanna má hins vegar deila eins og áður hefur verið bent á. Varðandi mat á útlánnum dregur rannsóknarnefndin fram staðreyndir um niðurskrift útlána eftir kerfishrunið og ber fjárhæðir þeirra saman við niðurfærslu í ársreikningum 2007 og árshlutareikningum 30. júní 2008.¹⁰⁸ Sá samanburður er mjög óeðlilegur og ýtir undir þá ályktun að endurskoðendur hefðu mátt sjá kerfishrunið fyrir. Sannleikurinn er hins vegar sá að enginn sá kerfishrunið fyrir. Endurskoðendur eru ekki undanskildir ábyrgð á verkum sínum og verða að standa skil á því hvort trúverðug og áreiðanleg mynd hafi verið dregin upp af rekstri og efnahag fjármálastofnanna, þegar áhrifin af kerfishruninu eru undanskilin. Í því tilliti verða endurskoðendur að una niðurstöðum heiðarlegra rannsókna, þ.e. rannsókna sem miðast við að leiða í ljós hvað menn hefðu mátt vita án þess að búa yfir vitneskju um hvernig fór.¹⁰⁹

¹⁰⁸ Sama heimild. 3. bindi, bls. 134.

¹⁰⁹ Stefán Svavarsson, „Enginn sá kerfishrunið fyrir“. Í *Nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi – vaxtarsprotar endurreisnar*, Reykjavík 2010, bls. 48.

4. Nokkrir dómar um brot á upplýsingaskyldum stjórnenda og endurskoðenda.

Hér á eftir verður fjallað um nokkra dóma sem snerta upplýsingaskyldur stjórnenda, einkum með gerð ársreikninga og hlut endurskoðenda í þeim eftir því sem við á.

4.1. Hafskipsmálið.¹¹⁰

Hafskipsmálið átti rót sína að rekja til gjaldþrots félagsins í desember 1985. Málið varð mjög umfangsmikið og voru samtals 17 aðilar ákærðir í upphaflegri ákæru, en 14 þeirra voru sýknaðir með dómi sakadóms. Sérstakur saksóknari í málinu áfrýjaði því varðandi fjóra sakborninga. Hér verður einungis fjallað um þau atriði málsins sem varða upplýsingaskylduna en ákært var fjölmörg önnur brot. Í fyrsta kafla ákærunnar, eins og henni var breytt eftir áfrýjun til Hæstaréttar, voru þrjú stjórnendur félagsins og endurskoðandi þess ákærðir vegna framsetningu reikningsskila Hafskips hf. 31. ágúst 1984, en í þriðja kafla ákærunnar voru hliðstæðar ákæru á tvo stjórnendanna og endurskoðandann vegna ársreiknings félagsins fyrir árið 1984. Voru þeir ákærðir fyrir að rangfæra reikningsskil yfir rekstur og efnahag félagsins og dótturfélaga þess með því að útbúa efnislega röng bókhaldsgögn, með frestun gjaldfærslna og með því að gæta ekki viðurkenndra reikningsskilaaðferða. Var þetta talið gert í því skyni að villa um fyrir stjórn félagsins og til að tryggja félaginu áfram lánstraust og fyrirgreiðslu hjá viðskiptabanka sínum. Var endurskoðandinn jafnframt ákærður fyrir að árita reikningsskilin 31. ágúst 1984 þannig að ekki væri annað ráðið en að þau hefðu verið endurskoðuð þótt svo hafi ekki verið í reynd og fyrir að árita ársreikninginn 1984 þannig að ársreikningar allra félaga innan samstæðunnar hefðu verið endurskoðaðir, þótt ársreikningar þriggja dótturfélaga hefðu ekki verið endurskoðaðir. Voru brot stjórnendanna heimfærð undir 1. mgr. 158. gr. og 248. gr. almennra hegningalaga nr. 19/1940 (hgl.) og 1. tölulið 151. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög, en til vara 2. tölulið 152. gr. laganna. Brot endurskoðandans voru talin varða við 138. gr. og 158. gr. hgl., 86. gr., 3. mgr. 97. gr. og 151. gr. hlutafélagalaganna og 7., 10. og 17. gr. laga nr. 67/1976 um endurskoðendur.¹¹¹ Höfðu hinir ákærðu, stjórnendur og endurskoðandi, verið sýknaðir í sakadómi um rangfærslur vegna reikningsskilanna

¹¹⁰ Hrd. 1991.936

¹¹¹ Hrd. 1991.936, bls. 936 - 940.

31. ágúst 1984, en endurskoðandinn var talinn brotlegur við lög um endurskoðendur með því að taka ekki fram að reikningskilin væru óendurskoðuð.¹¹² Niðurstaða sakadóms um ársreikning 1984 var svipuð þannig að stjórnendur og endurskoðandinn voru sýknaðir af ákærum um rangfærslur meðal annars á þeirri forsendu að stjórn félagsins og endurskoðanda, sem og stjórn viðskiptabanka þess, hafi verið ljós hin erfiða staða félagsins þótt ársreikningur hafi ekki legið fyrir. Endurskoðandinn var hins vegar talinn sekur um brot á lögum um endurskoðendur vegna þess að hann áritaði ársreikninginn sem endurskoðaðan þrátt fyrir að ársreikningar dótturfélaga hefðu ekki allir verið endurskoðaðir.¹¹³

Í Hæstarétti varð niðurstaðan sú varðandi reikningskilin 31. ágúst 1984 að stjórnendurnir þrír hefðu gerst brotlegir við 2. mgr. 152. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög með rangri upplýsingagjöf, en niðurstaða sakadóms var staðfest varðandi sök endurskoðandans.¹¹⁴ Var því fallist á varakröfu ákærvaldsins varðandi brot stjórnenda á ákvæðum hlutafélagalaga og virðist ástæðan vera sú að í 151. grein laganna, þar sem tíunduð voru brot sem vörðuðu sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum, var vísað til vísvitandi rangrar upplýsingagjafar í ársreikningi en ekki fjallað um árshlutareikninga. Var brotið því fellt undir 152. gr. en þar voru upp talin brot sem einungis vörðuðu sektum eða varðhaldi. Fyrir þá ákæruliði sem sneru að ársreikningi 1984 voru stjórnendurnir tveir og endurskoðandinn sakfelldir fyrir brot samkvæmt 1. tl. 151. gr. hlutafélagalaga. Endurskoðandinn var jafnframt sakfelldur fyrir að hafa áritað ársreikninginn sem endurskoðaðan enda þótt ársreikningar tilgreindra dótturfélaga hefðu ekki verið endurskoðaðir. Var hann talinn brotlegur við ákvæði laga um endurskoðendur en jafnframt við 138. grein hgl. um brot í opinberu starfi, en samkvæmt 7. grein laga nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur töldust þeir til opinberra sýslunarmanna. Bæði stjórnendurnir og endurskoðandinn voru sýknaðir af ákærum um ranga upplýsingagjöf skv. 158. gr. hgl. þar sem ósannað taldist að þeir hefðu haft ásetning um að rangfæra árshlutareikninginn og ársreikninginn í blekkingarskyni.¹¹⁵ Samkvæmt þessu gerir Hæstiréttur greinarmun á því að skýra vísvitandi rangt eða villandi frá högum hlutafélags í ársreikningi og brjóta

¹¹² Hrd. 1991.936, bls. 1070 - 1073.

¹¹³ Hrd. 1991.936, bls. 1090 - 1093.

¹¹⁴ Hrd. 1991.936, bls. 983 - 984.

¹¹⁵ Hrd. 1991.936, bls. 994 - 998.

þannig gegn 1. tl. 151. gr. þágildandi hlutafélagalaga og því að „...hafa ásetning til þess að rangfæra efnahagsreikning ársreiknings í heild í blekkingarskyni.“¹¹⁶, eins og segir í röksemdum dómsins fyrir því að sýkna sakborningana af ákærum um brot á 1. mgr. 158. gr. hgl. Stjórnendurnir fengu skilorðsbundna dóma fyrir þessar sakir og aðrar sem dómurinn snerist um, en endurskoðandinn var dæmdur til sektargreiðslu.

4.2. Ávöxtunarmálið.¹¹⁷

Sameignarfélagið Ávöxtun var stofnað á árinu 1983 og tók félagið við fé til ávöxtunar í eins konar verðbréfasjóði og var féð ávaxtað með ýmiss konar fjárfestingum sem flestar reyndust illa. Ávöxtun sf. varð gjaldþrota í október 1988 sem og eigendur félagsins. Eigendur Ávöxtunar sf. stofnuðu á árinu 1986 Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. og seldi félagið almenningi hlutdeildarskírteini, svokölluð Ávöxtunarbréf. Urðu skírteinin vinsæl og nam sala þeirra, umfram innlausnir, yfir 200 milljónum króna á árunum 1987 og 1988. Engu að síður komst sjóðurinn í þrot á haustmánuðum 1988 og var skilanefnd falið að slíta félaginu í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga nr. 32/1978.¹¹⁸ Gefin var út ákæra á hendur eigendum Ávöxtunar sf., sem jafnframt voru aðaleigendur Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. og framkvæmdastjórar beggja félaganna, og endurskoðanda félaganna. Voru eigendurnir ákærðir fyrir ýmis brot en hér verður fjallað um þau sem snúa að bókhaldi og ársreikningum félaganna tveggja árið 1987. Ákæra á hendur endurskoðandanum snerist einvörðungu um ársreikninga félaganna fyrir árið 1987.

Varðandi ársreikning sameignarfélagsins voru höfð þau orð í ákæru að hann væri „...markleysa ein.“ Var talið að hann væri til þess fallinn að villa um fyrir bankaeftirliti Seðlabanka Íslands og viðskiptamönnum félagsins um efnahag þess og rekstrarafkomu. Voru eigendurnir ákærðir fyrir brot gegn ákvæðum laga um bókhald, brot samkvæmt 1. mgr. 158. gr. og 262. gr. hgl. og gegn ýmsum ákvæðum hlutafélagalaga. Endurskoðandinn var ákærður fyrir brot á lögum um löggilta endurskoðendur og með vísan til þeirra fyrir brot á 138. gr. hgl. og einnig brot skv. 1.

¹¹⁶ Hrd. 1991.936, bls. 994.

¹¹⁷ Hrd. 1992.1101.

¹¹⁸ Hrd. 1992.1101, bls. 1133 – 1134. Þar sem krafa eigenda hlutdeildarskírteinanna var um ákveðna hlutdeild í nettóeignum sjóðsins var ekki um eiginlegt gjaldþrot að ræða þótt félagið gæti ekki innleyst skírteini í samræmi við kröfur eigenda þeirra.

mgr. 158. gr. hgl. Þá var hann einnig ákærður í þessum lið fyrir brot gegn ákvæðum hlutafélagalaga.¹¹⁹ Í niðurstöðu sakadóms var réttilega komist að þeirri niðurstöðu að vísan til hlutafélagalaga ætti ekki við í þessu tilliti þar sem um sameignarfélag væri að ræða. Ekki var talið að um bókhaldsóriðu væri að ræða og því ekki sakfelld fyrir brot á lögum um bókhald og þar með ekki fyrir brot gegn 262. gr. hgl. Þá var talið ósannað gegn neitun ákærðu að þeir hafi af ásetningi og í blekkingarskyni rangfært ársreikninginn og þeir því sýknaðir af ákæru um brot skv. á 158. gr. hgl. Talið var að endurskoðandinn hefði gerst brotlegur við ákvæði laga um löggilta endurskoðendur en sökin talin fyrnd með hliðsjón af ákvæðum þeirra laga um mögulega refsingu.¹²⁰ Hæstiréttur komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að sakborningarnir hefðu allir þrír brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 158. gr. hgl. og endurskoðandinn gegn ákvæðum 138. gr. laganna. Þar með væri sök endurskoðandans ekki fyrnd. Hins vegar taldi Hæstiréttur rétt að telja 158. gr. tæma sök gagnvart 262. gr. hgl.¹²¹

Hvað varðar ársreikning Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. var sakborningum gefið að sök að hafa ofmetið stórlega kröfur og eignir í ársreikningi og leynt skuldastöðu hluthafanna og tengdra aðila og ekki gætt lögboðinna og viðurkenndra aðferða samkvæmt lögum um bókhald og lögum um hlutafélög við gerð hans. Var ársreikningurinn talinn til þess fallinn að villa um fyrir bankaeftirliti Seðlabanka Íslands, viðskiptamönnum og almenningi um efnahag og afkomu félagsins. Í þessu tilviki voru stjórnendurnir ekki ákærðir fyrir brot gegn ákvæðum almennra hegningarlaga heldur einungis fyrir brot gegn ákvæðum hlutafélagalaga og vísað til refsíákvæða í 151. gr. laganna. Endurskoðandinn var ákærður fyrir brot sem vörðuðu refsingu skv. 151. gr. hlutafélagalaganna en að auki fyrir brot gegn lögum um löggilta endurskoðendur og vegna þeirra fyrir brot gegn ákvæðum 138. gr. hgl.¹²² Í niðurstöðu sakadóms er greint hve meint skekkja í ársreikningi var stórt hlutfall af heildareignum félagsins og í framhaldi af því komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri sannað gegn neitun ákærðu, „...að þeir hafi beinlínis vísitandi gert ársreikning Verðbréfasjóðs villandi, svo að vísað sé til herts ásetningskilyrðis 151. gr. laganna um hlutafélög. Ber því að sýkna ákærðu af ákærunni að þessu leyti.“¹²³ Hins vegar

¹¹⁹ Hrd. 1992.1101, bls. 1120 – 1122.

¹²⁰ Hrd. 1992.1101, bls. 1151 – 1152.

¹²¹ Hrd. 1992.1101, bls. 1108.

¹²² Hrd. 1992.1101, bls. 1122.

¹²³ Hrd. 1992.1101, bls. 1159.

var talið að endurskoðandinn hefði gerst brotlegur við ákvæði laga um löggilta endurskoðendur en sök hans talin fyrnd eins og í fyrri hluta niðurstöðu sakadóms. Í niðurstöðu Hæstaréttar er vísað til þess að ársreikningurinn átti að sýna rekstur og hag verðbréfasjóðs, sem tók við fé frá almenningi til ávöxtunar. „Verður því að gera ríkar kröfur til nákvæmni í bókhaldi og ársreikningsgerð.“¹²⁴ Kemst Hæstiréttur síðan að þeirri niðurstöðu að allir ákærðu hafi gerst brotlegir við ákvæði laga um hlutafélög og unnið til refsingar samkvæmt 151. gr. laganna og endurskoðandinn að auki gerst brotlegur við ákvæði laga um löggilta endurskoðendur og unnið til refsingar samkvæmt 17. gr. þeirra laga. Með því að allt að tveggja ára fangelsi lægi við brotum skv. 151. gr. hlutafélagalaganna væri sök endurskoðandans ekki fyrnd. Ekki er í þessu samhengi minnst á brot samkvæmt ákvæðum 138. gr. hgl. fyrir brot í opinberu starfi. Fyrir þessar sakir og aðrar fékk annar eigandinn tveggja ára fangelsisdóm en hinn fékk tveggja og hálf árs fangelsisdóm. Endurskoðandinn var fyrir sínar sakir dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi og til greiðslu sektar. Þá var hann sviptur leyfi til að starfa sem löggiltur endurskoðandi í sex mánuði.¹²⁵

4.3. Baugsmálið.

Svokallað Baugsmál hefur leitt til tveggja dóma Hæstaréttar um efni þeirra atriða sem ákært var fyrir.¹²⁶ Í fyrri dóminum, þar sem dæmt var um átta töluliði ákæru sem í upphafi náði til 40 töluliða, reyndi á upplýsingaskyldu samkvæmt ársreikningalögum. Var tveimur stjórnendum gefið að sök að „...hafa sett fram rangar og villandi sérgreiningar á liðum skammtímakrafna í efnahagsreikningi, þar sem ekki var sérstaklega getið fjárhæðar lána til hluthafa, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og aðila þeim nátengdum...“¹²⁷ Náði ákæran til fjögurra ársreikninga félagsins. Tveimur endurskoðendum var af sama tilefni gefið að sök að hafa áritað sömu ársreikninga „...með röngum og villandi sérgreiningum og án viðeigandi skýringa.“¹²⁸ Í málinu reyndi á túlkun orðalags 43. gr. þágildandi laga nr. 144/1994 um ársreikninga en þar segir að tilgreina skuli fjárhæðir lána sem veitt hafa verið félagsaðilum eða

¹²⁴ Hrd. 1992.1101, bls. 1111.

¹²⁵ Hrd. 1992.1101, bls. 1117 – 1118.

¹²⁶ Hrd. 181/2006 og Hrd. 385/2007

¹²⁷ Hrd. 181/2006, kafli I.

¹²⁸ Hrd. 181/2006, kafli I.

stjórnendum félags eða móðurfélags þess vegna tengsla þessara aðila við félögin ásamt upplýsingum um vexti, greiðslukjör og aðra skilmála. Þessi grein laganna er í þeim kafla þeirra sem fjallar um skýringar með ársreikningi. Í niðurstöðu héraðsdóms kom fram að á þeim árum sem ákæran náði til var ekki skylt að tilgreina umrædd lán sérstaklega í efnahagsreikningi, heldur nægði að geta þeirra í skýringum.¹²⁹ Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að túlka yrði lánshugtakið með hliðsjón af þeim gerningum öðrum sem tíundaðir voru í sömu lagagrein, þ.e. veðsetningar, ábyrgðir og tryggingar, sem allt eru formlegir gerningar og því bæri að skilja orðið lán í 43. greininni sem formlega lánveitingu.¹³⁰ Taldi héraðsdómur að engin þeirra ráðstafana sem ákæran tæki til væri lán í skilningi greinarinnar og því teldust ársreikningarnir ekki hafa verið gerðir með röngum og villandi sérgreiningum. Voru stjórnendurnir því sýknaðir af þessum ákæruliðum og leiddi það sjálfkrafa til sýknu endurskoðendanna.¹³¹

Niðurstöðu héraðsdóms var áfrýjað varðandi annan stjórnandann og endurskoðendurna. Var ákæran varðandi umrædd ákæruatriði löguð að þeirri niðurstöðu héraðsdóms að upplýsingar um lán ættu einungis að koma fram í skýringum en ekki í efnahagsreikningi. Í niðurstöðu Hæstaréttar er tekið fram að í málinu reyndi á túlkun orðsins lán eingöngu við úrlausn þess hvort ákærðu hefðu gerst sek um refsiverða háttsemi. Orðinu verði því ekki gefið víðtækara inntak en leiddi af hljóðan þess og geti þar engu um breytt þótt ákvæðinu kunni að hafa verið ætlað annað markmið en þjónað yrði með slíkri skýringu. Hefði löggjafanum verið í lófa lagið að nota annað orðalag ef merkingin hefði átt að vera víðtækari. Til viðbótar er bent á að í 43. greininni er eingöngu fjallað um lán sem viðkomandi aðilar hafa fengið vegna tengsla þeirra við félagið, en ekki lán sem leiddu af viðskiptum sem byggðust á sama grunni og viðskipti ótengdra aðila.¹³² Þar sem ákæran tók ekki til formlegra lánveitinga af því tagi sem rúmast innan túlkunar orðsins heldur stöðu viðskiptareikninga viðkomandi aðila gat dómurinn ekki tekið afstöðu til einstakra færslna á viðskiptareikningana. Niðurstaðan varð því sú að Hæstiréttur staðfesti sýknudóm héraðsdóms varðandi stjórnandann og þar með sýknu

¹²⁹ Hrd. 181/2006, umfjöllun héraðsdóms um VIII. kafla ákæru.

¹³⁰ Hrd. 181/2006, umfjöllun héraðsdóms um VIII. kafla ákæru.

¹³¹ Hrd. 181/2006, niðurstaða héraðsdóms um VIII. kafla ákæru.

¹³² Hrd. 181/2006, kafli II.

endurskoðendanna.¹³³ Verður hér fullyrt að þessi túlkun á hugtakinu lán þykir mörgum vera mjög þröng. Má í því sambandi benda á ákvæði 104. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög þar sem lagt er bann við að veita hluthöfum, stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum lán eða setja fyrir þá tryggingu. Jafnframt er í sömu grein bannað að veita lán til kaupa á hlutum í félaginu eða móðurfélagi þess. Ljóst er að tilgangur þessa ákvæðis er að tryggja það að framlagt hlutafé félagsins sé til tryggingar skuldum við kröfuhafa og hin þrönga skilgreining dómstóla á hugtakinu lán þjónar ekki því markmiði laganna.

Í seinni dómi Hæstaréttar í Baugsmálinu voru tveir stjórnendur fyrirtækisins meðal annars bornir þeim sökum að hafa rangfært bókhald félagsins þannig að það gaf ranga mynd af viðskiptum og notkun fjármuna. Öðrum þeirra var jafnframt gefið að sök að hafa sent til Verðbréfaþings Íslands opinberar tilkynningar sem honum var ljóst að voru rangar vegna rangfærslu þeirra skjala sem nánar voru tilgreind í ákæru. Tilkynningarnar voru um afkomu félagsins á fyrstu sex mánuðum árána 2000 og 2001 og afkomu ársins 2000. Hann hafi með þessu vísitandi og í blekkingarskyni greint rangt frá högum félagsins á opinberum vettvangi og skapað vísitandi rangar hugmyndir um hag félagsins sem gat haft áhrif á söluverð hluta í félaginu.¹³⁴ Þessi hluti ákærunnar var samtals í sjö töluliðum. Í héraðsdómi var einum ákæruliðnum vísað frá, stjórnendurnir sýknaðir af ákærum samkvæmt öðrum þremur ákæruliðum og sá sem ákærður var fyrir rangar tilkynningar til Verðbréfaþingsins var sýknaður af tveimur ákæruliðum til viðbótar þar sem ekki þótti sannað að honum hafi verið kunnugt um rangfærslur bókhaldsins í þeim tilvikum. Þeir voru hins vegar báðir sakfelldir fyrir einn ákæruliðinn.¹³⁵ Má því segja að í héraðsdómi hafi verið sakfelld fyrir eina ranga tilkynningu til Verðbréfaþingsins. Hæstiréttur staðfesti að stærstum hluta niðurstöðu héraðsdóms um þessi ákæruatriði. Hins vegar kom fram í flutningi fyrir Hæstarétti að tilkynningin sem um ræðir lægi ekki fyrir í málinu, heldur aðeins texti sem birtur hafi verið á vefsíðu Verðbréfaþingsins. Féllst Hæstiréttur á þau rök stjórnandans að ekki væri hægt að sakfella hann fyrir efni tilkynningar, sem ekki hefði verið lögð fram í málinu og var hann því sýknaður af þessum lið ákærunnar.¹³⁶ Eftir

¹³³ Hrd. 181/2006, kafli II.

¹³⁴ Hrd. 385/2007, kafli X.

¹³⁵ Hrd. 385/2007, kafli VII.

¹³⁶ Hrd. 385/2007, kafli IX.

stendur sú niðurstaða að sakfelld var í þessum efnun fyrir rangfærslu bókhalds en ekki fyrir ranga upplýsingagjöf til Verðbréfabingsins. Í þessu sambandi hlýtur sú spurning að vakna hvers vegna ákært var fyrir ranga skýrslugjöf til Verðbréfabingsins en ekki fyrir brot á lögum um ársreikninga, þar sem niðurstaðan er sú að ársreikningurinn var rangur. Vera má að ákærvaldið hafi talið ábyrgð stjórnandans skýrari á tilkynningu til Verðbréfabingsins heldur en á ársreikningi félagsins. Að auki kann að skipta máli að á þeim tíma sem brotin voru framin voru engin ákvæði um árshlutareikninga í ársreikningalögunum¹³⁷, en sem fyrr segir vörðuðu tvær af þremur tilkynningum sem taldar voru rangar í ákærinni birtingu árshlutareikninga félagsins.

4.4. Mál Atorka Group hf.¹³⁸

Atorka Group hf. var með hlutabréf sín skráð í Kauphöll Íslands hf. og birti ársreikninga sína og árshlutareikninga í samræmi við reglur Kauphallarinnar. Þann 30. ágúst 2006 sendi félagið Kauphöllinni árshlutareikning móðurfélagsins og samstæðunnar fyrir fyrstu sex mánuði ársins ásamt fréttatilkynningu. Fyrirsögn fréttatilkynningarinnar vísaði til afkomu móðurfélagsins á tímabilinu en talsverður munur var á afkomu móðurfélagsins annars vegar og afkomu samstæðunnar hins vegar. Gerði Kauphöllin athugasemdir við fréttatilkynninguna með bréfi þann 4. september 2006 og óskaði eftir að fréttatilkynningunni yrði breytt þannig að tekið yrði mið af samstæðureikningi félagsins. Engar athugasemdir voru gerðar við árshlutareikninginn sjálfan eða niðurstöður hans. Eftir nokkur samskipti forsvarsmanna félagsins og Kauphallarinnar var fréttatilkynningin loks birt þann 26. september 2006 eftir að félagið hafði breytt henni fjórum sinnum. Var afstaða Kauphallarinnar eftir sem áður sú að fréttatilkynningin væri ekki í samræmi við þær reglur sem kauphöllin hafði sett og var sú afstaða tilkynnt í tölvupósti. Félagið tók engu að síður ákvörðun um að fréttatilkynningin skyldi birt. Þann 2. október 2006 var birt áminning Kauphallarinnar til Atorka Group hf. vegna málsins og félagið beitt féviti að fjárhæð 2.500.000 kr.

¹³⁷ VII. kafli A í ársreikningalögunum, sem fjallar um árshlutareikninga, var lögfestur með lögum nr. 171/2007, sem samþykkt voru 13. desember 2007.

¹³⁸ Hrd. 151/2008.

Í niðurstöðu héraðsdóms er viðurkennt að í tilkynningunni hafi verið lögð mikil áhersla á afkomu móðurfélagsins en að í reglum Kauphallarinnar sé ákveðið svigrúm varðandi innihald fréttatilkynninga svo lengi sem þar komi þar fram þær upplýsingar sem að lágmarki þurfa að koma fram samkvæmt reglunum. Þær upplýsingar komu fram í tilkynningu félagsins og varð því niðurstaða héraðsdóms að fella bæri úr gildi ákvörðun Kauphallarinnar um áminningu og févíti. Í niðurstöðu Hæstaréttar er áréttað að það sé hvorki hlutverk Kauphallarinnar að gera athugasemdir við reikningsskil félaga sem skráð eru í Kauphöllinni né framsetningu eða efni árshlutauppgjörs þeirra. Þótt fyrirsögn fréttatilkynningarinnar hafi eingöngu snúið að afkomu móðurfélagsins hafi afkoma samstæðunnar mátt vera ljós af lestri tilkynningarinnar. Staðfesti Hæstiréttur því niðurstöðu héraðsdóms.

4.5. Samantekt á niðurstöðum dóma.

Af niðurstöðum þeirra dóma sem fjallað er um hér að framan má draga þá ályktun að sönnunarfærsla fyrir brotum stjórnenda og endurskoðenda á ákvæðum hegningarlaga er erfið fyrir dómi. Einungis í Ávöxtunarmálinu eru stjórnendur og endurskoðandi dæmdir fyrir brot á 158. gr. hgl. með rangri upplýsingagjöf varðandi ársreikning sameignarfélagsins og um hann höfð þau orð að hann væri ...“markleysa ein“.¹³⁹ Í sama máli eru þessir sömu aðilar sakfelldir fyrir brot á 151. gr. hlutafélagalaga og vísað til þess að gera yrði ríkar kröfur til ársreiknings Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf., félags sem tæki við fé frá almenningi til ávöxtunar. Athyglisvert er í ljósi þess að í tilviki verðbréfasjóðsins var ekki ákært fyrir brot skv. 158. gr. hgl. Í Hafskipsmálinu er ekki talið sannað að stjórnendur og endurskoðandi hafi haft ásetning til blekkingar og því ekki sakfelldir fyrir brot skv. 158. gr. hgl. Sömu aðilar eru hins vegar dæmdir samkvæmt ákvæðum 151. gr. hlutafélagalaga fyrir að hafa vísvitandi skýrt rangt eða villandi frá högum hlutafélagsins og brotið þannig gegn hluthöfum félagsins, en ekki öðrum þar sem stjórn félagsins og stjórn viðskiptabanka þess hafi verið staða félagsins ljós án þess að hafa ársreikning þess til umfjöllunar. Fljótt á litið verður ekki séð að munur sé á saknæmisskilyrðum 158. gr. hgl. og 151. gr. hlutafélagalaga þar sem ásetningur er áskilinn í 151. gr. hlutafélagalaganna. Í Baugsmálinu var sakfelldur fyrir rangfærslu bókhalds en sýknað fyrir brot á 158. gr. hgl.

¹³⁹ Hrd. 1992. 1101, bls. 1120.

vegna tæknilegs ágalla í flutningi málsins. Einnig má benda á að annar stjórnandi af tveimur er sýknaður af ákæru um rangfærslur í bókhaldi þar sem ekki er talið sannað að honum hafi verið kunnugt um þær.

Þegar litið er til refsinga hinna ákærðu kemur í ljós að í öllum tilvikum nema Ávöxtunarmálinu eru hinir sakfelldu dæmdir í skilorðsbundið fangelsi. Endurskoðendur sem sakfelldir eru í þessum málum og öðrum fá tiltölulega lágar sektir¹⁴⁰ og einungis í Ávöxtunarmálinu er viðkomandi dæmdur í skilorðsbundið fangelsi og sviptur starfsleyfi tímabundið. Verður að draga þá ályktun að auk ríkrar sönnunarbyrði beri dómarnir með sér að ekki sé litið mjög alvarlegum augum á ranga upplýsingagjöf af hálfu stjórnenda og endurskoðenda. Í ljósi þeirrar umræðu sem fram hefur farið eftir hrun íslensku bankanna verður fróðlegt að fylgjast með hvort þar verður breyting á.

¹⁴⁰ Í Ávöxtunarmálinu og Hafskipsmálinu voru endurskoðendur dæmdir til greiðslu 500.000 kr. sektar. Í Hrd. 1996.1199 var endurskoðandi Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins dæmdur til greiðslu 100.000 kr. sektar. Fleiri refsidómar yfir endurskoðendum fundust ekki.

5. Nýjungar í upplýsingagjöf fyrirtækja.

Líkt og rekstur fyrirtækja og efnahagslegt umhverfi þeirra breytist í tímans rás verða breytingar á þörfum og kröfum aðila utan sem innan þeirra fyrir upplýsingar. Hér á eftir verður fjallað um breytingar sem orðið hafa á undanförunum áratugum á þeim upplýsingum sem fyrirtæki vilja gefa, og þeim er skylt að gefa, um starfsemi sína.

5.1. Breytingar í kjölfar áfalla.

Eins og rakið hefur verið hér að framan eru ársreikningur fyrirtækis og ársskýrsla mikilvægasti þátturinn í upplýsingagjöf þess til þeirra aðila, innan fyrirtækis og utan, sem hag hafa af rekstri félagsins. Reikningsskilin sem fram koma í ársreikningi draga fram mynd af liðnum tíma sem auðvelda á lesandanum að taka ákvarðanir sem varða framtíðina. Reikningshaldinu hefur verið líkt við list og „...það er eins um þessa list og aðra, að sumir segja alltaf þannig frá að kjarni málsins verður öllum ljós en öðrum tekst ekki alltaf vel upp í því efni, jafnvel svo að úr verður villandi ef ekki beinlínis röng frásögn.“¹⁴¹ Því er það staðreynd að þegar áföll verða í rekstri fyrirtækja leita menn skýringa í þeim reglum sem um frásagnarlistina gilda og reyna að bæta þær þannig að áföllin endurtaki sig ekki og þannig er reynt að læra að reynslunni. Dæmi um þetta eru gjaldþrot fyrirtækja í Bretlandi í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar þegar Maxwell Communications Corporation (MMC), Bank of Credit and Commerce International (BCCI) og Polly Peck urðu öll gjaldþrota á einu ári. Í framhaldinu varð mikil umræða um málefni fyrirtækja á mjög breiðum grunni þar sem rætt var um stöðu endurskoðendastéttarinnar, upplýsingar stjórnenda til hluthafa, skipulag starfa stjórnna félaga, kröfur til stjórnenda, skammsýni mælikvarða á árangur fyrirtækja og fleiri atriði.¹⁴² Þekktasti afrakstur þessarar umræðu er án efa Cadbury skýrslan svonefnda sem fjallar um stjórnhætti félaga, en í niðurstöðum hennar er gert ráð fyrir að skráð félög fylgi þeim tillögum sem nefndin gerir um „The Code of Best Practice“ varðandi stjórnhætti eða geri grein fyrir því hvers vegna það er ekki gert. Hefur þetta verið nefnt „fylgið eða skýrið“ (e. comply or explain)

¹⁴¹ Stefán Svavarsson, „Um þróun reikningsskila fyrirtækja“. bls. 78.

¹⁴² Clarke, Thomas, *International Corporate Governance: A Comparative Approach*, Oxon Englandi, 2007, bls. 140.

reglan.¹⁴³ Í kjölfarið fylgdu ýmsar opinberar skýrslur og lagabreytingar sem leitt hafa til þeirra laga og reglna sem unnið er eftir í Bretlandi í dag.¹⁴⁴

Í Bandaríkjunum urðu gjaldþrot Enron og Worldcom í upphafi þessarar aldar til þess að mjög var hert á reglum um upplýsingar stjórnenda í ársreikningi og óháða endurskoðun á þeim upplýsingum. Löggjöfin sem kennd er við Sarbanes-Oxley gerir meðal annars kröfu um sérstaka skýrslu stjórnenda (e. management) með ársreikningi.¹⁴⁵ Í skýrslunni skal koma fram yfirlýsing um ábyrgð stjórnenda á því að fullnægjandi innra eftirliti varðandi reikningsskil sé komið á og því viðhaldið, mat stjórnenda á skilvirkni innra eftirliti fyrirtækisins hvað þetta varðar, lýsing á þeirri aðferð sem stjórnendur hafa notað til þess að komast að niðurstöðu um matið og yfirlýsing um að endurskoðendur félagsins hafi staðfest áreiðanleika mats stjórnenda á skilvirkni innra eftirlitsins. Staðfesting endurskoðandans á að fylgja ársreikningi félagsins til verðbréfaeftirlitsins, SEC.¹⁴⁶ Engum vafa er undirorpið að þessar reglur höfðu afar mikinn kostnaðarauka í för með sér fyrir félög sem skrá verðbréf sín á bandarískum verðbréfamörkuðum. Áætlað hefur verið að endurskoðunarkostnaður félaga hafi meira en tvöfaldast vegna þessa.¹⁴⁷ Hins vegar sýna kannanir að stjórnendur telja að reglurnar hafi aukið tiltrú fjárfesta á reikningsskilunum og að þau séu áreiðanlegri en áður jafnframt því að fylgni við nýju reglurnar auki líkur á að sviksemi uppgötvist. Á hinn bóginn telur mikill meirihluti sömu aðila að kostnaðurinn sé meiri en ábatinn af því að fylgja reglunum.¹⁴⁸

Með hliðsjón af framangreindu er eðlilegt að velta fyrir sér hver áhrif bankahrunsins hér á landi haustið 2008 verða á starfsumhverfi fyrirtækja og upplýsingaskyldur þeirra. Enn sem komið er hefur ekki sannast að upplýsingagjöf fjármálastofnana eða annarra fyrirtækja hafi verið röng þannig að valdið hafi því tjóni sem raun ber vitni. Hins vegar hafa verið viðráðar efasemdir um ágæti ýmissa matsaðferða alþjóðlegra

¹⁴³ Cadbury, *Report of the Committee on the Financial Aspects of Corporate Governance*, London 1992.

¹⁴⁴ Clarke, *International Corporate Governance*, bls. 141.

¹⁴⁵ Í grein 404 í lögnum er ákvæði um að verðbréfaeftirlitið, SEC, skuli setja reglur um þessi atriði, en lögin skilgreina einungis meginefni þeirra. Sjá: www.sarbanes-oxley.com.

¹⁴⁶ Securities and Exchange Commission, Final Rule: Management's Reports on Internal Control Over Financial Reporting and Certification of Disclosure in Exchange Act Periodic Reports. Aðgengilegt á www.sarbanes-oxley.com.

¹⁴⁷ Clarke, *International Corporate Governance*, bls. 161.

¹⁴⁸ Sama heimild.

reikningsskilastaðla og meðal annars þá aðferð að færa matsbreytingar í rekstrarreikning og þar með á óráðstafað eigið fé, þannig að það sé til ráðstöfunar við arðsúthlutun samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga. Stangast það á við þá kenningu að hluthafar geti ekki tekið til sín fjármuni félagsins í formi arðs fyrr en hagnaður af verðhækkun eigna hefur verið innleystur. Ekki síður vekur það spurningar þegar skuldir fyrirtækja eru færðar til gangvirðis sem er lægra en nafnverð þeirra og lækkunin færð í rekstrarreikning og þannig til hækkunar á eigin fé og hluthöfum til ráðstöfunar.¹⁴⁹ Enda þótt skýrari ákvæða sé þörf í lögum um þessi málefni verður því ekki haldið fram að óskýrar reglur um arðgreiðslur séu meginskýringin á því hvernig fór. Öllu algengari er sú ályktun að upphaf hrunsins megi rekja til einkavæðingar ríkisbankanna og þess að innan bankakerfisins skorti „...þekkingu, reynslu og eftirlit á sama tíma og áhættusækni og glæfralegur vöxtur varð bankakerfinu að falli.“¹⁵⁰ Á sama tíma viku gildin um nýtingu auðlinda og góðan og heilbrigðan rekstur fyrirtækja fyrir ævintýramennsku nokkurra einstaklinga sem með framferði sínu komu óorði á kapítalismann og útrásina.¹⁵¹ Í greiningarskyni hefur einnig verið bent á sex helstu ástæður hrunsins í Kauphöllinni í New York árið 1929 samkvæmt greiningu John K. Galbraith: Ójöfn tekjuskipting, eignarhaldsfélög, lán til hlutabréfakaupa, uppbygging bankakerfisins (samrekstur viðskipta- og fjárfestingabanka), jafnvægisleysi í utanríkisviðskiptum og loks takmarkaðar upplýsingar um efnahagsmálin. Varðandi síðasta atriðið var bent á, að Þjóðhagsstofnun var lögð niður á árinu 2002.¹⁵² Enda þótt rannsóknarnefnd Alþingis hafi komist að þeirri niðurstöðu að meginástæður hrunsins sé að finna í of örum vexti bankanna og skorti á eftirliti FME og aðhaldi Seðlabankans og stjórnvalda, bendir nefndin jafnframt á að reglur um meðferð á eigin hlutabréfum bankanna og útlánnum með veði í þeim bréfum sýni stöðu eigin fjár bankanna betri en hún er þegar á reynir.¹⁵³ Í viðauka við skýrslu nefndarinnar sem fjallar um siðferði og starfshætti í tengslum við fall bankanna er bent á að takmörkuð ábyrgð hluthafa á skuldbindingum hlutafélaga hafi frá upphafi verið gagnrýnd á siðferðilegum forsendum vegna þess að eigendur geti auðveldlega sloppið frá gjaldþroti fyrirtækjanna. Benda höfundar á að takmarkaða ábyrgðin hafi aldrei verið

¹⁴⁹ Stefán Svavarsson, „Hvenær má greiða arð?“. *Morgunblaðið*, 27. ágúst 2009.

¹⁵⁰ Þorkell Sigurlaugsson, *Ný framtíðarsýn: Nýir stjórnarhættir við endurreisn efnahagslífsins*. Reykjavík 2009, bls. 31.

¹⁵¹ Sama heimild, bls. 36.

¹⁵² Árni Árnason, „Hagsagan“. *Morgunblaðið*, 15. nóvember 2008.

¹⁵³ Rannsóknarnefnd Alþingis, *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008*, 1. bindi, bls. 31 - 37.

hugsuð til að hægt væri að kaupa skuldsett hlutabréf án ábyrgðar og notkun eignarhaldsfélaga með þessu móti sé í reynd misnotkun á hlutafélagaforminu eins og það var upphaflega hugsað.¹⁵⁴

En þótt enn sé of snemmt að meta heildaráhrif hrunsins á kröfur um upplýsingagjöf og rétt hluthafa til upplýsinga, hefur efnahags- og viðskiptaráðherra boðað breytingar á regluverki um hlutafélög og fjármálamarkað.¹⁵⁵ Er þar greint frá samtals 14 frumvörpum sem ráðherra sem lögð hafa verið fram eða munu verða lögð fram á Alþingi. Meðal annars er þar fjallað um breytingar á lögum um hlutafélög sem samþykkt voru sem lög nr. 126/2009 og fjalla um réttindi hluthafa í félögum sem hafa skráð skuldabréf eða hlutabréf á skipulegum verðbréfamarkaði.¹⁵⁶ Er einkum tekið á boðunarfresti hluthafafunda og möguleikum hluthafa til að taka þátt í þeim með rafrænum hætti. Annað frumvarp um breytingu á lögum um hlutafélög sem samþykkt var á Alþingi 4. mars 2010¹⁵⁷ fjallar um aukið gagnsæi eignarhalds hlutafélaga, kynjahlutföll í stjórnnum félaganna og meðal stjórnenda og takmörkun á þeim störfum sem formaður stjórnar vinnur fyrir félagið.¹⁵⁸ Með lögnum er skerpt á skyldu stjórnar til að sjá um að hlutaskrá gefi ætíð réttar upplýsingar um eignarhald hlutafjár og atkvæðisrétt hluthafa auk þeirra samstæðutengsla sem hlutafélagið er í. Stjórninni er gert að leggja fyrir aðalfund samantekt um hlutafjáreign og atkvæðisrétt einstakra hluthafa og þær breytingar sem orðið hafa á árinu. Þá er bætt við 91. grein laganna ákvæði um rétt hluthafa til upplýsinga á hluthafafundi um hlutafjáreign einstakra hluthafa og atkvæðisrétt þeirra. Ákvæði laganna um kynjahlutföll, sem tóku nokkrum breytingum í meðferð Alþingis,¹⁵⁹ kveður á um að hvort kyn skuli eiga fulltrúa í þriggja manna stjórn og í fjölmennari stjórnnum skuli hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40%. Á þetta við um opinber hlutafélög, þar sem þegar var skylda til að kjósa sem

¹⁵⁴ Rannsóknarnefnd Alþingis, *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008*, 8. bindi, bls. 45 - 46.

¹⁵⁵ *Viðamiklar breytingar boðaðar á regluverki um hlutafélög og fjármálamarkað*, fréttatilkynning Efnahags- og viðskiptaráðuneytisins 8.12.2009, aðgengileg á www.efnahagsraduneyti.is

¹⁵⁶ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (réttindi hluthafa), þskj. 70, 70. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0070.html> [Sótt á vefinn 06.03.2010].

¹⁵⁷ Lög nr. 13/2010.

¹⁵⁸ Frumvarp til laga um breytingu á lögum hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn), þskj. 71, 71. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0071.html> [Sótt á vefinn 06.03.2010].

¹⁵⁹ Frumvarp til laga um breytingu á lögum hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn), þskj. 465, 71. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0465.html> [sótt á vefinn 28.01.2010].

jafnast hlutfall kvenna og karla, og hlutfélög þar sem fleiri en 50 starfsmenn starfa að jafnaði. Taka lögin gildi að þessu leyti þann 1. september 2013. Þá er öllum fyrirtækjum með fleiri en 25 starfsmenn gert skylt að skila til hlutafélagaskrár upplýsingum um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins. Þótt breyting þessi sé rökstudd í frumvarpinu með vísan til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna nr. 10/2008 er ekki fráleitt að tengja þessa breytingu við hrúnið. Hefur því verið haldið fram að það sé eitt stærsta vandamál okkar tíma í efnahagsstjórnun að hafa ekki virkjað konur betur til þátttöku. Á sama hátt sé framlag kvenna ekki síst mikilvægt þegar umbóta- og endurreisnarstarf er fyrir höndum því eðli kvenna sé varfærni, samviskusemi og umbótastarf.¹⁶⁰ Með framangreindum lögum er því ákvæði bætt við 70. grein laganna um hlutfélög að formaður félagsstjórnar skuli ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem félagsstjórnin felur honum. Er þessari breytingu ætlað að tryggja skörp skil milli stjórnar og framkvæmdastjórnar og koma í veg fyrir þá hagsmunaaárekstra sem verða ef stjórnarformaður, sem ætlað er að leiða eftirlit stjórnar með stjórnendum, er sjálfur hluti af framkvæmdastjórn félagsins. Þessi viðbót við lögin er í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq OMX Ísland hafa gefið út.¹⁶¹

Annað frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra um breytingar á lögum um hlutfélög, lögum um einkahlutfélög, og lögum um ársreikninga hefur verið lagt fram á vorþingi 2010.¹⁶² Í því eru lagðar til ýmsar breytingar sem aðallega er ætlað að styrkja stöðu eigenda minnihluta í hlutfélögum. Meðal annars er gert ráð fyrir því að við vissar aðstæður geti hluthafi krafist dóms fyrir því að félagið innleysi hlut hans í félaginu. Fyrir því þurfa þó að vera mjög sterk rök og samkvæmt tillögunni má ekki taka kröfu um innlausn til greina ef hún leiðir til umtalsverðs tjóns eða ósanngjarnrar niðurstöðu fyrir félagið sem um ræðir. Lagt er til að skráð félög megi einungis kaupa eigin hlutabréf á síðasta skráða dagslokagengi áður en samningur er gerður. Þrengt

¹⁶⁰ Þorkell Sigurlaugsson, *Ný framtíðarsýn*, bls. 137 – 138.

¹⁶¹ Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins: „*Stjórnarhættir fyrirtækja, leiðbeiningar*“ 3. útgáfa, júní 2009, bls. 25. Aðgengilegt á: <http://www.vi.is>

¹⁶² Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutfélög, lögum um einkahlutfélög og lögum um ársreikninga (minnihlutavernd o.fl.), þskj. 960, 569. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altxt/138/s/0960.html> [sótt á vefinn 11.05.2010].

er að heimildum til árangurstengdra greiðslna samkvæmt starfskjarastefnu meðal annars með kröfu um tengingu þeirra við langtímahagsmuni viðkomandi félags og sett er þak á starfslokagreiðslur samkvæmt tillögunum. Þá er orðið „bersýnilega“ fellt úr texta 76. og 95. gr. laganna þannig að mismunun hluthafa þarf ekki lengur að hafa þann eiginleika ef frumvarpið verður samþykkt. Af sama meiði er sú tillaga um breytingu á 91. gr. laganna að stjórn verður að komast að þeirri niðurstöðu að upplýsingagjöf leiði til „verulegs“ tjóns fyrir félagið til að hafna kröfu hluthafa um upplýsingar á hluthafafundi. Þá er lagt til í frumvarpinu að samningar við hluthafa, stjórnarmenn og framkvæmdastjóra sem nema að raunvirði meira en 5% af verðmæti hlutafjár félagsins þurfi samþykki hluthafafundar.

Efnahags- og viðskiptaráðherra hefur einnig lagt fram umfangsmikið frumvarp um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki.¹⁶³ Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er það samið af nefnd sem skipuð var eftir bankahrunið til að yfirfara lög á sviði fjármálamarkaðar til bæta virkni regluverksins í því markmiði að koma í veg fyrir að sambærilegir erfiðleikar endurtaki sig. Frumvarpið tekur á mjög mörgum atriðum í starfsemi fjármálafyrirtækja og ýmsar þeirra breytinga sem lagðar eru til hafa áhrif á upplýsingaskyldur þeirra og rétt aðila til að fá frá þeim upplýsingar. Meðal annars er fjármálafyrirtækjum ætlað að senda FME mánaðarlega skrá yfir alla lántakendur sína og er FME ætlað að tengja saman upplýsingar frá fjármálafyrirtækjunum auk þess sem það fær heimild til að afla upplýsinga frá lántakendum. Aðgangur starfsmanna fjármálafyrirtækja að upplýsingum um viðskiptamenn er þrengdur og viðskiptamönnum er tryggður réttur til að fá upplýsingar um hverjir hafa aflað upplýsinga um hann úr skráum fjármálafyrirtækisins, hvenær og í hvaða tilgangi. Þá eru í frumvarpinu lagðar til þrengingar á heimildum til að lána stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum og lykilstarfsmönnum og FME falið víðtækara hlutverk í eftirliti með slíkum viðskiptum. Þá er aukin ábyrgð og hlutverk innri eftirlitsdeilda fjármálafyrirtækja og skulu þær gera FME grein fyrir niðurstöðum kannana sinna eigi sjaldnar en árlega, auk þess sem þeim er gert skylt að tilkynna tafarlaust þær athugasemdir sem gerðar hafa verið og sendar stjórn fyrirtækisins. Þá eru ákvæði í frumvarpinu um upplýsingaskyldur stjórnar og framkvæmdastjóra um

¹⁶³ Frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum, þskj. 614, 343. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/138/s/0614.html> [sótt á vefinn 28.01.2010].

myndun félagasamstæðna og breytingar á þeim og um skyldu til að gera FME tafarlaust viðvart hafi þessir aðilar vitneskju um málefni sem hafa úrslitapýðingu fyrir áframhaldandi starfsemi fjármálafyrirtækisins. Að auki eru í frumvarpinu ýmis ákvæði sem snúa að atriðum sem nefnd hafa verið í tengslum við orsakir hrunsins svo sem kaupaukakerfum, lánveitingum gegn veði í eigin hlutabréfum, starfslokasamningum og ítarleg ákvæði eru um upplýsingaskyldur þeirra aðila sem vilja fara með virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki og mat FME á þeim upplýsingum. Loks má nefna að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjármálafyrirtækjum verði óheimilt að kjósa sama endurskoðunarfyrirtækið meira en fimm ár í röð. Eru það strangari kröfur en almennt eru gerðar, en samkvæmt lögum um endurskoðendur ber endurskoðanda sem ber ábyrgð á endurskoðun einingar tengdri almannahagsmunum að taka sér hlé frá þeirri endurskoðun í tvö ár hið minnsta þegar hann hefur gegnt hlutverkinu í sjö ár. Ekki er hins vegar áskilið samkvæmt þeim lögum að skipt sé um endurskoðunarfyrirtæki eins og gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi frumvarpi varðandi fjármálastofnanir.

Auk framangreindra frumvarpa fjallar efnahags- og viðskiptaráðherra í áður nefndri fréttatilkynningu um frumvörp sem varða verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestingasjóði, innistæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta, peningaþvætti auk heildarendurskoðunar á lögum um váttryggingastarfsemi þar sem meðal annars eru lagðar til þrengingar á heimildum váttryggingarfélaga til hliðarstarfsemi og fjárfestingastarfsemi.¹⁶⁴ Enda þótt þessar umfangsmiklu breytingar sem á döfinni eru verði ekki allar tengdar við bankahrunið er ljóst að hér á landi jafnt og annars staðar í heiminum verða meiriháttar áföll tilefni til að endurskoða lög og regluverk í því markmiði að koma í veg fyrir að álíka áföll endurtaki sig. Það er hins vegar ljóst að viðskiptaumhverfið er í stöðugri þróun og að uppruni breytinga verður ekki í lagasetningu heldur verður löggjafinn sífellt að laga lögin að því umhverfi sem við búum við. Eins er það ljóst að ákvæði laga, starfsreglur fyrirtækja og umfangsmiklar upplýsingaskyldur þeirra koma ekki í veg fyrir áföll ef til staðar er einlægur brotavilji stjórnenda.¹⁶⁵

¹⁶⁴ *Viðamiklar breytingar boðaðar á regluverki um hlutafélög og fjármálamarkað*, fréttatilkynning Efnahags- og viðskiptaráðuneytisins 8.12.2009, aðgengileg á www.efnahagsraduneyti.is

¹⁶⁵ Solomon, *Corporate Governance*, bls. 31.

5.2. Þekkingarverðmæti og skýrslur um þau.

Eins og áður hefur komið fram er áskilið í 66. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga að stjórnir félaga sem skráð hafa verðbréf sín á skipulögðum verðbréfamarkaði og félaga sem eru yfir stærðarmörkum sem skilgreind eru í 2. tl. 1. mgr. 1. gr. laganna skuli í skýrslum sínum veita ítarlegri upplýsingar en almennt er krafist. Meðal annars er tilgreint í 5. tl. 66. greinarinnar tilgreint að stjórnir þessara félaga skuli fjalla um „mikilvægar vísbendingar um ófjárhagslegan árangur, þ.m.t. upplýsingar um umhverfis- og starfsmannamál og þekkingarforða félagsins ef hann skiptir verulegu máli fyrir tekjuöflun í framtíðinni.“ Í greinargerðinni með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 45/2005 þar sem þessari grein var bætt við lögin var vísað til ákvæða tilskipunar nr. 51/2003/ESB og markmið hennar sagt að nútímavæða reikningsskil annarra félaga en þeirra sem taka upp alþjóðlega reikningsskilastaðla.¹⁶⁶

Alþjóðlega reikningsskilaráðið hefur skilgreint þá eiginleika sem upplýsingar í ársreikningum félaga verða að hafa til þess að nýtast lesendum reikningsskilanna. Auk þess að vera skiljanlegar, áreiðanlegar og samanburðarhæfar, þurfa upplýsingarnar að verða viðeigandi (e. relevant).¹⁶⁷ Á undanförunum áratugum hafa hefðbundin reikningsskil sætt vaxandi gagnrýni meðal annars fyrir það að þau fjalla að mestu leyti um áþreifanlegar eignir, en taka ekki tillit til þeirra óefnislegu eigna sem hafa vaxandi vægi þegar reynt er að meta verðmæti fyrirtækja og framtíðarhorfur.¹⁶⁸ Verðmæti fyrirtækja á markaði er þannig allt annað en bókfært verð eigna og skulda gefur vísbendingu um. Sem dæmi má nefna að á árinu 2005 sýndi könnun að 60% af markaðsverði fyrirtækja í FTSE 100 hlutabréfavísitölunni í Bretlandi tengdist óáþreifanlegum eignum þeirra og á sama ári var sambærilegt hlutfall 53% fyrir fyrirtæki í Fortune 500 hlutabréfavísitölunni í Bandaríkjunum.¹⁶⁹ Þekking, hugvit og aðrar óefnislegar eignir skipta þannig meira máli við mat á verðmætum og framtíðarmöguleikum fyrirtækja heldur en áþreifanlegar eignir þeirra.

¹⁶⁶ Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 144/1994 um ársreikninga, með síðari breytingum, þskj. 734, 480. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/131/s/0734.html> [sótt á vefinn 13.02.2010]

¹⁶⁷ International Accounting Standards Board, *International Financial Reporting Standards*, bls. 78 - 79.

¹⁶⁸ Hér er rétt að geta þeirrar almennu undantekningar að óefnislegar eignir eru færðar í efnahagsreikning ef þeirra hefur verið aflað gegn greiðslu eins og kemur m.a. fram í 16. grein laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

¹⁶⁹ McBarnet, Doreen, „Corporate social responsibility beyond the law, through the law, for law: the new corporate accountability“. Í McBarnet, Doreen, Voiculescu, Aurora og Campell, Tom (ritstj.), *The New Corporate Accountability, Corporate Social Responsibility and the Law*, Cambridge, 2007, bls. 16 – 17.

Vandinn er hins vegar sá að erfitt er að setja verðmiða á þessar óefnislegu eignir hvort sem um er að ræða einkaleyfi, vinnuferla, hæfni starfsmanna, reynslu, samband við viðskiptavini eða aðra þekkingu og viðskiptavild.¹⁷⁰ Mjög mikill hluti af þessum óefnislegu eignum tengist starfsmönnum fyrirtækisins og þekkingu þeirra. Það er því verðugt verkefni að leita leiða til að leggja mat á þessi verðmæti og gefa lesendum með því betri innsýn í framtíðarmöguleika fyrirtækisins. Ein af fyrstu tilraununum til að reyna að skýra þessi földu verðmæti var gerð af sænska tryggingafélaginu Skandia í svokallaðri þekkingarverðmætaskýrslu á árinu 1997.¹⁷¹ Hér á landi var settur á laggirnar svokallaður NORDIKA (Nordic Project for measuring Intellectual Capital) stýrihópur Íslands á árinu 2000. Var verkefni hópsins að leiða starf nokkurra fyrirtækja við mat á þekkingarverðmætum þeirra. Leiddi sú vinna til þess að fjögur fyrirtæki gáfu út þekkingarskýrslur og voru þær unnar í nánú samstarfi fyrirtækjanna sem gáfu einnig út sameiginlega skýrslu um verkefnið hér á landi.¹⁷²

Segja má að verðmæti fyrirtækja á markaði samanstandi af þremur þáttum. Sá fyrsti er bókfært virði eigna fyrirtækisins umfram skuldir, þ.e. bókfært eigið fé félagsins, sem leiðrétta má ef raunvirði eignanna er annað en bókfært verð. Annar þátturinn er þekkingarverðmætin og sá þriðji er síðan þær væntingar sem aðilar á markaði hafa um framtíð fyrirtækisins.¹⁷³ Segja má að væntingarnar ráðist að mestu af aðstæðum á markaði hverju sinni. Ef horft er til markaðsaðstæðna hér á landi á undanförunum árum má draga þá ályktun að umframframboð ódýrs fjármagns hafi keyrt væntingar til fyrirtækja úr hófi. Fyrirtæki sem seld eru fram og til baka á sífellt hærra verði sitja uppi með viðskiptavild sem er algerlega óraunhæf og vonlaust er að fyrirtækin geti staðið undir henni hvort sem er eignalega eða rekstrarlega.¹⁷⁴

Þekkingarverðmætum (e. intellectual capital) fyrirtækisins er yfirleitt skipt upp í þrjá þætti. Sá fyrsti er mannauðurinn (e. human capital) sem felst í hæfni og þekkingu einstaklinganna innan fyrirtækisins til að uppfylla þarfir markaðarins. Annar þátturinn

¹⁷⁰ Þorkell Sigurlaugsson, *Ný framtíðarsýn*, bls. 43 - 44.

¹⁷¹ Sigrún Kjartansdóttir, „Vísbendingar um mat og skráningu þekkingarverðmæta hjá fyrirtækjum á íslenskum hlutabréfamarkaði“, MS ritgerð við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, 2004, bls. 75.

¹⁷² Viðskipta- og iðnaðarráðuneytið, Stýrihópur NORDIKA Ísland, RANNÍS, Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands og Stjórnvísir: „Mat á þekkingarverðmætum og útgáfa þekkingarskýrslu“, Reykjavík 2003, bls. 4.

¹⁷³ Skandia, „Human Capital in Transformation“, skýrsla með ársskýrslu félagsins 1997, bls. 8.

Aðgengileg á www.skandia.com

¹⁷⁴ Þorkell Sigurlaugsson, *Ný framtíðarsýn*, bls. 44.

er skipulagslegur auður (e. structural capital) sem lýsir hæfni fyrirtækis sem skipulagslegrar heildar til að uppfylla þarfir markaðarins. Nánar tiltekið er um að ræða þær upplýsingar, kerfi, stjórnunarþekkingu, fyrirtækjabrag, einkaleyfi og aðrar óefnislegar eignir sem fyrirtækið hefur yfir að ráða. Þriðji þátturinn er síðan viðskiptalegur auður (e. customer capital) sem felst í viðhorfi og trú viðskiptavinarins á fyrirtækinu og þjónustu þess, sem aftur tryggja áframhaldandi viðskipti hans við fyrirtækið.¹⁷⁵ Þessu hefur einnig verið lýst þannig að mannauðurinn sé sá hluti þekkingarverðmætanna sem býr í starfsfólkinu og yfirgefur fyrirtækið í lok hvers dags, skipulagsauðurinn sé öll þekkingarverðmætin sem verða eftir í fyrirtækinu þegar starfsmennirnir fara heim í lok dagsins, en viðskiptalegi auðurinn líkist hvað mest því sem í gegnum tíðina hefur verið nefnt viðskiptavild.¹⁷⁶ Þessu hefur einnig verið lýst þannig að viðskiptalegi auðurinn liggja á milli hinna tveggja þáttanna og tákni í raun yfirfærslu verðmæta, í gegnum tengsl, ímynd og fleiri viðskiptalega þætti, frá mannauði yfir í skipulag og ferli.¹⁷⁷

Mat á óefnislegum eignum fyrirtækja verður alltaf erfiðara en mat á áþreifanlegum eignum þeirra. Þess vegna verður sennilega seint hægt að leggja fram sundurliðaðan efnahagsreikning fyrir þekkingarverðmæti og aðrar óefnislegar eignir fyrirtækis, nema þann hluta þeirra sem keyptar hafa verið af þriðja aðila. Á hinn bóginn er ljóst að til þess að meta heildarverðmæti fyrirtækis verður sá sem það reynir að mynda sér skoðun á verðmæti þessara þátta. Þess vegna er þörf fyrir upplýsingar um þessa þætti og spyrja má hvort breytingin á ársreikningalögnum sem varð á árinu 2005 sé fyrsta skrefið í þá átt að gera kröfur til stjórnar og stjórnenda til að veita upplýsingar af þessu tagi. Í því sambandi verður að hafa í huga einn af eiginleikum upplýsinga sem alþjóðlega reikningsskilaráðið telur nauðsynlegan til þess að þær séu nytsamlegar lesendum er samamburðarhæfni.¹⁷⁸ Upplýsingar um þekkingarverðmæti þurfa með öðrum orðum að lúta samræmdum reglum af einhverju tagi til þess að þær nýtist lesandanum sem skyldi. Í framhaldi af fyrrnefndu starfi hér á landi í upphafi aldarinnar var sett fram hugmynd að samræmdum mælikvörðum á þessu sviði. Sem dæmi um mælingar sem lagðar voru

¹⁷⁵ Sama heimild, bls. 47.

¹⁷⁶ Sigrún Kjartansdóttir, „Vísbendingar um mat og skráningu þekkingarverðmæta“, bls. 79 - 80.

¹⁷⁷ Viðskipta- og iðnaðarráðuneytið o.fl.: „Mat á þekkingarverðmætum og útgáfa þekkingarskýrslu“, bls. 8.

¹⁷⁸ International Accounting Standards Board, *International Financial Reporting Standards*, bls. 79.

til um mannauðinn má nefna starfsmannaveiltu, meðaltal starfsaldurs, kynjaskiptingu og menntun starfsmanna. Mælikvarðar sem taldir voru lýsa skipulagsauði voru til dæmis fjárfesting í upplýsingakerfum, gæðakerfi, upplýsingar um afgreiðslu þjónustubeiðna og útgjöld til rannsókna og þróunar. Viðskiptaauðurinn var talinn mælanlegur meðal annars með upplýsingum um viðskiptatryggð, markaðshlutdeild, ánægju viðskiptamanna og umfjöllun um verkefni og starfsemi fyrirtækisins.¹⁷⁹ Hins vegar leiddi rannsókn sem gerð var á árinu 2003 til þeirrar niðurstöðu að fyrirtæki á íslenskum hlutabréfamarkaði væru ekki að upplýsa markaðinn um þekkingarverðmæti sín. Þekking á aðferðafræðinni væri ekki mikil og að þörf væri á breyttum aðferðum til að meta, skrá og upplýsa um þekkingarverðmæti þannig að rétt mynd og skilningur fengist af rekstri, stöðu og framtíðarmöguleikum fyrirtækja.¹⁸⁰ Segja má að ef upplýsingar um þekkingarverðmæti eiga að lýsa verðmætum með tölum frekar en orðum vanti staðla og samræmdar reglur til þess að lýsa verðmætunum. Slíkar reglur eru ekki til staðar og þess vegna verða þær upplýsingar sem veittar eru huglægar og lítt staðfestanlegar. Í samræmi við það eru slíkar upplýsingar oftast veittar í ársskýrslum íslenskra fyrirtækja en ekki í ársreikningum þeirra.¹⁸¹ Það sama má segja um hliðstæðar upplýsingar í ársskýrslum erlendra fyrirtækja og sem dæmi er ekki að sjá ummerki um þekkingarskýrslu í ársskýrslu Oldmutual Plc. fyrir árið 2008, en Skandia er nú hluti af þeirri fyrirtækjasamstæðu. Kaflinn um starfsmenn fyrirtækisins er á svipuðum nótum og hjá íslenskum fyrirtækjum.¹⁸²

Það er því niðurstaða höfundar að ekki hylli undir það að skýrslur um verðmæti þekkingar í fyrirtækjum verði hluti af ársreikningum þeirra. Erfiðleikarnir við að setja fram mat á einstökum þáttum þekkingarverðmæta eru meiri en svo að hægt sé að reikna með að fyrirtæki hafi burði til að setja fram slíkt mat. Ekki virðist mikill áhugi á að þróa samræmda mælikvarða til notkunar í þessu skyni og augljósir eru erfiðleikarnir við að setja fram óháða staðfestingu á verðmati af þessu tagi. Því má vera að auknar kröfur verði í framtíðinni gerðar um tilteknar upplýsingar um

¹⁷⁹ Viðskipta- og iðnaðarráðuneytið o.fl.: „Mat á þekkingarverðmætum og útgáfa þekkingarskýrslu“, bls. 10 - 19.

¹⁸⁰ Sigrún Kjartansdóttir, „Vísbendingar um mat og skráningu þekkingarverðmæta“, bls. 1.

¹⁸¹ Dæmi um þetta má finna í „Human Resources“ í ársskýrslu Marel Food Systems hf. fyrir árið 2009, aðgengileg á www.marel.com og „Mannauður“ í ársskýrslu Nýherja hf. fyrir árið 2009, aðgengileg á www.nyherji.is

¹⁸² Old Mutual: „Annual Report & Accounts 2008“, bls. 90. Aðgengileg á www.oldmutual.com

starfsmannamál í ársreikningum félaga en afar ólíklegt er að heildstætt mat á þekkingarverðmætum verði hluti ársreiknings þeirra í fyrirsjáanlegri framtíð. Hins vegar geta upplýsingar sem veittar eru í ársskýrslum um mannauðinn vissulega haft áhrif á þá mynd sem lesandinn mótar sér af fyrirtækinu og verðmæti þess.

5.3. Upplýsingar um samfélagslega ábyrgð.

Þau orð eru eignuð Milton Friedman að samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja felist í því að auka hagnað sinn innan þess ramma sem lög og reglur setja.¹⁸³ Þessi yfirlýsing fræðimanns frjálshyggjunnar undirstrikar þann skilning að starfsemi fyrirtækisins eigi að beinast að því að auka hag hluthafanna og allt starf stjórnenda eigi að miða að því. Talsmenn þessarar kenningar hafa réttlætt skoðun sína með því að háþöskun hagnaðar hluthafanna leiði um leið til háþöskunar hagnaðar samfélagsins þar sem eigendur sem einbeita sér að eigin hag muni um leið ná mestu mögulegri skilvirkni fyrir samfélagið.¹⁸⁴ Ekki eru þó allir sammála þessari fullyrðingu og strax á fjórða áratug síðustu aldar voru settar fram þær kenningar að líkt og einstaklingar þurfi að sinna borgaralegum skyldum sem miða ekki endilega að því að bæta fjárhagslega stöðu þeirra, verði fyrirtækin, lögpersónurnar, að einhverju leyti að ýta eigin hagsmunum til hliðar til þess að uppfylla skyldur sínar í samfélaginu.¹⁸⁵ Fyrirtækin þurfa þannig að taka tillit til fleiri hagsmunaaðila eða haghafa heldur en hluthafa sinna eingöngu. Taka þarf tillit til umhverfismála, jafnréttismála, sjálfbærni og siðferðissjónarmiða og má orða það þannig að stjórnendur þurfa að breyta áherslum sínum frá því að huga eingöngu að hagnaði og til þess að huga að mannkyninu, hnettinum og hagnaðinum (e. from profits to people, planet and profits).¹⁸⁶ En þótt stór alþjóðleg fyrirtæki sjái sér nú á dögum hag í því að flytja umhverfinu skilaboð um samfélagslega ábyrgð (e. Corporate Social Responsibility eða CSR) sína, hefur frumkvæðið ekki komið af eigin hvötum fyrirtækjanna eða stjórnenda þeirra. Þekkt eru þau áhrif sem almenn umræða um mengunaráhrif af starfsemi Shell í Nígeríu

¹⁸³ Miller, Brandon, „Corporate Social Responsibility: Was Milton Friedman Right?“. Aðgengilegt á: <http://www.associatedcontent.com>

¹⁸⁴ Campbell, Kevin og Vick, Douglas, „Disclosure law and the market for corporate social responsibility.“ Í McBarnet, Doreen, Voiculescu, Aurora og Campell, Tom (ritstj.), *The New Corporate Accountability*, bls. 246.

¹⁸⁵ Sama heimild bls. 248.

¹⁸⁶ McBarnet, Corporate social responsibility beyond law,“ bls. 9.

höfðu á viðskipti og hagnað fyrirtækisins og þau áhrif sem umræða um vinnubrælkun barna á vegum undirverktaka Nike höfðu á viðskipti fyrirtækisins. Það er því ofrausn að telja að fyrirtækin hafi að eigin frumkvæði sett sér reglur um samfélagslega ábyrgð. Slíkar reglur hafa verið settar undir verulegum utanaðkomandi þrýstingi frá hópum sem láta sig málið varða og hafa haft umtalsverð áhrif á viðskipti fyrirtækjanna og þar með hagnað. Með nútímatækni og upplýsingamiðlun er tryggt að vitneskja um andfélagslega framkomu stórfyrirtækja berst mjög hratt út og verður ekki falin.¹⁸⁷ Stjórnir og stjórnendur fyrirtækja gera sér grein fyrir því að orðspor fyrirtækisins er ein af mikilvægustu eignum þess og með því að viðhalda og bæta þá ímynd sem fyrirtækið hefur inn á við og út á við eru stjórnendur að vinna að hag hluthafanna.

Viðleitni fyrirtækjanna í þessa átt tekur á sig ýmsar myndir. Sem dæmi má nefna að ráðleggingar sérfræðinga í skattamálum hafa tekið breytingum vegna sjónarmiða um samfélagslega ábyrgð félaga. Þegar fjölpjöldleg fyrirtæki skipulögðu skattamál sín var sjónarmiðið oftast það að greiða sem lægsta skatta innan ramma laganna og skattasérfræðingum fyrirtækjanna falið að sjá um málið. Með breyttum viðhorfum verða æðstu stjórnendur félaganna að láta málin til sín taka því viðhorf almennings og hagsmunaaðila til skattahagræðingar geta haft veruleg áhrif á orðspor fyrirtækisins. Kröfur eru gerðar til þess að fyrirtækin borgi skatta af starfsemi sinni í þeim löndum sem henni er komið fyrir og ef það er ekki gert kunna viðskipti og hagnaður að tapast. Fyrirkomulag skattamála sem leiðir af sér skattgreiðslur sem eru ekki í algeru lágmarki kann þannig að leiða til hagkvæmari niðurstöðu fyrir fyrirtækið og þar með hagsmuni hluthafanna.¹⁸⁸ Ekki er fráleitt að bera þessi sjónarmið saman við þá umræðu sem hefur átt sér stað eftir bankahrunið hér á landi um notkun bankanna og annarra stórfyrirtækja á aflandsfélögum til lágmarka skattgreiðslur sínar. Óhætt er að segja að sú umræða hefur ekki vakið samúð almennings með fyrirtækjunum eða stjórnendum þeirra og þekktar eru áskoranir stjórnmalamanna til þessara aðila um að sýna samfélagslega ábyrgð og færa fjármuni hingað til lands. Sú kenning hefur verið sett fram að í gegnum tíðina hafi fyrirtæki verið sett á laggirnar á Íslandi ekki einungis vegna hagnaðarvonar eigendanna, heldur einnig af undirliggjandi hugsjón og skilningi á þörfum og

¹⁸⁷ Sama heimild bls. 12 – 16.

¹⁸⁸ „Tax in the Boardroom: A Discussion Paper“, KPMG LLP (UK), London, 2004, bls. 6 – 7.

tækifærum til að gera samfélaginu og íbúum þess gagn. Þegar gróðahyggjan varð hins vegar samfélagslegu ábyrgðinni yfirsterkari var eins og fyrirtækin yrðu hugmyndafræðilega og fjárhagslega gjaldprotá.¹⁸⁹ Í viðauka við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem fjallar um siðferði og starfshætti í tengslum við fall bankanna er komist að þeirri niðurstöðu að bankarnir hafi verið nánast samtaka um að blekkja viðskiptavinum sína í viðskiptum. Sjónarmið skammtímahagnaðar hafi ráðið ferðinni og bankarnir þannig brugðist þeirri samfélagslegu ábyrgð sem sprettur af starfsemi þeirra og viðskiptamennirnir sitja margir hverjir eftir með sárt ennið.¹⁹⁰ Hugmyndir bankanna um samfélagslega ábyrgð fólust að mestu í styrkjum sem þeir létu renna til góðgerðarsamtaka, íþróttastarfs, menningarlífs og menntastofnana. Hin dýpri ábyrgð þeirra gagnvart samfélaginu var hins vegar vanrækt enda er meginforsenda hennar að fjármálafyrirtæki búi við heilsteypta fagmennsku, öflugt innra aðhald og eftirlit.¹⁹¹

Ekki eru mörg dæmi um lagasetningu hér á landi sem skyldar félög til að veita upplýsingar um samfélagslega ábyrgð. Áður hefur verið minnst á skyldu stjórnna sem skilgreind er í 5. tl. 1. mgr. 66. gr. laga um ársreikninga um að fjalla um mikilvægar vísbendingar um ófjárhagslegan árangur og eru þar sérstaklega tíundaðar upplýsingar um umhverfismál, starfsmannamál og þekkingarforða. Líkt og áður var sagt um upplýsingar um mannauð er almennt ekki að finna miklar upplýsingar aðrar en fjárhaglegar í skýrslum stjórnna í ársreikningum íslenskra fyrirtækja umfram það sem lögboðið er eða áskilið í reglum Kauphallarinnar. Hins vegar eru í sumum ársskýrslum þessara félaga kaflar þar sem fjallað er um samfélagslega ábyrgð þeirra.¹⁹² Á hinn bóginn er til staðar dæmi um skyldu fyrirtækja til að veita upplýsingar um umhverfismál í svokallaðri skýrslu um grænt bókhald sem starfsleyfisskyld fyrirtæki hafa þurft að skila til Umhverfisstofnunar frá árinu 2003. Var reglugerð um þetta bókhald sett á árinu 2002 samkvæmt heimild í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998¹⁹³ og er hún því eldri en sú tilskipun (51/2003/ESB) sem ákvæði 66. greinar ársreikningalaganna byggist á. Upplýsingar

¹⁸⁹ Þorkell Sigurlaugsson, *Ný framtíðarsýn*, bls. 44.

¹⁹⁰ Rannsóknarnefnd Alþingis, *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008*, 8. bindi, bls. 67.

¹⁹¹ Sama heimild bls. 188.

¹⁹² Dæmi um þetta er kaflinn „Nýherji í samfélaginu“ í ársskýrslu Nýherja hf. fyrir árið 2009.

Aðgengileg á www.nyherji.is

¹⁹³ Reglugerð nr. 851, frá 25. nóvember 2002, um grænt bókhald.

sem veittar skulu í skýrslunni eru um meginnotkun fyrirtækjanna á hráefnum, orku, jarðhitavatni og köldu vatni á viðkomandi tímabili, ásamt helstu tegundum og magni efna sem valda mengun. Samkvæmt reglugerðinni skal stjórn viðkomandi félags staðfesta þær upplýsingar sem fram koma í skýrslunni og jafnframt skal skýrslan endurskoðuð „...á sambærilegan hátt og fjárhagsbókhald fyrirtækja.“ eins og segir í reglugerðinni.¹⁹⁴ Innsendar skýrslur um grænt bókhald eru birtar á vef Umhverfisstofnunar og hafa borist 38 skýrslur um grænt bókhald fyrir árið 2008.¹⁹⁵

Fá dæmi eru um lagasetningu í Evrópu um upplýsingaskyldu fyrirtækja um samfélagslega ábyrgð. Þó hefur skráðum félögum í Frakklandi borið skylda til þess, allt frá árinu 2001, að skila með ársskýrslum sínum skýrslu um það sem kallað er samfélagslegar afleiðingar af starfsemi fyrirtækisins. Þar ber fyrirtækjunum að gefa magnkenndar og eigindalegar (e. qualitative) upplýsingar um ýmis atriði sem skilgreind eru í reglugerð. Nær slík upplýsingagjöf ekki einungis til starfsemi félaganna í Frakklandi heldur ber þeim líka skylda til að upplýsa um starfsemi erlendra dótturfélaga sinn, meðal annars um hvernig þau fylgja sáttmálum alþjóðlegu vinnumálastofnunarinnar (ILO) gagnvart starfsmönnum sínum og verktökum.¹⁹⁶ En þótt löggjafinn hafi ekki víða sett skyldu á fyrirtæki að birta upplýsingar um samfélagslega ábyrgð eru dæmi um að lagasetning hafi með óbeinum hætti komið slíkum kvöðum á fyrirtæki. Þannig voru sett lög í Bretlandi á árinu 2000 sem skylduðu lífeyrissjóði til að gefa yfirlýsingu um hvort þeir tækju tillit til umhverfislegra, samfélagslegra og siðferðislegra þátta við fjárfestingarákvarðanir sínar. Enda þótt engin lagaskylda væri á sjóðunum að taka tillit til þessara þátta hafði þetta þau fyrirsjáanlegu áhrif að lífeyrissjóðirnir fóru að taka tillit til þeirra í fjárfestingum sínum, því augsýnilega var það ekki þeim í hag að lýsa því yfir að ekki væri tekið tillit til slíkra þátta. Um leið varð þetta til þess að þau fyrirtæki sem sóttust eftir fjármagni lífeyrissjóðanna urðu að veita slíkar upplýsingar.¹⁹⁷ Kannanir leiddu í ljós að fjárfesting sem byggðist á þessum sjónarmiðum (e. Socially Responsible Investment)

¹⁹⁴ Hér kemur fram misskilningur í hugtakanotkun, því það er ársreikningur fyrirtækja sem er endurskoðaður en ekki fjárhagsbókhaldið sem slíkt.

¹⁹⁵ Grænt bókhald fyrirtækja sbr. reglugerð nr. 851/2002. Aðgengilegt á; www.ust.is.

¹⁹⁶ Voiculescu, Aurora, „The other European framework for corporate social responsibility: from the Green Paper to new uses of human rights instruments“. Í McBarnet, Doreen, Voiculescu, Aurora og Campell, Tom (ritstj.), *The New Corporate Accountability*, bls. 376.

¹⁹⁷ McBarnet, „Corporate social responsibility beyond law,“ bls. 32 - 33.

tífaldaðist frá árinu 1999 til ársins 2001 í Bretlandi.¹⁹⁸ Hér á landi má finna hliðstæðar kröfur sem lífeyrissjóðir gera til útgefanda þeirra verðbréfa sem sjóðirnir fjárfesta í. Sem dæmi má nefna að í yfirlýsingu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga segir að sjóðirnir geri kröfu til þess að útgefendur verðbréfa sem þeir fjárfesta í sýni ábyrgð gagnvart samfélagslegum gildum og umhverfinu og beiti jafnframt góðum stjórnunarháttum, hluthöfum og öðrum til hagsbóta.¹⁹⁹ Samkvæmt yfirlýsingunni gildir þessi stefna sjóðanna frá og með árinu 2007 og þar segir að sjóðirnir fylgi kröfum sínum eftir með samskiptum og samvinnu við útgefendur verðbréfa. Í ársskýrslum sjóðanna fyrir árin 2007 og 2008 er hins vegar ekki fjallað nánar um framkvæmd þessara reglna.²⁰⁰ Þá má nefna að í júní 2009 kynnti Alpýðusamband Íslands hugmyndir sínar um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar lífeyrissjóðanna og má reikna með að þær hafi áhrif á starfsreglur lífeyrissjóða þar sem verkalýðshreyfingin hefur að jafnaði helmingshlutdeild í lífeyrissjóðum umbjóðenda sinna.²⁰¹

Á verðbréfamörkuðum hafa félög sem þykja uppfylla samfélagslegar skyldur sínar verið aðgreind með ýmsum hætti. Í Bretlandi hefur allt frá árinu 2001 verið mæld vísitala sem nefnd er FTSE4Good, sem notar mælikvarða sem byggjast á samfélagslegum gildum. Í Bandaríkjunum hefur Dow Jones skráð vísitölu sem kalla má sjálfbærnivísitölu (e. Sustainability Index).²⁰² Þótt þessar vísitölur hafi ekki sýnt að fyrirtæki sem þau mæla nái betri árangri á verðbréfamarkaði en önnur, hafa kannanir sýnt að samfélagsmiðuð fyrirtæki (e. stakeholder oriented companies) sem leggja áherslu á hag fleiri aðila en hluthafa, eru oft verðmætari en önnur fyrirtæki á markaði. Verðlagning vöru þeirra og þjónustu er oft hærrí en afköst minni væntanlega vegna áherslu á góðar aðstæður starfsmanna varðandi öryggismál og fjölskyldumál auk áherslu á gæði og vönduð vinnubrögð. Þá hefur komið fram umtalsverður munur á viðhorfum stjórnenda milli landa þar sem Japan, Þýskaland og Frakkland eru dæmi um lönd þar sem fyrirtæki eru samfélagsmiðuð en fyrirtæki í

¹⁹⁸ Campbell og Vick, „Disclosure law and the market for corporate social responsibility,“ bls. 260.

¹⁹⁹ *Yfirlýsing LSR og LH til verðbréfaútgefenda um kröfur þeirra varðandi ávöxtun, samfélagsleg gildi, umhverfi og góða stjórnunarhætti.* Aðgengileg á: www.lsr.is.

²⁰⁰ Ársskýrslur LSR og LH fyrir árin 2007 og 2008. Aðgengilegar á: www.lsr.is.

²⁰¹ *Samfélagslega ábyrgar fjárfestingar lífeyrissjóðanna.* Aðgengilegt á: www.asi.is.

²⁰² McBarnet, *Corporate social responsibility beyond law,*“ bls. 18.

Bretlandi og Bandaríkjunum eru yfirleitt hluthafamiðuð.²⁰³ Evrópusambandið hefur ekki gefið út tilskipanir eða reglugerðir sem skylda fyrirtæki til að gefa upplýsingar um samfélagslega ábyrgð. Hins vegar hefur efnahags og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna (e. European Economic and Social Committee) gefið út álit um efnið. Þar er lagt til að þessar upplýsingar verði valkvæðar en lögð áhersla á að þeir aðilar sem stjórna fjárfestingum stofnanafjárfesta eða gefa ráð um þau noti viðurkennda mælikvarða til að meta frammistöðu fyrirtækja að þessu leyti. Þá er einnig lögð áhersla á að jafnframt því að velja að framfylgja samfélagslegum markmiðum sínum verði fyrirtæki að halda uppi samskiptum við haghafana og sýna þannig í verki að hugur fylgi máli.²⁰⁴

Sem fyrr segir hafa íslenskir lífeyrissjóðir í einhverjum tilfellum sett sér reglur varðandi fjárfestingar og áhrif samfélagslegrar ábyrgðar útgefenda verðbréfa á ákvarðanir um þær. Ekki finnast þó dæmi um að vísað sé til slíkra viðhorfa í tilteknum fjárfestingum. Þegar horft er til þess tjóns sem lífeyrissjóðirnir urðu fyrir vegna tapaðra fjárfestinga í hlutabréfum og skuldabréfum banka og annarra fyrirtækja á íslenskum verðbréfamarkaði í framhaldi af bankahruninu, hlýtur sú spurning að vakna hvernig lífeyrissjóðirnir muni standa að fjárfestingum sínum í framtíðinni. Nú um stundir er ljóst að slíkar fjárfestingar eru nánast engar. Hins vegar hafa lífeyrissjóðirnir stofnað samlagshlutafélagið Framtakssjóð Íslands (FSÍ), sem ætlað er að taka þátt í og móta fjárhagslega og rekstrarlega endurreisn íslensks atvinnulífs í kjölfar falls fjármálakerfisins. Í fjárfestingastefnu félagsins er tekið fram að það muni leggja áherslu á að gegna hlutverki sínu sem fjárfestir með ábyrgum hætti og leggja í því sambandi til grundvallar mikilvæg samfélagsleg gildi. Þá kemur fram að FSÍ muni horfa til reglna ASÍ um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar, sem áður var minnst á.²⁰⁵ Einnig hefur komið fram að landssamtök lífeyrissjóða skipuðu starfshóp til að yfirfara fjárfestingar lífeyrissjóða fyrir hrun og læra af reynslunni. Var hópnunum ætlað að gera tillögur fyrir sjóðina um úrbætur að fenginni reynslu og jafnframt að leggja fram tillögur um fyrirkomulag verðbréfamarkaðar til framtíðar.²⁰⁶

²⁰³ Þorkell Sigurlaugsson, *Ný framtíðarsýn*, bls. 83 - 84.

²⁰⁴ Official Journal C 286/04, 17/11/2005, bls. 12 – 19. Opinion of the European Economic and Social Committee on Information and measurement instruments for corporate social responsibility (CSR) in a globalised economy.

²⁰⁵ Framtakssjóður Íslands slhf. *Skilmálar fyrir fjárfestingafélag*. Aðgengilegir á www.ii.is.

²⁰⁶ Gunnar Baldvinsson, „Lífeyrissjóðir og skráð verðbréf“. *Morgunblaðið*, 13. mars 2010, bls. 28.

Starfshópurinn skilaði skýrslu sinni í lok mars 2010. Niðurstöður hans snúast að mestu um úrbætur varðandi upplýsingagjöf, skráningu verðbréfa og aukna samvinnu lífeyrissjóðanna. Þó er tekið fram í samantekt skýrslunnar að stuðla þurfi að bættum stjórnarháttum fyrirtækja og standa vörð um hagsmuni smárra hluthafa. Ekki er hins vegar minnst á hugsanlegt mat lífeyrissjóðanna á samfélagslegri ábyrgð útgefenda skuldabréfa og hlutabréfa.²⁰⁷

Enginn veit enn hvernig takast mun til um endurreisn verðbréfamarkaðar á Íslandi. Það er hins vegar ljóst að áföll af þeirri stærðargráðu sem þjóðfélagið hefur orðið fyrir munu kalla á meiri kröfur um upplýsingar frá stjórnnum og stjórnendum fyrirtækja. Þótt viðra megi efasemdir um gildi samfélagslegra upplýsinga í þjóðfélagi af okkar stærðargráðu, er engin vafi að sú umræða sem átt hefur sér stað um siðferði í viðskiptum mun ýta undir að fyrirtæki geri grein fyrir frammistöðu sinni á samfélagslegum vettvangi í framtíðinni. Þótt nýjar kröfur um slíkt hafi ekki litið dagsins ljós í lögum eða lagafrumvörpum er ljóst að áhrifamestu fjárfestar á íslenskum markaði eru farnir að láta sig málið varða og munu væntanlega gera kröfur til fyrirtækja um meiri upplýsingagjöf á komandi árum.

²⁰⁷ Landssamtök lífeyrissjóða, „Lærdómur lífeyrissjóða af hruninu 2008 – 2009“. 26. mars 2010. Aðgengileg á www.ll.is

6. Samantekt og niðurstöður.

Hér að framan hefur verið lýst þeim ákvæðum laga og annarra reglna sem fjalla um skyldur stjórnna, stjórnenda og endurskoðenda til að veita hluthöfum og öðrum haghöfum upplýsingar. Farið hefur verið yfir þær reglur sem gilda um öll félög sem lúta reglum ársreikningalaga og hlutafélagalaga og einnig skoðuð þau sértæku ákvæði sem gilda um einingar tengdar almannahagsmunum. Sérstaklega var fjallað um stöðu endurskoðenda í þessu ljósi og meðal annars þau álitamál sem vaknað geta um mörk þagnarskyldu þeirra og upplýsingaskyldu. Þá voru teknir til skoðunar nokkrir dómur þar sem reynt hefur á refsíabýrgð vegna brota á ákvæðum laga um upplýsingaskyldu. Loks var fjallað um nýjungar í upplýsingagjöf fyrirtækja og breytingar í kjölfar áfalla, bæði erlendis og hér á landi.

Á undanförnum tveimur áratugum hafa orðið verulegar breytingar hér á landi á þeim lögum sem lýsa upplýsingaskyldum fyrirtækja og annarra, ekki síst fyrir aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu. Almennt eru gerðar meiri kröfur til upplýsingagjafar en áður og eftirlit með fyrirtækjum og rekstri þeirra hefur verið aukið. Sú staðreynd að ekki er mörgum dómum um þetta efni til að dreifa á síðustu áratugum bendir til þess að annaðhvort sé upplýsingagjöfin í lagi eða eftirlit og eftirfylgni með því að reglunum sé fylgt séu slök. Af dómum sem fjalla um upplýsingagjöf og meint brot á þeim reglum sem um hana gilda verður að draga þá ályktun að sönnun sektar og þá sérstaklega varðandi ásetning er erfið. Stærstu málin á þessu sviði hafa verið afar þung í meðförum og formsatriðin í málarekstrinum hafa oftlega orðið meira áberandi en efnisleg umfjöllun um ákæruatriðin. Á komandi misserum er nokkuð ljóst að mjög umfangsmikil mál munu koma fyrir dóm og er mikilvægt að ákærvaldið noti þann lærdóm sem draga má af meðferð flóknari mála á undanförunum árum til að ganga betur til verks og komast þannig nær efnisatriðum málanna.

Á undanförunum misserum og árum hefur umræða og áhugi almennings á hag og stöðu fyrirtækja farið vaxandi og aðgangur almennings að upplýsingum hefur margfaldast. Á árunum fyrir 2008 beindist áhugi almennings einkum að síbatnandi afkomu fyrirtækja á markaði og hækkandi gengi hlutabréfa þeirra á sama tíma. Eftir hrun bankanna hefur áhuginn beinst í þá átt að draga fram hugsanlegar skýringar á því sem miður fór og orsakaði hrun bankanna og fall annarra fyrirtækja. Þótt fagna

megi aukinni upplýsingagjöf og áhuga almennings á rekstri fyrirtækja er ljóst að margt í þeirri umræðu sem átt hefur stað byggist á vanþekkingu og misskilningi. Þótt allir aðilar, stjórnir, stjórnendur og endurskoðendur verði að standa skil á verkum sínum verður að gera þá kröfu að réttir aðilar rannsaki athugunarverð atriði á heiðarlegan hátt og dragi ekki ályktanir sem byggja á atburðum sem síðar urðu. Í framhaldi af því kemur að hlutverki dómstóla sem komast munu að niðurstöðu um sekt manna eða sakleysi og til þeirra verður einnig að gera þá kröfu að hegðun manna á tilteknum tíma verði ekki dæmd af atburðum sem áttu sér stað seinna.

Þeirri spurningu var varpað upp í inngangi ritgerðar þessarar hvort breytinga sé þörf á ákvæðum laga og reglna um upplýsingaskyldur stjórnar, stjórnenda og endurskoðenda í ljósi atburða síðustu ára hér á landi. Eins og rakið hefur verið hafa nú þegar orðið breytingar á lögum og frumvörp til breytinga á lögum hafa komið fram sem rekja má til hruns bankanna og fleiri breytingar hafa verið boðaðar. Ýmsar þessara breytinga snúa að upplýsingaflæði milli hlutafélaga og hluthafa annars vegar og upplýsingaflæði milli hlutafélaga, einkum fjármálastofnana, og eftirlitsaðila hins vegar. Á hinn bóginn hefur því ekki verið haldið fram að orsaka hrunsins sé að leita í gölluðu regluverki um upplýsingagjöf. Ástæðanna er miklu frekar að leita í hegðun manna bæði þeirra sem stýrðu bönkunum og annarra. Í viðauka við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er því lýst þannig að „... segja má að sá hópur sem stýrði bönkunum hafi fallið í nánast allar þær freistingar sem á vegi hans urðu.“²⁰⁸

Ef þessu má draga þá ályktun að breytinga sé helst þörf á því siðferði sem ríkt hefur í rekstri fyrirtækja á undanförunum árum. Bætt siðferði stjórnenda og raunveruleg samfélagsleg ábyrgð stjórnenda og fyrirtækjanna í heild er því það markmið sem setja verður. Í því sambandi verður að horfa til þess hvort hægt sé að tryggja slíka hegðun með lagasetningu. Áður hefur verið bent á að þegar brotavilji stjórnenda er einbeittur geta engar reglur í lögum eða starfsreglum eða viðamiklar skyldur viðkomandi til upplýsingagjafar komið í veg fyrir áföll þótt vissulega megi minnka líkurnar á að sviksamleg hegðun viðgangist. Hins vegar er líka ljóst að til þess að áföll í líkingu við bankahrunið endurtaki sig ekki þarf afstaða haghafanna að breytast og gagnrýnið aðhald þeirra að stjórnendum og fyrirtækjum að aukast. Krafa

²⁰⁸ Rannsóknarnefnd Alþingis, *Aðdragandi og orsakir falls Íslensku bankanna 2008*, 8. bindi, bls. 47.

samfélagsins í heild verður að vera sú að fyrirtækjarekstur verði samfélagslega ábyrgur og stjórnendur verða að finna til þess að án slíkrar hegðunar náist ekki sá árangur sem stefna ber að. Að vissu marki geta lög og reglur leitt menn í rétta átt en þær mega sín lítils ef hugarfar og siðferði mannanna er ekki í lagi.

7. Heimildaskrá.

Aðalsteinn E. Jónasson, *Viðskipti með fjármálagerninga*, Reykjavík 2009.

Alþingistíðindi, A-deild, 1977 - 1978.

Alþingistíðindi, A-deild, 1988 - 1989.

Árni Árnason, „Hagsagan“. *Morgunblaðið*, 15. nóvember 2008.

Áslaug Björgvinsdóttir, „Málfrelsi hluthafa á hluthafafundum“, *Útljótur* 2007 (1) bls. 175 - 181.

Björn E. Árnason, „Fyrstu ár endurskoðunar og menntamálin“. Í *Afmælisriti Félags löggiltra endurskoðenda*, Reykjavík 1995, bls. 45 - 52.

Brefaskipti í vörslu höfundar vegna málareksturs skattrannsóknarstjóra gegn Símoni Á. Gunnarssyni á árinu 2002.

Cadbury, Adrian, *Report of the Committee on the Financial Aspects of Corporate Governance*, London 1992.

Campbell, Kevin og Vick, Douglas, „Disclosure law and the market for corporate social responsibility,“ Í McBarnet, Doreen, Voiculescu, Aurora og Campell, Tom (ritstj.), *The New Corporate Accountability, Corporate Social Responsibility and the Law*, Cambridge, 2007, bls. 241 - 278.

Clarke, Thomas, *International Corporate Governance: A Comparative Approach*, Oxon Englandi, 2007.

Coffee, John, *Gatekeepers*, New York, 2006.

Félag löggiltra endurskoðenda, *Síðareglur fyrir endurskoðendur*, Reykjavík, 2009. Aðgengilegar á www.fle.is

Framtakssjóður Íslands slhf. *Skilmálar fyrir fjárfestingafélag*. Aðgengilegir á www.ii.is

Frumvarp til laga um ársreikninga, þskj. 73, 73. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/118/s/0073.html> [sótt á vefinn 13. 02. 2010]

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum, þskj. 1064, 685. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/126/s/1064.html> [sótt á vefinn 19.02.2010].

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 144/1994 um ársreikninga, með síðari breytingum, þskj. 734, 480. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/131/s/0734.html> [sótt á vefinn 13.02.2010]

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, þskj. 317, 302. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/133/s/0317.html> [sótt á vefinn 19.02.2010].

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, þskj. 249, 230. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/135/s/0249.html> [sótt á vefinn 13.02.2010]

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, þskj. 828, 527. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/135/s/0828.html> [sótt á vefinn 20.02.2010].

Frumvarp til laga um endurskoðendur, þskj. 261, 214. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/121/s/0261.html> [sótt á vefinn 27.02.2010].

Frumvarp til laga um endurskoðendur, þskj. 827, 526. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/135/s/0827.html> [sótt á vefinn 20.02.2010]

Frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum, þskj. 614, 343. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0614.html> [sótt á vefinn 28.01.2010].

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum, þskj. 666, 444. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/132/s/0666.html> [sótt á vefinn 27.02.2010]

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (réttindi hluthafa), þskj. 70, 70. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0070.html> [sótt á vefinn 06.03.2010].

Frumvarp til laga um breytingu á lögum hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn), þskj. 71, 71. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0071.html> [sótt á vefinn 06.03.2010].

Frumvarp til laga um breytingu á lögum hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn), þskj. 465, 71. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0465.html> [sótt á vefinn 28.01.2010].

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (minnihlutavernd o.fl.), þskj. 960, 569. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0960.html> [sótt á vefinn 11.05.2010].

Frumvarp til laga um kauphallir, þskj. 8, 8. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/134/s/0008.html> [sótt á vefinn 21.02.2010]

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, þskj. 618, 366. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/136/s/0618.html> [sótt á vefinn 28.02.2010]

Frumvarp til laga um verðbréfiðskipti, þskj. 7, 7. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/134/s/0007.html> [sótt á vefinn 21.02.2010].

Grænt bókhald fyrirtækja sbr. reglugerð nr. 851/2002. Aðgengilegt á: www.ust.is

Gunnar Sturluson hrl. og Símon Á. Gunnarsson endurskoðandi, bréf til stjórnar hlutafélags, 29. 04. 2004. Trúnaðarskjal í vörslu höfundar.

Gunnar Baldvinsson, „Lífeyrissjóðir og skráð verðbréf“. *Morgunblaðið*, 13. mars 2010.

Hansmann, Henry, og Kraakman, Reiner, „Agency Problems and Legal Strategies“. Í Kraakman, Reinier, et.al., *The Anatomy of Corporate Law, A Comparative and Functional Approach*, New York 2004, bls. 21 – 31.

International Accounting Standards Board, *International Financial Reporting Standards (IFRSs) including International Accounting Standards (IASs) and Interpretations as approved at 1 January 2008*, London, 2008.

Jóhannes Sigurðsson, „Upplýsingaskylda um mikilvæg atvik og ákvarðanir“. *Útlifjótur* 2003 (1), bls. 5 - 29.

Krafa hluthafa um hluthafafund, 15. 04. 2004. Trúnaðarskjal í vörslu höfundar.

Landssamtök lífeyrissjóða, „Lærdómur lífeyrissjóða af hruninu 2008 – 2009“. 26. mars 2010. Aðgengilegt á www.ll.is

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga. Ársskýrslur fyrir árin 2007 og 2008. Aðgengilegar á www.lsr.is.

McBarnet, Doreen, „Corporate social responsibility beyond the law, through the law, for law: the new corporate accountability“. Í McBarnet, Doreen, Voiculescu, Aurora og Campell, Tom (ritstj.), *The New Corporate Accountability, Corporate Social Responsibility and the Law*, Cambridge, 2007, bls. 9 - 56.

Marel Food Systems hf. Ársskýrsla fyrir árið 2009. Aðgengilegt á www.marel.com.

Miller, Brandon, „Corporate Social Responsibility: Was Milton Friedman Right?“. Aðgengilegt á: <http://www.associatedcontent.com>.

Morgunblaðið 1. júlí 2005.

Morgunblaðið 2. nóvember 2005.

Morgunblaðið 22. mars 2006.

Morgunblaðið 20. júlí 2006.

Morgunblaðið 6. júní 2009.

NYSE Euronext Corporate Timeline. Aðgengileg á <http://www.nyse.com>.

Nýherji hf. Ársskýrslur fyrir árin 2004, 2005 og 2009. Aðgengilegar á www.nyherji.is.

Old Mutual: „Annual Report & Accounts 2008. Aðgengileg á www.oldmutual.com.

Rannsóknarnefnd Alþingis samkvæmt lögum nr. 142/2008 um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna og tendra atburða: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*, Reykjavík 2010.

Samfélagslega ábyrgar fjárfestingar lífeyrissjóðanna. Aðgengilegt á: www.asi.is.

Samtal höfundar við Jón S. Helgason endurskoðanda þann 12. mars 2010.

Sigrún Kjartansdóttir, „Vísbendingar um mat og skráningu þekkingarverðmæta hjá fyrirtækjum á íslenskum hlutabréfamarkaði“, MS ritgerð við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, 2004.

Skandia, „Human Capital in Transformation“, skýrsla með ársskýrslu félagsins 1997. Aðgengileg á www.skandia.com.

Skúli Eggert Þórðarson, „Ákvæði 94. gr. tekjuskattslaga um upplýsingaskyldu – nokkur dómafordæmi“. Í *Afmælisrit. Jónatan Þórmundsson sjötugur, 19. desember 2007*, Reykjavík 2007, bls. 471 - 492.

Solomon, Jill, *Corporate Governance and Accountability*, 2. útgáfa, Chichester Englandi, 2007.

Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir*, Reykjavík 2003.

Stefán Svavarsson, „Enginn sá kerfishrunið fyrir“. Í *Nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi – vaxtarsprotar endurreisnar*, Reykjavík 2010, bls. 46 - 48.

Stefán Svavarsson, „Hvenær má greiða arð?“. *Morgunblaðið*, 27. ágúst 2009.

Stefán Svavarsson, „Um þróun reikningsskila fyrirtækja“. Í *Afmælisriti Félags löggiltra endurskoðenda*, Reykjavík, 1995, bls. 76 – 97.

Svar Ragnars Hafliðasonar, aðstoðarforstjóra Fjármálaeftirlitsins, í tölvupósti 10. mars 2010 við fyrirspurn höfundar 4. mars 2010.

„Tax in the Boardroom: A Discussion Paper“, KPMG LLP (UK), London, 2004.

Tricker, Bob, *Corporate Governance, Principles, policies and practices*, New York, 2009.

Upplýsingar um vanskil félaga á ársreikningum 2008 á vef ríkisskattstjóra, slóð: <http://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/arsreikn/vanskil/2008> [sótt á vefinn 19.02.2010].

Upplýsingar um „Félög með alþjóðlega reikningsskilastaðla“ á vef ríkisskattstjóra, slóð: <http://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/arsreikn/felog/2008> [sótt á vefinn 20.02.2010]

Viðamiklar breytingar boðaðar á regluverki um hlutafélög og fjármálamarkað, fréttatilkynning Efnahags- og viðskiptaráðuneytisins 8.12.2009, aðgengileg á www.efnahagsraduneyti.is

Viðskipta- og iðnaðarráðuneytið, Stýrihópur NORDIKA Ísland, RANNÍS, Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands og Stjórnvísir: „*Mat á þekkingarverðmætum og útgáfa þekkingarskýrslu*“, Reykjavík 2003.

Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins: „*Stjórnarhættir fyrirtækja, leiðbeiningar*“ 3. útgáfa, júní 2009. Aðgengilegt á: <http://www.vi.is>

Voiculescu, Aurora, „The other European framework for corporate social responsibility: from the Green Paper to new uses of human rights instruments“. Í McBarnet, Doreen, Voiculescu, Aurora og Campell, Tom (ritstj.), *The New Corporate Accountability, Corporate Social Responsibility and the Law, Cambridge, 2007* bls. 365 - 396.

Yfirlýsing LSR og LH til verðbréfaútgefenda um kröfur þeirra varðandi ávöxtun, samfélagsleg gildi, umhverfi og góða stjórnunarhætti. Aðgengileg á: www.lsr.is.

Þorkell Sigurlaugsson, *Ný framtíðarsýn: Nýir stjórnarhættir við endurreisn efnahagslífsins.* Reykjavík 2009.

8. Lög og reglugerðir.

8.1. Íslensk lög.

Lög um hlutafélög nr. 77/1921.

Lög um löggilta endurskoðendur nr. 9/1926.

Almenn hegningarlög nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Lög um löggilta endurskoðendur nr. 80/1953.

Lög um Seðlabanka Íslands nr. 10/1961.

Lög um bókhald nr. 51/1968.

Lög um löggilta endurskoðendur nr. 67/1976.

Lög um hlutafélög nr. 32/1978, með síðari breytingum.

Lög um verðbréfamíðlun nr. 27/1986.

Lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1988, með síðari breytingum.

Stjórnsýslulög nr. 37/1993, með síðari breytingum.

Lög um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994, með síðari breytingum.

Lög um einkahlutafélög nr. 138/1994, með síðari breytingum.

Lög um ársreikninga nr. 144/1994, með síðari breytingum.

Lög um hlutafélög nr. 2/1995, með síðari breytingum.

Lög um endurskoðendur nr. 18/1997.

Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, með síðari breytingum.

Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Lög um tekjuskatt nr. 90/2003, með síðari breytingum.

Lög um ársreikninga nr. 3/2006, með síðari breytingum.

Lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64/2006, með síðari breytingum.

Lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, með síðari breytingum.

Lög um kauphallir nr. 110/2007.

Lög um endurskoðendur nr. 79/2008.

Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Lög um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna og tengdra atburða nr. 142/2008.

8.2. Íslenskar reglugerðir.

Reglugerð nr. 613/1996 um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga með áorðnum breytingum.

Reglur nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða með áorðnum breytingum.

Reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.

Reglur nr. 834/2003 um reikningsskil lánastofnana.

8.3. Tilskipanir og reglugerðir Evrópusambandsins og SEC.

Commission Regulation (EC) No 1606/2002 of 19 July 2002 on the application of international accounting standards.

Directive 2006/43/EC of the European Parliament and of the Council of 17 May 2006 on statutory audits of annual accounts and consolidated accounts, amending Council Directives 78/660/EEC and 83/349/EEC and repealing Council Directive 84/253/EEC.

First Council Directive 68/151/EEC of 9 March 1968 on co-ordination of safeguards which, for the protection of the interests of members and others, are required by Member States of companies within the meaning of the second paragraph of Article 58 of the Treaty, with a view to making such safeguards equivalent throughout the Community.

Fourth Council Directive 78/660/EEC of 25 July 1978 based on Article 54 (3) (g) of the Treaty on the annual accounts of certain types of companies

Opinion of the European Economic and Social Committee on Information and measurement instruments for corporate social responsibility (CSR) in a globalised economy.

Securities and Exchange Commission, Final Rule: Management's Reports on Internal Control Over Financial Reporting and Certification of Disclosure in Exchange Act Periodic Reports.

9. Dómaskrá.

9.1. Hæstaréttardómar.

Hrd. 1991.936 (Hafskip hf.)

Hrd. 1992.1101 (Ávöxtun sf.)

Hrd. 1996.1199 (Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins)

Hrd. 2001.2666 (Lyfjaverslun Íslands hf.)

Hrd. 181/2006 (Baugur hf. 1)

Hrd. 385/2007 (Baugur hf. 2)

Hrd. 151/2008 (Atorka Group hf.)

Hrd. 228/2009 (Vilhjálmur Bjarnason gegn stjórnarmönnum Glitnis hf.)

Hrd. 408/2009 (Skilanefnd SPRON)

Hrd. 758/2009 (Vilhjálmur Bjarnason gegn Glitni hf.)

9.2. Héraðsdómar.

Héraðsdómur Reykjavíkur, E-2507/2000.

Héraðsdómur Reykjavíkur, R-263/2002.

Héraðsdómur Reykjavíkur, E-6970/2009.